SYSTURNAR SIGRÚN OG ÚLFHILDUR
*Gefa fullorðnum góð ráð við jólastressinu*
• jólin koma
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



KIRKJAN
*Gleði, von og hátíðleiki ríkir um alla byggð*
Sérblaðið Kirkjan
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
24. desember 2009 — 304. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Syngur Ó helga nótt

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn syngur einsöng í Grensáskirkju í sjöunda sinn.
FÓLK 38

### Úr útgerð í húsasmíði

Sigmundur G. Sigurðsson, fyrrverandi útgerðarmaður á Akranesi, útskrifaðist nýlega úr húsasmíði.
TÍMAMÓT 22

### Bjarnfreðarson fær fjórar stjörnur



Bjarnfreðarson er meinfyndið og melódramatískt verk.
DÓMUR 26

## FYLGIR Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**Stormur á Vestfjörðum** Í dag hvessir vestanlands og horfur eru á stormi á Vestfjörðum síðdegis. Annars staðar verða norðaustan 7-12 m/s. Horfur eru á snjókomu eða éljum víða en björtu veðri syðra.
VEÐUR 4




**FARA JÓLIN EKKI AÐ KOMA?** Þær Heba Sól og Hekla Fönn bíða jólanna með mikilli eftirvæntingu eins og önnur börn. Í gærkvöldi skyggndust þær út um gluggann eftir Kertasníki og pokanum hans og vonuðu eflaust að pokinn væri troðfullur af gjöfum.
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Mennirnir á bak við Vaktirnar:

# Glæný þáttaröð í burðarliðnum

**MENNING** Hópurinn sem stóð að Vaktar-þáttunum og kvikmyndinni Bjarnfreðarsyni eru nú með nýja sjónvarpsþáttaröð í bígerð. Sú þáttaröð verður alls ótengd fyrri verkum hópsins og stendur til að hún gerist að einhverju leyti inni á geðdeild.



RAGNAR BRAGASON

Í hópnum eru leikstjórinn Ragnar Bragason, Jón Gnarr, Pétur Jóhann Sigfússon, Jörundur Ragnarsson og handritshöfundurinn Jóhann Ævar Grímsson. Ragnar segir þá þegar hafa hist nokkrum sinnum og velt fyrir sér persónum og forminu á þættinum og stefni að því að hefja framleiðslu seint á næsta ári. Þættirnir kynnu því að rata í sjónvarp árið 2011. sjá síðu 38

Snjallir dýragarðsstarfsmenn:

# Selja jólaskraut úr hreindýraskít

**BANDARÍKIN Hálsmen og jólaskraut úr hreindýraskít hafa skilað dýragarðinum í borginni Bloomington í Illinois-ríki í Bandaríkjunum tæpum 21 þúsund dollurum, eða rúmlega hálfri þriðju milljón króna, í tekjur nú í aðdraganda jólanna.**



**Byrjað var að framleiða skrautið í fyrra og ákveðið að bæta hálsmenunum við eftir tíðar fyrirspurnir um það hvort ekki fengjust skartgripir úr skítnum.**

**Skíturinn er mótaður í lítil spörð, þau þurrkuð, sótthreinsuð og úðuð með glimmeri og seld undir heitinu „Töfragimsteinar hreindýranna“. Skrautið kostar tæpar þúsund krónur í garðinum og hálsmenin um tvö þúsund. - sh**

Landspítalinn hefur útfært 3,3 milljarða hagræðingaraðgerðir fyrir árið 2010:

# Stærra skref verður ekki tekið

**HEILBRIGÐISMÁL** „Með óbreyttu heildarskipulagi heilbrigðiskerfisins verður einfaldlega ekki gengið lengra. Allt umfram þetta útheimtir mjög róttækar aðgerðir þótt mörgum finnist þegar nóg um,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans. „Þá er ég að tala um breytingar sem myndu bylta rekstri spítalans frá því sem nú er. Stærra skref verður ekki tekið.“

Forsvarsmenn Landspítalans hafa dregið upp nákvæma hagræðingaráætlun fyrir árið 2010. Þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið spara spítalanum 3,3 milljarða tæpa. Tveir milljarðar eru hagræðingarkrafa fjárlaga, eða sex prósent miðað við rekstur spítalans árið 2009, auk 1,2 milljarða uppsafnaðs halla á rekstri ársins.

Aðgerðirnar eru bæði almennar fyrir spítalann í heild og sértækar fyrir einstök svið eða starfsemi. Stærstum hluta hagræðingarinnar verður náð með launalækkunum, eða 1,5 milljörðum.

Leiðarljós hagræðingaráætlunar spítalans er öryggi sjúklinga en Björn segir að starfsfólk óttist mjög að erfitt verði að viðhalda þeim viðmiðum sem spítalinn hefur sett sér í þeim efnum. - shá / sjá síðu 6









## SPURNING DAGSINS



*Kertasníkir, gefurðu mömmu gömlu einhvern tíma í skóinn?*

„Stundum, en þá fær hún reyndar bara grýlukerti.“

Kertasníkir kom til byggða í nótt, síðastur jólasveinanna, leitaði uppi tólgarkerti og gaf smáræði í skóinn. Á leið sinni fann hann nokkur grýlukerti sem hann gefur kannski Grýlu móður sinni þegar hann kemur heim aftur.

Mörg börn flýttu sér í heiminn á Þorláksmessu:

# Fjörugur og góður dagur

**FÓLK** Níu börn komu í heiminn á fimm tímum á Landspítalanum í gærmorgun sem er vel yfir meðaltali. Eins og venja er voru sex ljósmæður á vakt, fjórar á fæðingargangi og tvær í Hreiðrinu Allar fæðingarnar gengu vel, að sögn Guðrúnar Eggertsdóttur, yfirljósmóður á fæðingargangi, sem munar miklu þegar mikið er að gera. Þegar Fréttablaðið hafði samband um tvöleytið í gær voru ellefu börn fædd frá því að Þorláksmessa hófst á miðnætti og voru fjórar fæðingar í gangi. Það stefndi því í fjölda fæðinga umfram meðaltal sem eru um tíu fæðingar á sólarhring. „Þetta er fjörugur og góður dagur,“ segir Guðrún sem var létt í skapi þegar haft var samband. Guðrún segir ómögulegt að spá fyrir um hvernig hátíðardagarnir verði á fæðingardeildinni, oft sé rólegt á aðfangadag og jóladag en þó ekki alltaf.



**KVENNADEILDIN** Mikið fjör var á fæðingardeild Landspítalans í gærdag.

Alls hafa fæðst 3.435 börn á árinu á Landspítalanum og Guðrún segist eiga von á 87 fæðingum miðað við áætlanir en reynslan sýni að þær séu gjarnan fleiri. Miðað við það munu yfir 3.500 börn koma í heiminn á Landspítalanum í ár sem er met en 3.479 fæddust þar í fyrra.

Á Akranesi var eitt Þorláksmessubarn komið í heiminn þegar Fréttablaðið hafði samband og sömuleiðis á Akureyri. Bæði Soffía Þórðardóttir, ljósmóðir á Akranesi, og Ingibjörg Jónsdóttir á Akureyri eiga von á fleiri börnum fyrir áramót en sögðu illmögulegt að spá til um komudaginn, þau kæmu bara þegar þau kæmu. **- sbt**

Sjávarafli eykst:

# 85 milljarðar á níu mánuðum

**SJÁVARÚTVEGUR** **Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmum 85 milljörðum fyrstu níu mánuði ársins. Það er 21 prósenti meira en á sama tímabili í fyrra, þegar það nam 70 milljörðum króna.**

**Aflaverðmæti botnfisks var í lok september orðið 59 milljarðar, hafði aukist um 19,1 prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Verðmæti þorskafla var 26,5 milljarðar og jókst um 12,5 prósent frá fyrra ári. Verðmæti ýsu stóð í stað á milli ára, nam um 12 milljörðum króna. Verðmæti flatfiskafla nam tæpum 8 milljörðum króna sem er 75,2 prósenta aukning frá í fyrra.** **- kóp**

Skammhlaup olli mjólkurtjóni:

# Sex þúsund lítrar í súginn

**SELFOSS** Skammhlaup myndaðist þegar gröfubílstjóri á Selfossi ók of nálægt háspennulínu með þeim afleiðingum að rafmagn sló út í bæjarfélaginu. 66 þúsund volta spenna hljóp í gegnum gröfuna með tilheyrandi neistaflugi en bílstjórann sakaði ekki sem þykir mikil mildi.

Rafmagnsleysið olli töluverðu tjóni hjá Mjólkursamsölunni á Selfossi. Að sögn Guðmundar Geirs Gunnarssonar forstjóra þurfti að hella niður sex þúsund lítrum af mjólk, þrífa tækin og hefja vinnslu dagsins á ný. Seinkunin þýddi einnig fjögurra tíma lengingu á vinnudegi hjá um tíu manns en að sögn Guðmundar Geirs tóku menn því með jafnaðargeði enda ýmsu vanir. Fjárhagslegt tjón af rafmagnsleysinu hjá MS nemur um 650 til 750 þúsund krónum. **- sbt**



**SÆNSK GÆÐI** Búist er við áframhaldandi samstarfi Ford og Volvo þótt Ford-verksmiðjurnar selji hlut sinn í Volvo. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ford selur Volvo-verksmiðjur:

# Kínverskt fyrirtæki áhugasamt

**STOKKHÓLMUR, AP** **Forsvarsmenn Ford-bílaverksmiðjanna sögðu í gær samninga við kínversku bílaframleiðendurna Geely Group um sölu á Volvo-verksmiðjunum langt komna. Líklegt er talið að samningar takist á nýju ári.**

**Ford eignaðist Volvo-verksmiðjurnar árið 1999, en eins og aðrir bílaframleiðendur, sérstaklega í Bandaríkjunum, hefur Ford átt í miklum fjárhagsvanda undanfarið.**

**Sérfræðingar telja víst að Volvo-bílarnir verði áfram hannaðir og framleiddir í Svíþjóð þrátt fyrir breytt eignarhald, enda hluti af vörumerkinu.** **- bj**

Enginn á miðunum:

# Öll íslensk skip í landi um jólin

**SIGLINGAR** Útlit er fyrir að öll íslensk skip verði í landi yfir hátíðirnar, samkvæmt upplýsingum frá vaktstöð siglinga. Fjögur íslensk skip sáust á siglingu innan íslensku lögsögunnar klukkan sjö í gærmorgun og stefndu þá öll til hafnar.

Þær upplýsingar fengust hjá vaktstöðinni að undanfarin ár hefðu alltaf einhver skip verið úti um jólin. Ekki lá þó fyrir hvenær það hefði síðast gerst, ef einhvern tímann, að ekkert íslenskt skip væri á miðunum um jólin. **- sh**

# Folöldin hafa unnið hjörtu heimamanna

**Folöldin sjö sem lögðu af stað héðan til Mexíkó 25. nóvember eru nú komin til nýrra heimkynna. Ferðalagið gekk vel, enda allt gert til að sem best færi um þau. Þau fengu sextán hvíldardaga á leiðinni. Mexíkóar eru stórhrifnir af þeim.**

**HESTAMENNSKA** „Folöldin eru komin og unnu hjörtu Mexíkóanna um leið og þau birtust.“

Þetta stendur í tölvupósti sem hin þýska hestakona, Regína Hof, skrifaði Huldu Gústafsdóttur á Árbakka í Rangárvallasýslu, útflytjanda sjö folalda, sem flutt voru frá Íslandi til Mexíkó.

Eins og Fréttablaðið greindi frá leitaði Regína til Huldu eftir aðstoð við að finna út úr því hvernig hægt væri að flytja hross frá Íslandi til Mexíkó. Þegar komin var áætlun um flutninginn keypti Regína folöldin sjö. Þau munu vera fyrstu íslensku hestarnir sem fluttir eru milli þessara landa eftir því sem best er vitað.

Hulda segir að afskaplega vel hafi farið um folöldin á þeirri löngu leið sem þau lögðu að baki, fyrst með flugi til New York og síðan með bíl gegnum Bandaríkin.



**VELKOMIN** Folöldin hafa þegar vakið mikla athygli eftir að þau komu út til Mexíkó, enda litskrúðug og falleg. Þeim var vel fagnað við komuna eins og má sjá.

„Hingað komu þau, svolítið skítug en afskaplega ánægð,“ skrifar Regína en fremur til Huldu. „Svo var eins og máttarvöldin hefðu ákveðið að hafa hönd í bagga með að taka á móti þeim, því daginn sem þau komu var fremur kalt í veðri miðað við það sem gerist hér, ekki nema sextán gráður yfir hádaginn og rigning, sem er ekki venjulegt hér á þessum árstíma. Þeim leið því mjög vel við komuna.“

Folöldin lögðu af stað í ferðina miklu 25. nóvember. Þau komu á leiðarenda 17. desember. Hulda segir að þess hafi verið vel gætt að þeim liði vel á ferðalaginu; gott fóður, vatn og mikill og góður undirburður í bílnum. „Þau voru þrjár vikur á leiðinni, þar af sextán daga í hvíld. Þá var stoppað á búgörðum, þar sem þau fengu að teygja úr sér og leika sér í gerðum eða á túnum. Það var allt gert til þess að þau hefðu það sem best.

Ég er rosa ánægð með hvað þetta gekk vel og spennt að sjá hvort eitthvert framhald verður á þessu,“ bætir Hulda við.

„Í fyrstu hugsaði Regína sér þessi folaldakaup einungis fyrir sig, en nú stefnir í að þetta gæti undið upp á sig vegna áhuga Mexíkóanna, sem vilji nú ólmir kynnast íslenska hestinum, prófa hann og kaupa.“ **jss@frettabladid.is**



**TUGGA OG VATNSSOPI** Ekki var verra að fá heytuggu og vatnssopa við komuna.

Páll Bergþórsson telur að ekki fari að hlýna fyrr en um áramótin:

# Hörkukuldi milli jóla og nýárs

**VEÐRIÐ** Líklega verður hörkukuldi milli jóla og nýárs á öllu landinu og mikið frost í innsveitum.

Að mati Páls Bergþórssonar, fyrrverandi veðurstofustjóra, mun norðaustanáttin ríkja enn um sinn næstu daga og éljagangur líklegur fyrir norðan. Þurrt verði að mestu um Suður- og Vesturland.



**PÁLL BERGÞÓRSSON**

Veðurstofa Íslands býst við stormi á Vestfjörðum í dag og niður í fimm stiga frost þar.

Sex stiga frost verði á hádegi á Egilsstöðum, en hlýjast í Vestmannaeyjum, þar sem verði einnar gráðu hiti.

Í höfuðstaðnum verður hiti um og undir frostmarki í dag en þriggja gráðu kuldi á jóladag. En svo kólni og má búast við allt að tíu stiga frosti að meðaltali á sólarhring.

Páll segir að um áramótin verði veðrið trúlega mildast á suðvesturhorninu.

„Þótt tölvurnar séu háar er of langt í það til að maður reiði sig mikið á þær,“ segir hann og treystir sér því ekki til að útlista nánar hugsanleg hlýindi. **- kóþ**



**Á LEIÐ TIL BYGGÐA** Þegar síðasti jólasveinninn verður kominn til byggða fer að kólna og verður kalt allt til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVEIG



**FLUGSLYS** Rannsakað verður hvort rétt hefði verið að snúa þotunni annað vegna veðurs, en aðrar þotur náðu að lenda skömmu fyrir slysið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þota fór út af flugbrautinni:

# Stöðvaðist í sjávarmálinu

**JAMAÍKA, AP** Fjórir farþegar eru alvarlega slasaðir og 40 til viðbótar sárir eftir að þota frá flugfélaginu American Airlines með 154 innanborðs fór út af flugbrautinni við lendingu á flugvellinum í Kingston á Jamaíku í gær.

Úrhellisrigning var þegar þotan lenti og náði hún ekki að stöðvast á flugbrautinni. Hún stöðvaðist að lokum innan við fimm metra frá sjávarmálinu.

Mikið högg kom á vélina þegar hún fór út af flugbrautinni. Báðir hreyflar þotunnar losnuðu af vængjunum og lendingarbúnaður fór undan vélinni. Áhöfnin kom farþegunum frá borði. **- bj**

Sérstakur saksóknari:

# Ákvörðun um ákærur á fyrstu mánuðum 2010

**SAKAMÁL** **Það skýrist fyrstu mánuði næsta árs hver niðurstaða verður í fyrstu málunum af þeim um fimmtíu sem sérstakur saksóknari hefur til rannsóknar.**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

**Þetta kom fram í samtali Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara, við Fréttablaðið í gær. Hann segir farið að sjá fyrir endann á rannsókn fyrstu málanna.**

**Ólafur Þór vildi ekki tjá sig um líkur á því að ákært verði. Hann segir slíkar vangaveltur, á þessu stigi, geta gert sig vanhæfan til að taka ákvörðun um hvort ákæra eigi eða fella niður mál þegar rannsókn lýkur.** **- pg**

## ÖLFUS

### Ekki efni á landgræðslu

Bæjarstjórn Ölfuss segir sér ekki fært að verða við ósk Landgræðslunnar um fjárstyrki til tveggja uppgræðsluverkefna innan sveitarfélagsins. Var þar um að ræða eina milljón króna til uppgræðslu á Kambinum austan Þorlákshafnar og tvær milljónir til uppgræðslu í beitarhólfinu á Mosfellsheiði milli Lyklafells og Hengils.




| EIMSKIP | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

## GENGIÐ 23.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,78 | 128,38 |
| Sterlingspund | 203,99 | 204,99 |
| Evra | 181,94 | 182,96 |
| Dönsk króna | 24,441 | 24,585 |
| Norsk króna | 21,713 | 21,841 |
| Sænsk króna | 17,407 | 17,509 |
| Japanskt jen | 1,3905 | 1,3987 |
| SDR | 199,28 | 200,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

236,2781

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Knattspyrnustjarna í mál vegna umfjöllunar um fjármál sín:

# Eiður Smári vill sex milljónir frá DV

**DÓMSMÁL** Eiður Smári Guðjohnsen hefur stefnt ritstjórum og blaðamanni DV vegna umfjöllunar um fjármál hans. Krefst Eiður fimm milljóna fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs hans, einnar milljónar til að kosta birtingu dómsins í fjölmiðlum og þess að stefndu hljóti þyngstu refsingu sem lög leyfa.

DV hefur upp á síðkastið greint frá skuldum Eiðs, lántökum hans hjá íslenskum bönkum og þátttöku í fjárfestingum.

Í stefnunni segir að ekki sé heimilt að fjalla að vild um einkamálefni Eiðs þótt hann sé þjóðþekktur einstaklingur. „Fjárhagsmálefni stefnanda hafa ekkert með opinbera persónu hans að gera og fráleitt er að ætla að málefni þessi snerti á einhvern hátt almenning.“




**ÓSÁTTUR** Telur umfjöllun DV ranga en að það skipti í raun ekki máli. NORDICPHOTOS/GETTY

Þá segir að frásagnir DV af málefnum Eiðs séu rangar. Það skipti hins vegar ekki máli „enda telur stefnandi að burtséð frá því hvort umfjöllun stefndu var rétt eða röng hafi í henni falist að greint var opinberlega frá einkahögum sem leynt eiga að fara,“ segir í stefnunni.

Jón Trausti Reynisson, ritstjóri DV, segir galið að Eiður krefji hann um hærri bætur en sem nemi öllum hans ævisparnaði. „Ef ekki mátti fjalla um útrás Eiðs Smára þá er spurning hvort búast megi við því að útrásarvíkingar komi hver á fætur öðrum og reyni að sækja fé í vasa blaðamanna á Íslandi,“ segir hann. **- sh**

Hefnd fyrir eiturlyfjabarón:

# Fjölskylda hermanns myrt

**MEXÍKÓ** Fjórir fjölskyldumeðlimir mexíkósks hermanns sem lést í skotbardaga í áhlaupi á hús eins stærsta eiturlyfjabaróns landsins voru myrtir nokkrum klukkustundum eftir útför hans, að því er fram kemur á vef BBC.

Byssumenn réðust inn í hús fjölskyldu Melquisedet Angulo Cordova og skutu móður, bróður, systur og frænku hans til bana, og særðu lífshættulega einn ættingja til viðbótar.

Talið er víst að með þessu hafi byssumennirnir viljað hefna eiturlyfjabarónsins Beltran Leyva, sem féll í skotbardaga við hermenn fyrir viku. **- bj**

Iceland Express:

# Áætlunarflug til Winnipeg

**SAMGÖNGUR Iceland Express hyggst hefja áætlunarflug til Winnipeg í Manitoba í Kanada næsta sumar og fljúga þangað einu sinni til tvisvar í viku frá júníbyrjun. Frá Winnipeg er tengiflug til margra staða í Kanada, Bandaríkjunum og Suður-Ameríku.**

**Um 19 prósent íbúa Manitoba eru af erlendum uppruna. Meðal þeirra eru tugir þúsunda Vestur-Íslendinga.** **- pg**

Borgarhafnarfjall:

# Fjarskiptabúnaður eyðilagðist

**SUÐURSVEIT** Mikið óveður gerði um helgina í Suðursveit sem gerði það að verkum að fjarskiptamastur sem stendur á Hestgerðishnútu á Borgarhafnarfjalli féll. Menn sem reyndu að komast til viðgerða á laugardag urðu frá að hverfa. Frá þessu er greint á vefnum Ríki Vatnajökuls.

Þegar veðrinu slotaði sáu menn að húsið sem hýsir tækjabúnað, tetrakerfið og tæki frá Flugmálastjórn, hafði lagst á hliðina, en talið er líklegast að eitt stagið í mastrinu hafi slitnað. Mastrið og húsið eru í eigu Neyðarlínunnar. Það þjónar skipum á hafi úti, Suðursveit, Öræfum og Mýrum. Mastrið er talið ónýtt. **- kóp**

## LEIÐRÉTT

Karlmaður sem nýverið hlaut dóm fyrir að klæmast við greindarskertan viðskiptavin sinn á húðflúrstofu var sakfelldur fyrir blygðunarsemisbrot en ekki kynferðislega áreitni.

Í grein um Hávallaútgáfuna í Fréttablaðinu á þriðjudag var útgáfan rangnefnd. Einnig var farið rangt með nafn Áslaugar Agnarsdóttur þýðanda bókarinnar Bernska Tolstojs.

# Mestu annir þingsögunnar

**Mikið hefur mætt á starfsfólki Alþingis allt þetta ár. Álagið hefur aukist um leið og laun hafa lækkað. Mistök hafa verið gerð í hraðanum. Margir starfsmenn eiga uppsafnað orlof. Nýjar reglur hafa verið brotnar.**

**ALÞINGI** „Ég held að þetta sé annasamasta árið í sögu Alþingis, að minnsta kosti frá því að ég hóf hér störf og það er langt síðan,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis.

Lítið uppihald hefur verið í þinginu allt þetta ár. Vorþing stóð fram í miðjan apríl, mánaðarhlé var vegna kosninga, og sumarþing stóð til ágústloka. Haustþing var svo sett 1. október. Sem kunnugt er verða þingfundir milli jóla og nýárs sem er afar fátítt.

Helgi segir hættu á að mikið álag og hraði bitni á störfum þingsins. Nokkur dæmi um mistök eða villur við lagasetningu hafi komið upp en ekki hafi hlotist skaði af.

Ekki er nóg með að þingið hafi starfað óvenju lengi heldur hefur það vikið frá venjum um fundartíma. „Reglan hefur verið sú að ekki hefur verið fundað á föstudögum, heldur ætlast til að þingmenn gætu nýtt þá vikudaga til að sinna kjördæmi sínu og kjósendum. Þetta árið hafa hins vegar verið margir fundir á föstudögum og líka á laugardögum,“ segir Helgi.

Eins og gefur að skilja er fólk þreytt og lúið eftir þessa löngu og erfiðu törn. Helgi segir margt ungt og kraftmikið fólk vinna í þinginu en á móti komi að margt eigi það lítil börn sem vitaskuld þurfi að sinna. „Það er reyndar óvenjulega gott og röskt fagfólk hér á Alþingi en það eru mörk fyrir því hvað hægt er að bjóða fólki. Áður, þegar mikið hefur verið að gera, gat fólk lifað með því að hér hefur verið svolítið hlé frá jólum og fram eftir janúar og svo frá miðjum júní og fram í september. Nú er því ekki að heilsa.“



**NÝLIÐUM LEIÐBEINT** Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, sést hér kynna nýjum þingmönnum starfsemi þingsins, reglur þess og venjur í kjölfar kosninganna í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vegna hins langa sumarþings gat margt starfsfólk ekki tekið hefðbundið sumarleyfi. Helgi segir að fyrir vikið eigi margir inni óútekið orlof, sumir meginhluta þess. „Það hefur hrúgast upp og við eigum í hálfgerðum vandræðum með þetta. Við höfðum ætlað fólki að taka leyfi núna í kringum jólin og í janúar en það verður allavega ekki á milli jóla og nýárs.“

Fjárframlög til Alþingis hafa verið skorin niður líkt og víðast hvar í ríkisrekstrinum. Helgi segir það bitna á starfsemi þingsins. „Við gengum mjög langt í niðurskurði á þessu ári, hér var skorið niður um tíu prósent, meira en víða í stjórnkerfinu, og við þurfum að skera enn frekar niður á næsta ári. Það var skorið niður bæði í rekstri og ekki síður í greiðslum til þingmanna. Laun starfsfólks hafa verið lækkuð og það er auðvitað erfitt að stjórna fólki sem í senn eru gerðar auknar kröfur til og jafnframt er verið að lækka launin við.“

Helgi segist hafa gert þingforseta og forsætisnefnd grein fyrir ástandinu og að formenn þingnefnda séu upplýstir um þá nýju reglu að ekki sé unnið á skrifstofum þingsins eftir tólf á miðnætti og á sunnudögum. „Ég setti þá reglu um síðustu mánaðamót þegar ég tilkynnti starfsfólkinu um launalækkun. Við höfum reynt að halda þetta en á því hefur því miður orðið misbrestur síðustu vikur.“

**bjorn@frettabladid.is**





Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir Veðurfréttamaður

**GLEÐILEG JÓL!** Það verða hvít jól víða um land enda hefur snjóað norðan til og austan síðustu daga. Í dag og kvöld lítur út fyrir leiðindaveður á Vestfjörðum en annars er veðrið svipað og undanfarið, úrkoma nyrðra en bjartara syðra.



Á MORGUN Víða 5-10 m/s, hvassara á Vestfjörðum.

ANNAR Í JÓLUM Víða 5-13 m/s hvassast SA-lands

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 6° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 6° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 4° |
| Orlando | 25° |
| Ósló | -1° |
| París | 2° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár
Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska landsmönnum gleðilegrar hátíðar með kærum þökkum fyrir gifturíkt samstarf í meira en fjóra áratugi.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK

**KJÖRKASSINN**



*Kaupir þú lifandi jólatré?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er möndlugjöf hluti af jólahefðum á þínu heimili?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Ölvaður maður eyðilagði piparkökubæinn í Bergen sem er sá stærsti í heimi:

# Borgin byggði piparkökubæinn að nýju

**NOREGUR** Piparkökubærinn í Bergen, sem er sá stærsti í heimi, var eyðilagður af ölvuðum manni sem ekki gat gefið neina skýringu á framferði sínu. Í bænum voru 1.960 mannvirki sem þöktu þúsundir fermetra, hann var byggður af tólf þúsund íbúum borgarinnar; fjölskyldum, leikskólabörnum og starfsmönnum fyrirtækja.

Þegar ljóst var að öll þessi vinna var að engu orðin vegna drykkjuláta, upphófst ein mesta leit í sögu Bergen. Gerð var skýlaus krafa um að skemmdarvargurinn fyndist og fyrirtæki settu fé til höfuðs hans.

Maðurinn fannst, reyndist vera 22 ára ónefndur karlmaður, sem sagðist ekkert muna. Andinn í borginni breyttist þó fljótt úr hefndarþorsta yfir í hinn sanna jólaanda.

Opnun piparkökubæjarins var einfaldlega frestað um þrjár vikur og ákveðið að byggja hann upp aftur frá grunni. Aldrei hafa fleiri lagt fram krafta sína og með samstilltu átaki voru byggðir kastalar, kirkjur, hús, brýr og bátar. Einnig nokkrar bílaferjur, farþegaskip og olíuborpallar. Já, og svo auðvitað miðbær Bergen og allar hans frægustu byggingar.

Bærinn sem nú hefur risið er sá stærsti í áratuga sögu þessarar norsku jólahefðar. Á laugardag höfðu 60 þúsund manns heimsótt piparkökubæinn og dregið að sér höfugan ilminn af sírópi, engifer og kanil. Ef heldur fram sem horfir verða slegin aðsóknarmet og syndir drukkins manns eru löngu gleymdar. **- shá**



**PIPARKÖKUVERÖLD** „Mannvirkin“ skipta þúsundum og fermetrarnir líka. MYND/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

Myndavél greinir ekki svarta:

## Kanna galla á nýrri tækni

**BANDARÍKIN HP tölvuframleiðandinn kannar nú hvort galli í hugbúnaði vefmyndavélar á fartölvum valdi því að myndavélin nemi ekki andlit hörundsdökkra einstaklinga en eigi ekki í vandræðum með þá sem ljósir eru á hörund, að því er segir á vef CNN.**

**Hugbúnaðurinn á að nema andlit þess sem horfir í myndavélina og fylgja því eftir. Starfsmenn tölvuverslunar í Bandaríkjunum sýndu með myndbandi sem þeir settu á YouTube að myndavélin fylgdi ekki eftir andliti hörundsdökks starfsmanns, þó að hún ætti ekki í vandræðum með hvíta samstarfskonu hans.** - bj

**STJÓRNMÁL**

### Áslaug fer í framboð

Áslaug María Friðriksdóttir gefur kost á sér í fjórða sæti á lista Sjálfstæðisflokksins við borgarstjórnarkosningarnar í vor. Áslaug er formaður Hvatar og varaborgarfulltrúi.

**FJARÐABYGGÐ**

### Rafmagnsverð hækkar

Hækka á dreifigjaldskrá Rafveitu Reyðarfjarðar um 6 prósent. Er það gert vegna almennrar verðlagsþróunar í landinu.

**LÍKNARMÁL**

### Mæðrastyrksnefndir styrktar

Sjálfstæðiskonur söfnuðu um 2,9 milljónum króna til styrktar mæðrastyrksnefndum landsins. Ætla má að á milli fimm og sex þúsund manns hafi styrkt átakið.

# Niðurskurðarkrafan hreint ótrúlega há

**Stjórnendur Landspítalans hafa birt nákvæma áætlun til að hagræða um 3,3 milljarða á næsta ári. Leiðarljós aðgerðanna er að viðhalda öryggi sjúklinga. Eins og að reyna að kreista blóð úr steini, segir Björn Zoëga, forstjóri LSH.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Sparnaðarkrafan á spítalann er ótrúlega há. Við höfum ekkert val, við verðum að ná okkar markmiðum, ná að fylgja fjárlögum og einbeita okkur að öryggi sjúklinga,“ segir Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans.

Forsvarsmenn spítalans hafa dregið upp hagræðingaráætlun í sextíu liðum fyrir árið 2010. Þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið spara spítalanum 3,3 milljarða tæpa sem er sú krafa sem gerð er til spítalans. Tveir milljarðar eru hagræðingarkrafa fjárlaga eða sex prósent miðað við rekstur spítalans árið 2009 auk 1,2 milljarða uppsafnaðs halla á rekstri sama árs.

Aðgerðirnar eru bæði almennar fyrir LSH í heild og sértækar fyrir einstök svið eða starfsemi. Hvað almennu aðgerðirnar varðar á að ná mestum sparnaði með því að draga úr vakt- og launakostnaði lækna og yfirvinnu starfsfólks, auk þess sem sumarafleysingar verða með öðru sniði. Þessir liðir spara tæplega milljarð.

„Ég met það svo að helmingur þessarar 3,3 milljarða hagræðingar liggi í launum þegar allt er talið,“ segir Björn. Hann segir það hafa legið fyrir um tíma að fækka verði starfsfólki. Hins vegar er hann bjartsýnn á að ekki komi til beinna uppsagna nema að litlu leyti. „Ég tel að þessar breytingar náist meira og minna með starfsmannaveltu, sem er alltaf töluverð á svo stórum vinnustað.“

Fjölmargir starfsmenn LSH hafa komið að því að finna leiðir til sparnaðar, eða 33 faghópar þegar allt er talið. Spurður hvernig þessi vinna hafi gengið segir hann þetta „líkt því að reyna að kreista blóð úr steini“.

Hann gagnrýnir niðurskurð innan heilbrigðiskerfisins afar hart og segir það með ólíkindum að ekki sé tekið tillit til þess að gengistap í rekstri spítalans nemi þremur milljörðum frá hruni. „Ég verð að segja að það er einfaldlega ósanngjarnt að ekki sé tekið tillit til þessarar staðreyndar, eins og hefur verið gert hjá öðrum heilbrigðisstofnunum að nokkru leyti.“

Þegar Björn er spurður hvort ekki sé ljós í myrkrinu þá vísar hann í auglýsingu sem birtist í gær um forval fyrir hönnun á nýjum Landspítala. „Nú verður ekki aftur snúið. Ef allt gengur upp verður farið í jarðvegsvinnu vorið 2011. Þetta eru stórkostlegar fréttir.“

**svavar@frettabladid.is**



**FRÁ LANDSPÍTALA** Bráðamóttaka verður sameinuð og mun sú aðgerð skila minnst 60 milljónum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### DÆMI ÚR AÐGERÐALISTA LANDSPÍTALANS

**Almennar aðgerðir eru:**
- Dregið úr breytilegri og fastri yfirvinnu – 575,5 m.kr.
- Dregið úr akstursköstnaði og símakostnaði – 58,8 m.kr.
- Sumarafleysingar dregnar saman – 131,0 m.kr.
- Dregið úr vakt- og launakostnaði lækna –206,0 m.kr.
- Dregið úr viðhaldi, almennum innkaupum og eignakaupum – 206,0 m.kr.
- Endurskoðun innkaupa á lækninga- og hjúkrunarvörum –180,0 m.kr.

**Sértækar aðgerðir eru:**

**Lyflækningasvið**
- Fækkun sjúkrarúma og aukin dagdeildarþjónusta – 70,0 m.kr.
- Legudeildum lokað, breytt í dagdeildir A-5 – 13-D –135,0 m.kr.
- Samdráttur í rekstri skurðstofa 110,0 m.kr.

**Skurðlækningadeild**
- Legudeildum lokað, breytt í dagdeildir A-5 – 13-D –135,0 m.kr.
- Endurskipulag á rekstri Blóðbanka – 40,0 m.kr.
- Samdráttur í rekstri skurðstofa
- rekstur –110,0 m.kr.

**Geðsvið**
- Loka deild 14 á Kleppi 92,0 m.kr.
- Breytt vinnufyrirkomulag / mönnunarmódel – 72,5 m.kr.

**Stoðþjónusta**
- Eignasvið, hagræðing í launum og rekstri –100,0 m.kr.
- Fjármálasvið, hagræðing í launum og rekstri – 59,0 m.kr.




Bæjarstjóri Garðabæjar vill sjá hvernig vandi Álftaness verður leystur:

# Á von á viðræðum eftir jól

**GARÐABÆR** Formlegar viðræður milli bæjarstjórna Álftaness og Garðabæjar um sameiningu sveitarfélaganna eru ekki hafnar en bæjarstjóri Álftaness hefur þó haft samband við bæjarstjóra Garðabæjar.

„Áhugi þeirra á að hefja viðræður hefur komið fram og ég býst við að við heyrumst betur milli jóla og nýárs,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

Bæjarstjórn Álftaness nálgist málið með 90. grein sveitarstjórnarlaga í huga, en það ferli getur verið nokkuð tímafrekt að mati Gunnars.

Í greininni segir meðal annars að bæjarstjórnir skuli kjósa fólk í samstarfsnefnd, sem hafi samráð við ráðuneyti sveitarstjórnarmála, og skila síðan áliti um sameiningu. Þá skal ræða málið tvívegis í báðum bæjarstjórnum og loks skulu íbúar kjósa um sameininguna, að lokinni hæfilegum kynningarfresti.

Spurður um afstöðu sína til sameiningar, segir Gunnar hana koma til með að byggjast á því hvernig verði tekið á fjárhagsvanda Álftaness og hvernig ríkisvaldið komi að þeim vanda. Þá eigi íbúarnir að eiga síðasta orðið.

Álftanes á að skila skýrslu til sveitarstjórnarráðuneytis um fjárhagslegar björgunaraðgerðir sínar og um sameininguna fyrir 20. janúar.

Ekki náðist í bæjarstjóra Álftaness. **- kóþ**

# Gleðileg Jól



## Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla

**OPNUNARTÍMI VERSLANA:**

**24. desember**
Opið til 16:00 í Skeifunni og Garðabæ
Opið 09:00 - 15:00 í Smáralind
Opið 09:00 - 14:00 í Holtagörðum, Kringlunni, Spöng, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið 09:00 - 12:00 í Borgarnesi og Njarðvík

**25. desember**
LOKAÐ

**26.desember**
Opið frá kl.11:00 í Skeifunni og Garðabæ
Aðrar verslanir – Lokað

**27.desember**
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni og Garðabæ
Opið 12:00 – 20:00 í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind, Spöng, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið 12:00 – 18:00 í Borgarnesi og Njarðvík

Nánari upplýsingar um opnunartímann má finna inn á www.hagkaup.is




*Einfalt að skila og skipta!*

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Í kringum lög hvers á að búa til söngleik í Borgarleikhúsinu?*

2 *Hver samdi leikritið Hart í bak sem verður sýnt í sjónvarpinu á jóladag?*

3 *Hvaða dönsku liði stýrir Guðmundur Þ. Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handknattleik?*

SVÖR Á SÍÐU 38

Frumvarp um hrunsrannsókn:

## Verður afgreitt milli hátíðanna

**ALÞINGI** Til stendur að afgreiða breytingar á lögum um rannsókn Alþingis á hruninu á þingfundi á mánudag.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar, segir samkomulag þar um hafa verið gert við formenn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.

Hreyfingin er andvíg fyrirhuguðum breytingum sem fjalla um meðferð þingsins á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis.

Rannsóknarfrumvarpið og Icesave eru einu málin sem ráðgert er að þingið fjalli um milli hátíða. - bþs

# Jól á framandi slóðum

**Margir Íslendingar eyða jólunum erlendis. Fréttablaðið ræddi við tvær ungar konur sem hafa eytt jólunum í framandi umhverfi, fjarri fjölskyldu og vinum á Íslandi.**

**FÓLK** „Þetta var allt öðruvísi upplifun,“ segir Eydís Rún Jónsdóttir. Hún eyddi síðustu jólum í borginni Feira de Santana í Brasilíu, þar sem hún var skiptinemi. „Við settum upp jólatré í byrjun desember en eftir það var eiginlega enginn jólaundirbúningur hjá fjölskyldunni fyrr en á aðfangadag.

Þá fórum við í matarboð til frænku minnar þarna úti þar sem stórfjölskyldan kom öll saman,“ segir hún. Ekki mátti hefja hátíðarhöldin fyrr en á miðnætti. „Allir mættu með lítinn pakka, dreginn var miði og hver og einn fékk eina gjöf. Svo var sungið og spilað á harmonikku fram eftir nóttu; það var steikjandi hiti enda hásumar.“

Eydís tók sig þó til á Þorláksmessu, þegar fjölskyldan hennar var farin að sofa, og skreytti húsið að innan. „Það var nokkuð sem þau höfðu aldrei upplifað, þau hágrétu og fannst þetta alveg æðislegt.“ Eydís segir marga ættingjanna hafa ferðast í marga klukkutíma til að eyða jólunum saman. „Þetta snerist meira bara um kærleikann og að njóta tímans saman, ekkert jólastress eins og hér á Íslandi.“

Sandra Espersen bjó í Abú Dabí í Sameinuðu arabísku furstadæmunum jólin 2007 þar sem hún vann sem flugfreyja. „Þar eru þetta bara venjulegir dagar og ekkert sérstakt. Maður kemst ekki í mikla jólastemningu. Það var samt haldið upp á íslamska nýja árið um svipað leyti, og það voru nokkrar seríur uppi hér og þar,“ segir Sandra.

Hún bjó með tveimur íslenskum stelpum sem störfuðu einnig sem flugfreyjur. „Við báðum um að vera að vinna saman yfir jólin. Við gátum ekki hugsað okkur að ein yrði í Pakistan og önnur föst í Abú Dabí og sú þriðja enn annars staðar. Við fengum að fara til Dublin þar sem okkur hafði verið sagt að jólastemningin væri góð.“ Það reyndist þó öðruvísi en þær höfðu vonað.

„Það var lokað alls staðar klukkan sex svo við enduðum þrjár í náttfötum á hótelherberginu með hamborgara, franskar og mínibarinn. Þetta voru eftirminnileg jól, en það er ekkert betra en jólin sem við höldum hérna heima.“

thorunn@frettabladid.is



**Á JÓLANÓTT** Stórfjölskylda Eydísar kom saman og hóf hátíðarhöldin á miðnætti. Þá var sungið og spilað á harmonikku fram eftir nóttu.



**UM JÓLIN** Ekki er jólalegt um að lítast í Abú Dabí í desember.



**AÐFANGADAGUR** Karen, Svanhvít og Sandra í vinnunni á aðfangadag.



**MEÐ FJÖLSKYLDUNNI** Eydís með hluta fjölskyldunnar í Brasilíu. Sumir ferðuðust í marga klukkutíma til að geta eytt kvöldinu með fjölskyldunni.

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
OPIÐ TIL HÁDEGIS Í DAG
Jólakveðja
Starfsfólk Nettó
www.markhonnun.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fótbolti á einskismannslandi:

## Friðarboðskapur

STEFÁN PÁLSSON SKRIFAR

Einhver kunnasta jólasaga í hinum enskumælandi heimi gerist á blóðvöllum Frakklands, þar sem milljónir ungra manna voru stráfelldar í skotgrafahernaði fyrri heimsstyrjaldarinnar. Hún byggir á sönnum atburðum, en á aðfangadag 1914 mun það hafa gerst víða á vígstöðvunum að hermenn lögðu niður vopn og sameinuðust í að syngja jólalög eða skiptu liði og spiluðu saman fótbolta.

Frásögnin af knattspyrnuleikjum innan um skotgrafirnar og sprengjubrotin er flestum kunn. Hún er lesin í skólum, rifjuð upp í jólahugvekjum og fléttuð inn í stólpredikanir í kirkjum. Sagan þykir falleg og að flestra mati felur hún í sér friðarboðskap. Sá boðskapur ristir þó ekki jafn djúpt og ætla mætti í fyrstu.

Um margt minnir sagan um fótboltaleikinn á aðfangadag nefnilega á þær óteljandi jólamyndir frá Hollywood sem sýna alvörugefið fullorðið fólk lenda í ævintýrum á aðventunni og komast í kynni við jólasveininn. Boðskapurinn er sá að á jólunum megi menn láta skynsemina lönd og leið og hegða sér eins og börn. Sá jarðbundni og ábyrgi sleppir fram af sér beislinu í skamma stund, en svo fer allt í fastar skorður. Það ranga við þessa sýn er að hún gefur sér þá forsendu að stríðsrekstur sé rökréttur og nauðsynlegur, en það að hafna stríði sé fjarstæðukennt og óraunhæft.

*Það ranga við þessa sýn er að hún gefur sér þá forsendu að stríðsrekstur sé rökréttur og nauðsynlegur, en það að hafna stríði sé fjarstæðukennt og óraunhæft.*

Í sérhverjum smábæ í velflestum löndum Evrópu má finna töflur með nöfnum þeirra manna sem féllu í stríðinu mikla, fyrir málstað sem fæstir muna lengur hver var. Hvernig getur sú slátrun með nokkru móti talist rökrétt? Hvers vegna þykir okkur skringilegra að nokkur hundruð manns hafi haldið út á einskismannslandið til að keppa í boltaleik en að milljónir hafi hlaupið um sama svæði til móts við fljúgandi byssukúlur? Hvor hegðunin er í raun fráleitari?

Blóðugar styrjaldir eru háðar um þessi jól í Afganistan, Írak, Sómalíu, Pakistan og Jemen. Auk þeirra eru tugir átakasvæða í heiminum þar sem fólk fellur í átökum milli þjóða, þjóðarbrota eða annarra hópa. Á öðrum stöðum lætur fjöldi fólks lífið vegna síðbundinna afleiðinga gamalla stríða, svo sem á jarðsprengjusvæðum Asíu og Afríku.

Þau öfl sem mæla fyrir hernaði og valdbeitingu gera það aldrei með því að tefla fram tveimur kostum; stríði eða friði. Í slíkri keppni fer friðurinn ætíð með sigur af hólmi. Þess í stað beita stríðsæsingamenn rökum óumflýjanleikans, með því að hafna því að aðrar leiðir séu færar. Stríðið verður þannig aldrei val heldur óhjákvæmileg niðurstaða – eðlileg, rökrétt og skynsamleg. Tal um frið og afvopnun verður þannig kjánalegur barnaskapur, líkt og fallegt en sérkennilegt jólaævintýri.

Við eigum hins vegar alltaf val. Sá kostur er alltaf fyrir hendi að hafna stríðinu en skipta þess í stað í tvö fótboltalið – að spyrna knetti fremur en að hleypa af byssum. Það er kjarni málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871






Í DAG

ÞORVALDUR GYLFASON

Fjórtán þúsund nemendur sækja tónlistarskóla landsins auk allra þeirra, sem lokið hafa tónlistarnámi og annarra. Þeim er þessi glaðningur einkum ætlaður. Kvæðið kviknaði við kvöldverðarborð sumarið 2009, þar eru teknar laufléttu traustataki hendingar frá séra Matthíasi, Guðlaugu Pétursdóttur, Erni Arnarsyni og Steini Steinarr auk þess sem konan mín lagði í púkkið. Lagið varð til daginn eftir. Þar örlar í einum takti eða tveim á Cole Porter, allt með ráðum gert. Gleðilega hátíð.

## Blessuð sértu borgin mín






# *Gleðilega hátíð*

Við óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og þökkum
ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.
Með von um að næsta ár verði ykkur heillaríkt.

*Starfsfólk Byrs sparisjóðs*

BYR
SPARISJÓÐUR



**MÆÐGUR** Magdalena á ekki langt að sækja hæfileika sína á tónlistarsviðinu, en hún er dóttir Zbigniew Dubik, fiðluleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands, og Alinu Dubik, óperusöngkonu og eins vinsælasta söngkennara landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Allt mögulegt með opinni sál

**Magdalena Dubik** skaust fram í sviðsljósið þegar hún var valin Ungfrú Reykjavík fyrr á þessu ári. Þótt útlitið sé gott er það varla annað en hliðaráhugamál Magdalenu, sem er stórefnilegur fiðluleikari. Hún er dóttir söngkonunnar **Alinu** og fiðluleikarans Zbigniew, sem hafa auðgað íslenskt tónlistarlíf mikið frá því þau fluttust hingað frá Póllandi fyrir tuttugu árum. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* spjallaði við mæðgurnar.

Hingað kom ég fyrst fyrir rúmlega tuttugu árum til þess að heimsækja manninn minn, sem hafði fengið tímabundna ráðningu við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eftir heimsóknina fór ég aftur heim til Póllands. Þá var Magdalena bara lítil,“ rifjar Alina Dubik upp. Að flytja til Íslands hafði ekki verið á stefnuskránni, enda var Alina ung og eftirsótt óperusöngkona í Evrópu, á samningi við Óperuna í Kraká.

Áður en Magdalena fæddist snerist líf þeirra hjónanna að miklu leyti um tónleikaferðalög, enda komu þau bæði fram víða um Evrópu, hún sem einsöngvari og hann með kammerhljómsveit. „Ég man eftir einu skipti, þegar ég fór í tónleikaferð til Lúxemborgar. Þegar ég kom aftur heim og sagði manninum mínum hvar ég hafði verið hafði hann verið þar líka, en við vissum ekki af hvort öðru. Svona var lífið þá.“

Þegar Sinfónían framlengdi samninginn við Zbigniew ákvað Alina að flytja hingað til hans, að minnsta kosti um stundarsakir, enda vildi fjölskyldan vera saman og annað barn á leiðinni í heiminn. „Ég var nú alltaf á leiðinni aftur út að syngja,“ segir Alina. „Ég var ung og ég vildi vera á sviði. En þegar börnin voru orðin þrjú hugsaði ég með mér að guð hefði ákveðið að við skyldum búa hér.“

### Breyttir tímar

Magdalena og bræður hennar, Mikael og Alexander, hafa alla tíð litið á Ísland sem sitt föðurland. Það tók lengri tíma fyrir þá tilfinningu að myndast hjá hjónunum, enda stóð lengi til að fara aftur heim til Póllands einn daginn. Það var Alinu ekki alls kostar auðvelt að venjast lífinu hér. „Þetta voru allt aðrir tímar. Ég held það hafi verið átta til tíu Pólverjar hérna áður en við komum. Við virkuðum voðalega spes,“ segir hún og rifjar upp strætóferðirnar, þar sem bílstjórarnir vissu alltaf að hún væri útlendingur því hún klæddist skærri túrkisblárri úlpu. „Á þessum tíma voru öll föt sem Íslendingar gengu í grá eða brún,“ segir hún og hlær. Í dag geta þau hjónin varla hugsað sér að búa annars staðar. „Nú hallast ég að því að við verðum hér áfram. Við erum búin að búa hérna svo lengi. Ég verð alltaf pólsk. En ég elska Ísland.“

### Gull í hálsinum

Á Íslandi lagði Alina fyrir sig söngkennslu, fyrst hjá Nýja tónlistarskólanum og síðar hjá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún gefur sig alla að kennslunni og hætti nær alfarið að syngja á sviði sjálf.

„Nemendur hennar mömmu eru hennar bestu vinkonur líka,“ segir Magdalena og lýsir því hvernig mamma hennar gefur sig alla að kennslunni. „Þær ganga í gegnum allt saman, súrt og sætt.“ Nemendur Alinu hafa enda margir hverjir fylgt henni í fjölda ára. Í byrjun nóvember héldu sex þeirra söngveislu í Salnum í Kópavogi Alinu til heiðurs, í tilefni af því að hún hefur starfað hér í tuttugu ár.

Alina tekur undir orð Magdalenu. „Ég kenni ekki bara nemendum mínum heldur lifi með þeim líka,“ útskýrir hún. „Mér finnst að það eigi að vera gott samband milli kennara og nemenda. Við erum ekki vélar. Röddin bregst við öllu stressi og það er hlutverk kennara að minnka það.“

Að hennar mati liggur söngurinn vel fyrir Íslendingum. „Hér eru ótrúlega margir með gull í hálsinum. Það er næstum því hægt að kenna hverjum sem er óperusöng. Stundum þarf kannski að vinna lengi með fólki en svo brýst skyndilega út þessi fallega rödd. Það er allt mögulegt þegar eitthvað opnast í sálinni á fólki.“

### Æft allan daginn

Það er ekki kennt á sama jafningjagrundvellinum í tímunum hjá Alinu í Hochschule für Musik und Theater Hannover, þar sem Magdalena hefur verið við nám í fiðluleik undanfarin ár. „Þar er mikil stéttaskipting og kennararnir setja sig á stall mun æðri nemendunum þar,“ lýsir Magdalena. Hún byrjaði í skólanum sautján ára, eftir strangt inntökupróf. Hún var ein af fjórum nemendum sem komust að hjá kennaranum hennar, af um það bil 120 umsækjendum.

Alina segir það mikinn heiður fyrir fjölskylduna að Magdalena hafi komist inn í skólann. Og hún stundar námið af kappi, en á tímabili æfði hún sig í átta til tíu klukkustundir daglega. Henni finnst það ekki nema sjálfsagt, enda hefur hún ætlað sér að fylgja í fótspor föður síns frá því hún var sjö ára og byrjaði að læra á fiðlu. „Þetta var alltaf aðalstefnan hjá mér, ég gerði aldrei annað en að æfa mig. Meira að segja í grunnskóla æfði ég í tvo tíma fyrir skóla. Svo tók ég fiðluna með mér í skólann á hverjum degi og æfði mig í frímínútum.“

„Ég var ung og ég vildi vera á sviði. En þegar börnin voru orðin þrjú hugsaði ég með mér að guð hefði ákveðið að við skyldum búa hér.

### Ungfrú Reykjavík

Þótt Magdalena sé fyrst og fremst fiðluleikari og hafi margoft komið fram opinberlega muna sjálfsagt fleiri eftir henni í hlutverki Ungfrú Reykjavíkur og í keppninni um Ungfrú Ísland, þar sem hún lenti í öðru sæti. Hvernig kom hún fegurðarsamkeppni fyrir, eins upptekin og hún er? „Ég er hérna heima núna til að klára stúdentspróf, því skólinn úti setur það ekki sem skilyrði að ungir tónlistarmenn hafi stúdentspróf þegar þeir hefja nám. Það þarf hins vegar að sýna fram á stúdentspróf til að geta lokið námi. Besta vinkona mín benti mér á keppnina og sagði að ég gæti nú bara mætt í prufu og séð til. Ég hef aldrei gert neitt annað en að spila á fiðluna þannig að ég hugsaði bara „af hverju ekki?“ Svo var þetta rosalega gaman. Það var æðislegt að vera á sviði án þess að vera að spila.“

Hún fann varla fyrir stressi, þótt henni hafi þótt það hálfóþægilegt að ganga á sundfötunum fyrir framan alþjóð. Mamman var hins vegar stressuð fyrir hennar hönd og sá hana fyrir sér detta á sviðinu á himinháum hælunum. Pabbi hennar vildi sem minnst af keppninni vita og greip fyrir andlitið í hvert sinn sem mynd af dóttur hans birtist í blöðunum. En hefur hún orðið fyrir einhverri gagnrýni fyrir að hafa valið að fara í keppnina? „Ég veit það ekki, ég hef lítið fylgst með þessum keppnum sjálf, þannig að ég vissi eiginlega ekki hvað þessi keppni hefði í för með sér. En möguleg gagnrýni truflaði mig ekkert rosalega. Ég geri bara mitt, er enn þá í öllu því sem ég var í áður og hef ekkert breyst.“

### Fjölskyldutónleikar?

Magdalena og pabbi hennar hafa oft komið fram saman á hinum ýmsu uppákomum, meðal annars á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar oftar en einu sinni. Þau hjónin hafa líka komið fram saman, en þau hafa hins vegar aldrei spilað og sungið saman öll þrjú. Stendur það til? „Já, góð hugmynd. Kannski við gerum það einhvern tímann,“ segir Alina og Magdalena kinkar kolli.

Líklega munu flestir þó heyra í Magdalenu áður en það verður, en hún er með stórt verkefni á takteinunum. Hún segir stundina til að ljóstra upp um leyndarmálið ekki komna, en svo virðist vera að allur tíminn með fiðluna undir hökunni ætli að skila sínu.

Orkuveita Reykjavíkur

# Við erum til taks um jólin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt um jólin. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um jólin.




ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 39973 11/07

• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegra jóla

www.or.is


Fíton/SÍA

N1

# Gleðilega hátíð

Nú er að ljúka ári mikilla umbrota og það er margs að minnast á slíkum tímamótum. Það er mikilvægt að gleyma því ekki að á Íslandi felast mörg tækifæri til að skapa verðmæti og eftirsóknarvert mannlíf. Margir sprotar hafa skotið rótum á árinu og að þeim þarf að hlúa og sýna skilning. Það tekur sinn tíma að rækta þá upp! Með samstilltu átaki getur þjóðin byggt aftur upp atvinnu fyrir alla.

## N1 óskar þér og þínum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi árum.

Við munum ekki víkjast undan þeim áskorunum sem fram undan eru. Öflugur hópur starfsmanna N1 til bæja og sveita kappkostar að leggja viðskiptavinum lið með úrvals þjónustu allt í kringum landið. Við þökkum landsmönnum öllum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Með bjartsýni og kjark að leiðarljósi höldum við áfram að bjóða meira í leiðinni á nýju ári.



Hreindýr við Grenisöldu á Fljótsdalsheiði í desember 2009. Ljósmynd: Ari Magg.



**LÆKNISSYNIRNIR** þeir einu sem rak á land.



**GOÐAFOSS** Tíu farþegar og fjórtán úr áhöfn létust þegar Goðafoss var sökkt af þýskum kafbáti. Þá létust 19 skipverjar af bresku olíuskipi sem nýverið hafði verið bjargað um borð í Goðafoss. Flakið hefur aldrei fundist.



**SIGURÐUR HELGASON SKIPSTJÓRI.**

# Sökkt á síðustu metrunum

Mesta blóðtaka sem Íslendingar urðu fyrir í stríðinu varð þegar þýskur kafbátur sökkti Goðafossi rétt fyrir utan Garðskaga. **Björn Br. Björnsson** og **Jón Ársæll Þórðarson** hafa unnið að mynd um atburðinn og sögðu *Kolbeini Óttarssyni Proppé* frá afrakstrinum.

Þetta var hörmulegur atburður sem skók þjóðina, segir Jón Ársæll. Hann segir að þegar þeir Björn hafi unnið saman að þáttum um 20. öldina árið 1999 hafi þeir rekist á þessa sögu og hitt fólk sem lifði slysið af. Þeir hafi strax fundið að söguna þyrfti að segja ítarlegar. Síðan hafa þeir félagar unnið að verkefninu, safnað saman gögnum um hinstu ferðina, kannað leitina að flakinu og rætt við eftirlifendur; þar með talað þýska kafbátahermenn.

Í byrjun nóvember árið 1944 var Goðafoss á heimleið með skipalestinni UR-142 eftir tæplega mánaðar ferð til New York með viðkomu í Loch Ewe á Skotlandi. Goðafoss hafði siglt áfallalaust öll stríðsárin og var í forystu skipalestarinnar. Vopnaðir togarar fylgdu lestinni, líkt og venja var.

### Kafbátahernaði lokið

Kvöldið 9. nóvember, þegar skammt var til lands, biðu skipverjar af sér slæmt veður. Þeir sátu neðan þilja og hlýddu á útvarpið. Þar var Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, í umræðum á breska þinginu að lýsa því yfir að kafbátahernaði Þjóðverja væri lokið. Vissulega væri bátur og bátur á stangli, en umfangsmikill hernaður væri liðin tíð. Skipverjar og farþegar á Goðafossi fögnuðu þessum fregnum eðlilega. Nú gátu þeir haldið heim í friði og ró.

Þegar birti af degi var ljóst að skipin hafði rekið hvert frá öðru í veðurhamnum. Þrjú skip voru í námunda við Goðafoss og þegar sigld var fyrir Garðskaga mættu þeim björgunarbátar af breska olíuskipinu Shirvan sem var með í lestinni. Skipið sjálft brann á haffletinum. Í bátunum voru 20 skipsbrotsmenn, illa farnir eftir brunann.

### Örlagarík björgun

Skipstjórinn á Goðafossi, Sigurður Helgason, tók þá ákvörðun að liðsinna skipbrotsmönnum. Meðal farþega var Friðgeir Ólafsson læknir sem tók til við aðhlynningu hinna særðu.

Þýski kafbáturinn U-300, undir stjórn foringjans Fritz Heins, hafði grandað breska olíuskipinu. Ólíkt því sem tíðkaðist ákvað kafbátaforinginn að bíða í nágrenninu, líklega til að kanna hvort skipið sykki og í von um að fleiri skip bæri að. Kafbáturinn hafði verið nokkra hríð við Íslandsstrendur og leynst við Reykjanes.

Stuttu eftir að skipbrotsmennirnir voru komnir um borð í Goðafoss drógu fylgdarskipin upp svartan fána, merki um að kafbátur væri í nánd. Einn skipverja á Goðafossi var á þessari stundu að sækja fatnað fyrir skipbrotsmennina í einum af fjórum björgunarbátum skipsins, en varð litið af tilviljun yfir hafflötinn á bakborða. Þar sá hann það sem líktist hvítri rák sem nálgaðist skipið hratt. Aðeins gat verið um eitt að ræða.

Sjö metra langt tundurskeyti kafbátsins skall á Goðafoss rétt aftan við miðja bakborðssíðuna og sprakk af svo miklu afli að skipið lyftist upp af haffletinum. Hávaðinn og titringurinn sem fylgdi sprengingunni var yfirþyrmandi og skipið kastaðist 35 til 40 gráður yfir á stjórnborða. Sumir farþegar misstu meðvitund við höggið, aðrir, sérstaklega þeir sem voru í vélarrúmi og neðan þilja, létu lífið samstundis.

Björn og Jón Ársæll segja að ákvörðun skipstjórans um að taka skipbrotsmennina upp í hafi verið örlagarík. Með því hafi Goðafoss verið berskjaldaður gegn árás kafbátsins. Skipið átti aðeins eftir um einnar klukkutíma siglingu til Reykjavíkur.

### Leituðu bátsins fyrst

Goðafoss sökk á um sjö mínútum eftir árásina. Risastórt gat kom á bakborðssíðuna og skipið sökk rólega niður að aftan, en fór síðan lóðrétt niður með stefnið á undan. Eftirlifendur reyndu að koma sér í björgunarbátana eða finna sér reköld. Margir voru léttklæddir og voru farnir að búa sig undir komuna til Reykjavíkur með því að fara í betri fötin.

Skipbrotsfólkið mátti þola tveggja tíma volk í köldum nóvembersjónum á meðan fylgdarskipin leituðu kafbátsins. Hann komst þó undan og sökkti síðar tveimur skipum við Gíbraltar áður en hann náðist. Margir lifðu þá vist í sjónum ekki af.

Alls fórust á sjötta tug manna í árásum þennan dag, en kafbáturinn sökkti einnig breska skipinu Empire Wold. Af Goðafossi fórust 24, fjórtán skipverjar og tíu farþegar.

### Miklar furður

Jón Ársæll segir að sagan af Goðafossi sé samofin sögu þjóðarinnar. „Fyrsti Goðafoss strandaði við Ísafjarðardjúp og þetta var skip númer tvö sem fórst á þennan hátt.“ Jón Ársæll segir þetta vera Titanic Íslands.

Björn segir miklar furður hafa tengst Goðafossi. Marga hafi dreymt fyrir atburðinum. Þá hafi vakið furðu að aðeins tvö lík rak á land; tvo syni læknishjónanna sem fundust við Snæfellsnes. Þá hefur flakið af Goðafossi aldrei fundist, þrátt fyrir ítarlega leit. „Flakið gekk kaupum og sölum enda var mikið um verðmæti í því. Kopar á leið í Sogsvirkjun, forsetabíll Sveins Björnssonar og áfengi. Þá gengu sögur um peninga í vatnsheldum umbúðum, sem áttu að fara til bandarískra hermanna. En flakið hefur aldrei fundist.

Heimildarmyndin um Goðafoss verður sýnd í Ríkisútvarpinu í tveimur hlutum; á jóladag og nýársdag.




Gleðileg jól
og farsælt komandi ár

Jólin snúast um gleði, frið og góðar samverustundir.
Njótum þeirra örugg í faðmi fjölskyldunnar og förum varlega.

Við óskum þér hamingjuríkrar hátíðar og farsældar á komandi ári og þökkum fyrir árið sem er að líða.

vörður

ÍSLENSKA/SIA.IS/VOR 48263 12/09

you can Canon | EOS

# Sigurvegarar fanga heiminn með Canon EOS





Sense, dreifingaraðili Canon myndavéla á Íslandi, óskar Braga J. Ingibergssyni og Sævari Geir Sigurjónssyni innilega til hamingju með sigra þeirra í alþjóðlegum ljósmyndasamkeppnum.

Bragi var valinn ljósmyndari ársins (e. Photographer of the Year 2009) í keppni á vegum Digital Camera Magazine sem breska dagblaðið The Daily Telegraph styður. Hann hlaut viðurkenninguna fyrir ljósmynd sem hann tók af tveimur hestum í Hafnarfirði. Yfir 100 þúsund myndir frá 126 löndum voru sendar í keppnina.

Sævar sigraði í ljósmyndasamkeppni Evrópska Sundsambandsins (LEN) 2009. Myndin var tekin á Gullmóti KR 2009.

Báðir nota Canon EOS ljósmyndabúnað sem er þrautreyndur af atvinnu- og áhugaljósmyndurum og uppáhald ljósmyndara um allan heim.



**Viðurkenndir Canon EOS söluaðilar um land allt**

ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar **Reykjavík** Sense Center, Kringlunni - Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum & Skeifunni - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Bókahornið / **Sauðárkrókur** Tengill / **Blönduós** Kjalfell / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Borgarnes** Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Vestmannaeyjar** Foto - Tölvun

sense
Dreifingaraðili Canon neytendavara
www.canon.nyherji.is

# Fimm ára hjálparstarfi að ljúka

**Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja í söfnunum fyrir þá sem urðu illa úti eftir flóðbylgju sem varð í það minnsta 220 þúsund manns að bana í Asíu annan dag jóla 2004. *Brjánn Jónasson* kynnti sér hvernig íslenski Rauði krossinn kom að hjálparstörfum eftir flóðbylgjuna og ræddi um óttann og nályktina við fólk sem veitti neyðaraðstoð og kom að uppbyggingarstarfi eftir hamfarirnar.**

Fljótlega eftir að fréttir af gríðarhörðum jarðskjálfta og flóðbylgju sem skall á ströndum Asíuríkja annan í jólum 2004 tóku að berast um heimsbyggðina varð ljóst að eyðileggingin í þessum hrikalegu náttúruhamförum var gríðarleg og manntjón mikið.

Jarðskjálftinn og flóðbylgjan komast ofarlega á lista yfir mannskæðustu náttúruhamfarir sögunnar. Talið er að í það minnsta 220 þúsund manns hafi látið lífið í flóðbylgjunni í ellefu löndum. Eignatjón var að auki á áður óþekktum skala, og er talið að um tvær milljónir manna hafi misst heimili sín.

Flóðbylgjan myndaðist eftir jarðskjálfta vestur af ströndum eyjunnar Súmötru, sem tilheyrir Indónesíu. Skjálftinn er ýmist sagður hafa verið 9,1 eða 9,3 á Richter-skala. Flóðbylgjan sem skall á ströndum Súmötru og annarra landa í nágrenni skjálftans var allt að 30 metra há.

Rauði kross Íslands opnaði samdægurs söfnun fyrir fórnarlömb hamfaranna. Í þeirri söfnun, og öðrum fjársöfnunum á borð við Neyðarhjálp úr norðri, söfnuðust háar fjárhæðir frá almenningi, fyrirtækjum og íslenskum stjórnvöldum.

Rauði kross Íslands fékk um 170 milljónir króna af söfnunarfé frá Íslendingum, auk þess að fá vörur og þjónustu án endurgjalds fyrir um níu milljónir til viðbótar. Það fé hefur nú svo til allt verið notað í neyðarhjálp og uppbyggingu af ýmsu tagi, samkvæmt upplýsingum frá Rauða krossi Íslands. Hjálpar- og uppbyggingarstarfi á þeim svæðum sem verst urðu úti fer þó bráðlega að ljúka.

Þórir Guðmundsson, yfirmaður alþjóðasviðs Rauða kross Íslands, segir að af milljónunum 170 hafi um 43 milljónir króna verið varið í neyðaraðstoð Alþjóða rauða krossins fyrstu vikurnar eftir flóðin.

Alls fóru átján sendifulltrúar á vegum Rauða kross Íslands til hamfarasvæðanna. Íslensku sendifulltrúarnir aðstoðuðu til dæmis við birgðaflutninga- og dreifingu, hjúkruðu slösuðum, skipulögðu sálfélagslega aðstoð og aðstoðuðu starfsmenn og sjálfboðaliða Rauða krossins í Indónesíu. Kostnaður við störf sendifulltrúanna nam um 49,2 milljónum króna, rúmum fjórðungi af því fé sem safnaðist fyrir Rauða krossinn.

Þórir segir að ákveðið hafi verið að beina fé íslenska Rauða krossins til Alþjóða Rauða krossins til að peningarnir nýttust sem best, og til að takmarka stjórnunarkostnað.

Hann vitnar í skýrslu frá Alþjóða Rauða krossinum þar sem fram kemur að framlagið frá Íslandi hafi meðal annars verið notað til að tryggja aðgengi að hreinu vatni. Árangurinn af því megi líklega meta best á því sem ekki gerðist, enda hafi engar farsóttir brotist út þrátt fyrir að kjöraðstæður hafi verið fyrir útbreiðslu sjúkdóma á hamfarasvæðunum.

Fimm árum eftir hamfarirnar má enn sjá ummerki um þau í strandhéruðum Súmötru og víðar. Frá því flóðbylgjan gekk yfir hefur Rauða kross hreyfingin aðstoðað 4,8 milljónir króna á hamfarasvæðunum, og nærri 700 þúsundum hefur verið tryggður aðgangur að hreinu vatni. Byggð hafa verið 51 þúsund hús, 289 spítalar og heilsugæslustöðvar, og 161 skóli. Þá hafa tæplega 40 þúsund manns fengið þjálfun í neyðarviðbrögðum.

Uppbyggingarstarfinu eftir flóðbylgjuna er enn ekki lokið, en Þórir segir stefnt að því að ljúka því fyrir árslok 2010. Íslenski Rauði krossinn hafi lagt áherslu á að aðstoða við að tryggja aðgengi að hreinu drykkjarvatni. Á næstu mánuðum verði til að mynda stutt vinnu við vatnsöflun og námskeið fyrir neyðarteymi Rauða krossins í Indónesíu á sviði vatns- og hreinlætismála.

Frekari upplýsingar um starf Rauða krossins eftir flóðbylgjuna á annan í jólum fyrir fimm árum síðan má sjá á vef Rauða krossins, www.rki.is.



**HAMFARIR** Bæir og þorp við ströndina á Srí Lanka, Súmötru og víðar voru í rúst eftir flóðbylgjuna fyrir fimm árum. Krafturinn í flóðbylgjunni, sem var allt að 30 metra há þegar hún skall á ströndinni, var gríðarlegur, og lágu fiskiskip og -bátar innan um húsarústirnar þegar vatnið fór að sjatna. MYND/RAUÐI KROSS ÍSLANDS

## ÆTLUÐU AÐ EYÐA JÓLUNUM Á STRÖNDINNI

„Ég var stödd á Srí Lanka þegar skjálftinn reið yfir að heimsækja manninn minn, sem var að vinna við friðargæslu í landinu," segir Elín Jónasdóttir sálfræðingur. Í kjölfarið fékk hún stöðu sendifulltrúa hjá danska Rauða krossinum og starfaði mánuðum saman við skipulagningu á sálfélagslegum stuðningi og þjálfun heimamanna í slíkum stuðningi við eftirlifendur flóðbylgjunnar miklu.

Til stóð að Elín og Magnús Norðdahl eiginmaður hennar eyddu hinum örlagaríka degi 26. desember 2004 ásamt börnum og tengdasyni á hóteli við ströndina. Tilviljun réði því að Magnús þurfti að vinna, og ekkert varð af strandferðinni. Sú tilviljun gæti hafa orðið þeim til lífs, því hótelið sem þau ætluðu að gista á gjöreyðilagðist þegar flóðbylgjan skall á ströndinni. Fjöldi fólks sem var á hótelinu týndi lífinu.

Elín vann með sjálfboðaliðum á norðaustur hluta eyjunnar Srí Lanka. Hún skipulagði aðstoðina og þjálfaði þá í að veita stuðning þeim sem höfðu misst fjölskyldumeðlimi, vini eða aleiguna í náttúruhamförunum.



**HÖRMUNGAR** Margir áttu um sárt að binda, mörg munaðarlaus börn og foreldrar sem höfðu misst börn og maka segir Elín Jónasdóttir sálfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Rauða kross-deildin á svæðinu var fyrst til að bregðast við eftir flóðbylgjuna, stjórnvöld í landinu höfðu ekki tekið við sér þegar Rauði krossinn var kominn á fullt," segir Elín.

Íbúar þessa hluta Srí Lanka eru margir hverjir afar fátækir og lifa margir af sjómennsku. Fiskiþorpin sem fólkið bjó í höfðu mörg hver þurrkast út í flóðbylgjunni og gríðarlegt manntjón varð.

„Það voru margir sem áttu um sárt að binda. Þarna voru ekkjur og munaðarleysingjar, og fólk sem hafði misst öll börnin sín," segir Elín. „Ég held að okkar starf hafi skilað miklum árangri, við sáum það til dæmis á viðbrögðum fólksins sem við unnum með," segir Elín.

Þegar flóðbylgjan reið yfir varð hlé á bardögum uppreisnarmanna Tamíltígra og stjórnarhersins, en eftir því sem lengra leið frá hamförunum efldist borgarastyrjöldin í landinu.

„Menn slíðruðu aðeins sverðin meðan ástandið var sem hræðilegast, en síðar komumst við alls ekki alltaf í flóttamannabúðirnar sem við ætluðum að heimsækja vegna ástandsins," segir Elín.

Hún kom heim til Íslands eftir tæplega árs dvöl á Srí Lanka, og segir vissulega hafa verið gott að koma heim. „Þegar ég kom heim var ég svo þakklát fyrir fjölskylduna, rúmið mitt og sturtuna," segir Elín.

## ÚTGJÖLDIN RÚMAR 170 MILLJÓNIR

**Rauði kross Íslands fékk til ráðstöfunar um 170 milljónir af því fé sem safnaðist hér á landi eftir flóðbylgjuna í Asíu á öðrum degi jóla 2004. Útgjöldin námu alls 170,6 miljónum króna, og skiptust þannig niður:**

- 43 milljónir fóru í neyðaraðstoð fyrstu vikurnar eftir flóðbylgjuna.
- 49,2 milljónir fóru í að kosta för átján íslenskra sendifulltrúa á svæðið, sumra oftar en einu sinni.
- 20 milljónir fóru í neyðaraðstoð og uppbyggingu árið 2006.
- 27 milljónir fóru í enduruppbyggingu.
- 30 milljónir fóru í að tryggja fólki aðgang að drykkjarvatni og uppbyggingu neyðarvarna.
- 1,4 milljónir fóru í vatnssendingu til Taílands.

## HRÆÐILEG NÁLYKTIN SITUR EFTIR

„Það var allt í rúst, það stóð ekki steinn yfir steini," segir Birna Halldórsdóttir, sendifulltrúi Rauða kross Íslands, sem fór til norðurhluta eyjunnar Súmötru í byrjun janúar 2005. Hún segist enn þann dag í dag upplifa nályktina í loftinu þegar hún rifjar upp þann tíma sem hún eyddi við dreifingu hjálpargagna á Súmötru.

„Við byrjuðum á að dreifa mat til fólksins, samhliða tjöldum. Svo dreifðum við húsbúnaðarpökkum með mataráhöldum, lökum og öðru sem fólk þarf til að komast af frá degi til dags," segir Birna. Ekki var síður mikilvægt að meta rétt þörfina á hjálpargögnum, átta sig á því hvar fólk var á lífi og hvað það þyrfti til að komast af fyrstu vikurnar og mánuðina eftir skjálftann.

Birna segir að talsvert algengt hafi verið að sjómenn sem hafi verið úti á rúmsjó hafi lítið orðið varir við bylgjuna, en áttað sig á því þegar þeir komu að landi að þorpið þeirra var rústir einar, og að fjölskyldan hefði jafnvel öll farist.

„Við vorum þess vegna líka í því að reyna að sameina fjölskyldur," segir Birna. Settar hafi verið upp skilaboðatöflur og reynt að hafa upp á foreldrum eða ættingjum barna, sem hafi stundum reynst erfitt.

„Ég var úti að vinna einn daginn og heyrði gríðarleg fagnaðarlæti og grát. Þá hafði lítið barn fundist, og verið var að koma með það til fjölskyldunnar. Þetta var ekkert einsdæmi, oft urðu börn viðskila við fjölskyldurnar sínar, og enginn sem vissi hverra manna þau voru," segir Birna.

Spurð hvað komi fyrst upp í hugann þegar hún hugsi til þeirra þriggja mánaða sem hún eyddi við hjálparstörf eftir flóðbylgjuna er Birna ekki í nokkrum vafa.

„Það sem kemur upp í hugann, þegar ég hugsa um þetta, er nályktin," segir Birna. „Ég kem svo stuttu eftir bylgjuna, það var allt á floti og líkin lágu í vatninu. Sjálfboðaliðar fóru um dag eftir dag í stígvélum með líkpoka."

Líkunum var staflað í líkpokunum meðfram vegakantinum áður en hægt var að koma þeim í fjöldagrafir. Birnu er minnisstætt þegar hún ákvað að fara út úr lokuðum bílnum í miklum hita og raka til að taka mynd af líkpokunum til að geta sýnt fólki hvernig aðstæður væru.

Hún áttaði sig of seint á því að það reyndust vera mistök. „Ég opnaði hurðina á bílnum, það var milli 30 og 40 stiga hiti og mikill raki. Það sem mætti mér var þessi hryllilega rotnunarlykt sem situr með mér enn þann dag í dag, og rifjast upp alltaf þegar ég hugsa um þetta."

Æðruleysi fólksins sem lifði af þessar hræðilegu náttúruhamfarir er Birnu einnig ofarlega í huga. Samstarfsfólkið hafi staðið sig ótrúlega miðað við að margt af því hafði misst fjölskyldumeðlimi og vini.



**FÓLKIÐ** Æðruleysi fólks sem lifði af flóðbylgjuna miklu var aðdáunarvert segir Birna Halldórsdóttir sendifulltrúi Rauða kross Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÁSTANDIÐ EINS OG EFTIR SPRENGJUÁRÁS

„Sú mynd sem situr eftir í huga mínum er að eyðileggingin var eins og eftir sprengjuárás," segir Óskar Þorvaldsson byggingartæknifræðingur. Hann fór til eyjunnar Nias í Indónesíu eftir að gríðarharður eftirskjálfti, 8,7 á Richter, varð annan í páskum, þremur mánuðum eftir skjálftann sem orsakaði flóðbylgjuna annan í jólum.

Um 1.300 týndu lífi sínu í jarðskjálftanum á Nias, flestir urðu undir húsum sem hrundu, segir Óskar. Innviðir eyjunnar hafi allir farið úr skorðum, brýr og vegir hafi farið í sundur, vatnsveita skemmst og húsbrunnar hafi mengast.

Rúmlega vika var frá skjálftanum þegar Óskar kom til Nias, en enn var ekki búið að koma líkum sem biðu við húsarústirnar í burtu.

Óskar segir mikils ótta hafa gætt hjá eyjaskeggjum í kjölfar skjálftans í hvert skipti sem minni eftirskjálfti hafi riðið yfir. Þrátt fyrir að flóðbylgjan annan í jólum hafi lítil áhrif haft á eyjunni hafi heimamenn auðvitað fengið fréttir af eyðileggingunni sem hún olli, og flykkst frá ströndinni þegar eftirskjálftarnir komu.

Óskar kom ekki að rústabjörguninni, fyrstu viðbrögðum hjálparsamtaka eftir skjálftann. Hann kom til að taka þátt í að útvega tjöld, hreint vatn og heilsugæslu.

Hann segir að starfsfólk Rauða krossins hafi til að mynda sett upp stórar vatnsblöðrur með hreinu drykkjarvatni víðs vegar á eyjunni, og dreift tjöldum og hlúð að fólki. Slíkt hafi skipt sköpum fyrir fólkið, enda hafi jafnvel þeir sem áttu enn uppistandandi hús sofið í tjöldum af ótta við eftirskjálfta. Óskar segist sannfærður um að það starf sem hann hafi komið að á Nias hafi tekist vel. Verkefnið hafi verið risavaxið, en öll vinnan sem hafi verið lögð í það hafi skilað sér á endanum.



**Á VETTVANGI** Aðgangur að hreinu vatni breytir afar miklu eftir hamfarir á borð við jarðskjálfta, segir Óskar Þorvaldsson byggingartæknifræðingur.



*Gleðilega hátíð!*

# VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

ENNEMM / SIA / NM40084




# Afgreiðslutímar um hátíðina

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi** er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku Landspítala við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

### LÆKNAVAKT HEILSUGÆSLUNNAR
Vitjanasíminn, 1770, er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin á aðfangadag frá kl. 9 til 18 og opnar aftur 20.30 og verður opin til 23.
Á jóladag og annan í jólum er opið eins og venjulega frá 9 til 23.30.

### NEYÐARLÍNAN
Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

### RAUÐI KROSSINN
1717 er Hjálparsími Rauða krossins og er opinn yfir alla jólahátíðina.

### STÍGAMÓT
Stígamót eru lokuð yfir hátíðarnar og opna aftur 4. janúar. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

### KVENNAATHVARFIÐ
Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn yfir hátíðina. Síminn er 561 1205.

### SÁÁ
Skrifstofur SÁÁ verða lokaðar yfir jólahátíðina en opna milli jóla og nýárs. Bráðamóttakan á Vogi lokar klukkan 12 á aðfangadag og opnar aftur mánudaginn 28. desember. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.
Göngudeild SÁÁ í VON, Efstaleiti 7, verður opin á aðfangadag frá 9-12. Lokað á jóladag og annan í jólum.
Unglingasími SÁÁ er opinn allar hátíðirnar. Síminn er 824 7666.

## TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

**TANNLÆKNAÞJÓNUSTA**
**Opið verður á stofum eftirtalinna tannlækna yfir hátíðina:**
**Aðfangadagur:** Helga Birna Pétursdóttir, Grensásvegi 48, Reykjavík, sími 553-4530.
**Jóladagur:** Erna Rún Einarsdóttir, Háaleitisbraut 1, Reykjavík, sími 568-2522.
**2. í jólum:** Gunnar Ingi Jóhannsson, Hlíðasmára 17, Reykjavík, sími 562-6466.
Sjúklingum er bent á að snúa sér til slysadeildar sjúkrahúsanna komi upp alvarleg tilfelli utan opnunartíma.

## APÓTEK

### LYF OG HEILSA
Öll apótek Lyfja og heilsu eru opin til kl. 12 á aðfangadag nema apótekið í Austurveri sem opið er til 16 og apótekið í Kringlunni sem opið er til 13. Annan í jólum er opið frá 11-22 í Austurveri, 10-14 í Keflavík og 14-14.30 Vestmannaeyjum en lokað annars staðar. Lokað er á jóladag.

### LYFJA
Afgreiðslustaðir Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi verða opnir á aðfangadag, í Lágmúla frá klukkan 7 til 18 og á Smáratorgi frá klukkan 8-18.
Á jóladag er opið frá klukkan 10 til 1 eftir miðnætti í Lágmúla og frá klukkan 9-24 á Smáratorgi.
Önnur apótek fylgja hefðbundnum opnunartíma verslana um hátíðina.

### ÁRBÆJARAPÓTEK
Opið frá kl. 9 til 12 á aðfangadag. Lokað á jóladag og annan í jólum.

### LYFJAVER Suðurlandsbraut 22
Opið á aðfangadag frá kl. 8.30 til 12.

### LYFJAVAL, Mjódd
Opið á aðfangadag frá kl. 10 til 13. og lokað á jóladag og annan í jólum.

### LYFJAVAL, Álftamýri
Opið á aðfangadag frá kl. 9.00 til 12. Lokað á jóladag og annan í jólum.

### BÍLAAPÓTEKIÐ
Opið á aðfangadag frá klukkan frá 10 til 14. Á jóladag og annan í jólum er lokað.

### APÓTEKARINN, Vesturbæjarapótek og á Akureyri
Opið á aðfangadag frá 9 til 12. Lokað á jóladag og annan í jólum í Vesturbæ en opið 2. í jólum frá 12 til 14 á Akureyri.
Þeir sem þurfa á lyfjum að halda geta haft samband við læknavaktina utan þjónustu apótekanna ef brýna nauðsyn ber til.

## SAMGÖNGUR

### STRÆTÓ BS.
**Aðfangadagur**
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 14. Enginn akstur er á jóladag. Annan í jólum er ekið eftir áætlun sunnudaga.

### SUNDLAUGAR
**Aðfangadagur**
**Sundlaugarnar í Reykjavík** verða opnar frá 8 til 12.30, að frátalinni **Kjalarneslaug** þar sem opið er frá 10 til 12.30. **Kópavogslaug** er opin frá 8 til 12. **Sundhöll í Hafnarfirði** er opin frá 6.30 til 11 í, **Suðurbæjarlaug** frá 06.30 til 11 og **Ásvallalaug** frá 6.30 til 12.

**Jóladagur** Lokað.

**Annan í jólum**
Opið í **Laugardalslaug** og **Árbæjarlaug** frá 12 til 18 og **Kópavogslaug** frá 10 til 16. **Suðurbæjarlaug** er opin frá 10-14.

### SUNDLAUG AKUREYRAR
**Aðfangadagur** Opið frá 6.45 til 11.
### GLERÁRLAUG
**Aðfangadagur** Opið frá 9 til 11.

Gleðilega hátíð

Við hjá Bílabúð Benna óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleði og friðar yfir hátíðarnar og þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

Þann 15. desember lagði Bílabúð Benna sitt af mörkum til samfélagsins með því að færa matargjöf til sameiginlegs átaks Mæðrastyrksnefndar, Reykjavíkurdeildar Rauða Krossins og Hjálparstarfs kirkjunnar. Ákveðið var að gera slíkt í stað þess að senda hefðbundin jólakort og jólagjafir til viðskiptavina.



*Á mynd f.v. Margrét Beta Gunnarsdóttir - Bílabúð Benna, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir - Formaður Mæðrastyrksnefndar Benedikt Eyjólfsson - Bílabúð Benna.*

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - 590 2000 - benni@benni.is - www.benni.is

# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]
DESEMBER 2009

**Sælkeraveisla í frönsku Ölpunum**
Kokkurinn Oliver James í Val d'Isere
SÍÐA 2





**Taktu á móti nýju ári í stuttbuxum**
Bestu strandirnar til að halda áramót SÍÐA 8



# TÍU HEITUSTU ÁFANGASTAÐIRNIR ÁRIÐ 2010

# MIÐBAUGUR

*ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar

## NÝTT ÁR OG NÝIR ÁFANGASTAÐIR

Það eru ekki jól alls staðar, það eru engin jól úti í geimnum,“ tilkynnti sonur minn mér að morgni Þorláksmessu með spekingslegum svip. Vangavelturnar um tilveru jólasveinsins, jólahefðirnar og jólastressið á fullorðna fólkinu höfðu verið miklar síðustu vikurnar. Engin jól úti í geimnum? spurði ég og hváði. Jólin hljóta að vera alls staðar þó að ekki sé haldið upp á þau sagði ég. Ef mannfólkið hefði náð að setja upp Tunglstöð er ég fullviss um að við hefðum troðið þangað gervijólatrjám, vakúmpökkuðum kalkúnabitum og jólasveinahúfum á geimbúningana. Þannig erum við vestrænu menn bara gerðir, alveg sama hvort jólahefðirnar eru algerlega út úr kú við umhverfið þá ríghöldum við í þær af öllum mætti. Þess vegna fá jólasveinar að rogast um með hnausþykkan rauðan búning með hvítum loðbryddingum á suðurhveli jarðar í desember og svitna rækilega undan hvítu skegginu. Undarlegasta jólamáltíð sem ég hef snætt er í Norður-Ástralíu, þar sem íbúarnir höfðu aldeilis ekki sagt skilið við breskar hefðir. Þrátt fyrir að hitastigið úti væri hátt í 50 stig á selsíus og að rakinn læki í stríðum straumum niður gluggarúðurnar sátu konur við eldheita ofna og bökuðu „mince pie“, litlar breskar jólakökur fylltar af sætmeti. Jólamaturinn var að sjálfsögðu kalkúnn með fyllingu, brúnuðum kartöflum og heitri sósu, þrátt fyrir að fólk væri gegnvott af hræðilegum hita og raka og það lægi við að falla í ómegin. Hvers vegna engum datt í hug að staðfæra jólamatinn og framreiða grillaðan fisk, salat og ískaldan kokkteil í stað kalkúns og rauðvíns hef ég ekki hugmynd um, en veit þó að slíkt á sér stað víðs vegar um heim: í Suður-Ameríku, Suður-Afríku og Ástralíu sem dæmi. En af þessari vitleysu má auðvitað hafa gaman af því að hún færir ólíkar þjóðir aðeins nær hver annarri, jólin eiga sér stað víðs vegar um heim en eiga sér þó afskaplega rótgrónar hefðir. Fram undan er tími til þess að leiða hugann að spennandi ferðalögum og fjarlægum stöðum sem maður á eftir að sjá. Á síðum Ferðalaga í þetta sinn eru taldir upp heitustu áfangastaðir heims fyrir árið 2010 sem vonandi veita einhverjum lesendum innblástur á nýju ári.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Frá Soneva Kiri á Tailandi
**Pennar** Hólmfríður Helga Sigurðardóttir
**Ljósmyndir** Fréttablaðið, Getty Images
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónssn






Skíðahótelið Le Chardon Skipt niður í fimm mismunandi alpakofa þar sem lúxus er í fyrirrúmi.



Lærðu að elda í Ölpunum Oliver James býður upp á margvíslega kennslu.

# SÆLKERAVEISLA Á SKÍÐUM Í VAL D'ISÈRE

Kokkurinn **Oliver James** eldar lúxusmat á hótelinu Le Chardon í frönsku Ölpunum þar sem einnig er hægt að fara á námskeið í jólakökugerð

Sælkerar streyma til frönsku Alpanna í vetur þar sem breski stjörnukokkurinn Oliver James töfrar fram dýrindis rétti. James, sem lærði hjá Gordon Ramsay, er farinn að vinna á lúxushótelinu Le Chardon Mountain Lodges á skíðasvæðinu Val d'Isére. Hann hefur skapað spennandi matseðil sem er rómaður hjá matarskríbentum um heim allan. Á honum eru til dæmis grillaður aborri með trufflum og spenagrís með reyktum hvítlauk og tarragon-hlaupi. Gestir á hótelinu, sem reyndar er skipt í fimm mismunandi lúxuskofa, geta einnig lært ýmislegt um matargerð meðan á fríinu stendur og pantað sér matreiðslukennslu í hæsta klassa. Fullorðnir geta kynnt sér sælkerauppskriftir á meðan smáfólkið lærir að búa til jólakonfekt og kökur. Þess má geta að Le Chardon er í friðsælu þorpi sem kallast La Legettaz og stærsti alpakofinn rúmar 20 manns. Innifalið í vikuverði er matur, vín og þjónusta.

www.lechardonvaldisere.com *- amb*



Kokkaveisla í Frakklandi Oliver James töfrar fram dásamlega rétti.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
➔ flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

## VISTVÆNN LÚXUS

**Hótelið Soneva Kiri er paradís í frumskóginum.**

Hótelið Soneva Kiri opnaði í byrjun árs á eyjunni Koh Kood í Taílandi og er nú talið vera eitt besta hótel landsins. Það samanstendur af 42 mismunandi einkavillum með eigin sundlaug á sannkallaðri eyjaparadís með eyðiströndum og villtum frumskógum. Það er einungis hægt að fara þangað með einkaflugvél, svo hraðbáti og að lokum jeppa og setur þetta mikinn James Bond-svip á ferðalagið. Meðal þess sem er í boði á hótelinu er risavaxið útibíó, einstök heilsulind, veitingastaður uppi í trjánum sem er aðeins upplýstur af kertaljósi og jógatímar. Þess má geta að hótelið er byggt alfarið með vistvænum efnum og umhverfisvænt hugarfar er haft að leiðarljósi.

*- amb*



Einkavillur úr umhverfisvænum efnum Sérhverri villu fylgir einkasundlaug.

# SPENNANDI GOLFFERÐIR 2010!

ÚRVAL·ÚTSÝN

Við þökkum frábærar viðtökur við golfferðum okkar á árinu sem er að líða. Á nýju ári bjóðum við í bland nýja og spennandi golfáfangastaði ásamt þeim gömlu og góðu. Skelltu þér með í hópinn og njóttu þess að spila golf við frábærar aðstæður í umsjón þaulreyndra fararstjóra.



Mynd frá Sueno vellinum á Tyrklandi.

Verðdæmi fyrir árið 2010:

**Spánn** ★★★★
5. apríl - vika
**Hótel Hesperia**
VERÐ FRÁ:
**169.900 kr.**
m.v. tvo í tvíbýli með hálfu fæði og ótakmörkuðu golfi í 7 daga.

**Tenerife** ★★★
3. febrúar - vika
**Hótel Tropical Playa**
VERÐ FRÁ:
**169.900 kr.**
m.v. tvo í tvíbýli með hálfu fæði og golf í 5 daga.

**Taíland** ★★★★★ LÚXUS
26. jan - 18. febrúar
ÖRFÁ SÆTI LAUS!
**Woodlands Suites Res.**
VERÐ FRÁ:
**353.948 kr.**
m.v. tvo í tvíbýli með morgunverði á 5 stjörnu lúxus hóteli.

**Tyrkland** ★★★★★ LÚXUS
20. - 28. apríl
**Hótel Sueno**
VERÐ FRÁ:
**249.900 kr.**
m.v. tvo í tvíbýli með hálfu fæði og ótakmörkuðu golfi á 5 stjörnu lúxus hóteli.

**Fararstjórar:**




ÚRVAL·ÚTSÝN

MEIRA Á
urvalutsyn.is

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega.

MasterCard VISA


Hvað er nú þetta? Jú, Egilsstaðir á austurhluta Íslands.


Færeyjar Þórshöfn er spáð titlinum Hipsterbær norðursins á næsta ári.


New York Sjarmerandi stemning í Greenwich Village.

# TOPP TÍU FYRIR 2010

Hverjir verða vinsælustu og jafnframt sniðugustu áfangastaðirnir á nýju ári? *Anna Margrét Björnsson* fletti helstu ferðasíðum heims og komst að því að Ísland er heitt, Færeyjar enn heitari og Þýskaland jafnvel það heitasta af öllu.

**Þýskaland!**
Samkvæmt Lonely Planet er Þýskaland einn heitasti áfangastaður næsta árs. Berlín hefur verið gífurlega vinsæll áfangastaður meðal ungs fólks á Íslandi undanfarin ár enda er þar blómstrandi listalíf, nokkuð ódýrt að lifa svona miðað við marga aðra staði og ekki sem verst að djamma þar heldur. En Berlín er ekki upphaf og endir Þýskalands heldur spáir Lonely Planet að Hamborg komi gríðarlega sterk inn, sérstaklega vegna þess að þar er í uppbyggingu nýtt og spennandi hafnarhverfi sem er að fyllast af ungu fólki. Dómkirkjan í hinni sundursprengdu Dresden hefur verið endurreist og þeirri borg er líka spáð frægð og frama á næsta áratug. Sumsé, Þýskaland, ja bitte!

**Argentína!**
Stöðugur straumur Íslendinga flykkist til Argentínu á veturna enda heilmargt spennandi þangað að sækja. Landið er ótrúlega fallegt og býður upp á allt milli stórfenglegra fjallgarða, saltsléttna og eyðistranda. Svo er borgin Buenos Aires iðandi af litum og lífi. Menningarlífið er vægast sagt hresst: tangó, tónleikar og fjölbreytt næturlíf. Maturinn er sagður hreinasta lostæti og eins og flestir vita eru nautasteikurnar hvergi betri. Tískubúðir hafa sprottið upp í Buenos Aires undanfarin ár og því ættu allir að geta gert góð kaup, sérstaklega á vönduðum leðurvörum. Það kann að vera dálítið dýrt að fljúga til Argentínu ( Reykjavík- New York-Buenos Aires er sennilega besta leiðin) en þegar þangað er komið er virkilega ódýrt að lifa.

**Ísland!**
Bíðið nú hæg… Ísland? Jú, nákvæmlega, Ísland skorar gríðarlega hátt á listum yfir bestu áfangastaðina á næsta ári. Þar er talin upp stórbrotin fegurð landsins, hreint loft og vatn, endalausir afþreyingarmöguleikar, jöklaklifur, hestaferðir, hvalaskoðun, kajakferðir og fossaskoðun. Svo auðvitað hið gríðarlega spennandi næturlíf þar sem hægt er að virða fyrir sér Reykvíkinga gersamlega missa sig í miðbænum: ovurölvi og með skrílslæti. Og já, konurnar eru víst alveg gríðarlega fallegar líka. Aðalástæðan fyrir þessum vinsældum Íslands árið 2010 er samt hversu drjúgur túristadollararnir eru. Það er jú kreppa á skerinu. Það er allavega gott fyrir þá sem hafa ekki efni á því að ferðast neitt á næsta ári að landið okkar er á ný gífurlega trendí.

**New York!**
New York? Er það ekki alltaf vinsæll áfangastaður? Hvað er svona nýtt við það. Ferðalög spá New York auknum vinsældum meðal Íslendinga á næsta ári vegna þess að flugfélagið Iceland Express verður byrjað að fljúga þangað og vonandi verður þessi aukna samkeppni til þess að hægt verði að komast þangað fyrir aðeins minni pening. Fyrir þá sem hafa aldrei komið til stóra eplisins þá skal hér tekið fram að ferð þangað verður alltaf ógleymanleg. New York suðar af lífi og andar spenningi, hvort sem þú fílar artí stemninguna í Williamsburg eða Greenwich Village eða „Sex and the City" smartheitin á Manhattan. Ég vil verða hluti af henni söng Frank Sinatra af góðri ástæðu.

**Gana!**
Ha? Jú, ferðalangar verða að hugsa hlutina aðeins upp á nýtt og hugleiða siðræna ferðamennsku. Þetta þýðir að þegar þú heimsækir þróunarlönd þá verður þú að skoða hvernig hugað er að ferðamennsku í hverju landi, hvernig umhverfisverndarsjónarmið þeirra eru og hvort arður af ferðamennsku skili sér yfirleitt til fólksins. Því miður er það nefnilega þannig hjá fátækari þjóðum að ferðamennska getur haft afleit áhrif á skóga, höf og rótgróna menningu. Á lista hjá síðunni The Ethical Traveller skorar Vestur-Afríkuþjóðin Gana mjög hátt og því vert að hafa hana í huga þegar hin myrka og stórfenglega heimsálfa er heimsótt. Gana, eins og svo fjölmargar afrískar þjóðir, hefur til að bera dásamlega hlýtt fólk, ríkan menningararf, heillandi landslag og ævintýralegt dýralíf.

**Nepal!**
Samkvæmt Lonely Planet er Himalayafjallaríkið Nepal einn heitasti áfangastaður ársins 2010. Þessi smáa þjóð sem er undir kínverskri stjórn hefur heillað vesturlandabúa í áraraðir og gönguferðalag í Nepal er orðið ómissandi lífsreynsla fyrir flesta, líkt og að skoða píramídana, Louvre eða að kafa á kóralrifi. „Þú munt aldrei gleyma Himalaya-fjöllunum," segir Lonely Planet. Svo er höfuðborgin Katmandú svo exótísk, mannlífið einstakt og litirnir sem ber fyrir augun eru svo ríkulegir, hvort sem það eru ævintýraleg krydd á útimörkuðum, appelsínugulir kuflar á búddamúnkum eða heiðblár himinninn handan fjallstindanna. Í Nepal geturðu líka sökkt þér djúpt í búddismann og farið í ferðalag fyrir andann.

**Færeyjar!**
Íslendingar gerðu lengi vel grín að þessari náskyldu þjóð en undanfarin ár höfum við byrjað að uppgötva að Færeyjar eru dálítið eins og Ísland, bara betri. Veðurfarið er skárra, grasið er grænna, fólkið er myndarlegra, Færeyingar eiga meiri peninga, Færeyingar byggja fallegri hús, og þar að auki reisa þeir við einn sögufrægasta skemmtistað Reykjavíkur sem borgaryfirvöld sáu ekki sóma sinn í að halda opnum: Sirkus. Nú þegar Sirkus er kominn til Þórshafnar og íslensk hönnun seld í versluninni Zo er augljóst að hipsterar Reykjavíkur fara að flykkjast til Færeyja. Eina mögulega vandamálið við Þórshöfn er hversu lítið er hægt að gera þar í miðri viku en við spáum því að lista-, menningar- og kaffihúsalífið taki við sér á næsta ári.

**Suður-Afríka!**
Á næsta ári verður FIFA-heimsmeistaramótið haldið í þessu stórbrotna og sögurríka landi og búist er við miklum ferðamannastraumi til Höfðaborgar í tengslum við fótboltann. Suður-Afríka


19. daga ferð, 14. júní – 2. júlí 2010 til

KÍNA

með Kínaklúbbi Unnar

Heimsýningin, EXPO, í Shanghæ, verður skoðuð dagana 16. og 17.júní. Síðan verður farið til Xian, Guilin, Suzhou, Tongli og Beijing. Einnig verður siglt á Keisaraskurðinum og gengið á Kínamúrinn.

Verð kr 510 þús./mann ALLT INNIFALIÐ!

Uppl. í símum 551 2596 – 868 2726.
Ferðaskráná má sjá á www.simnet.is/kinaklubbur









S.Gunnbjörnsson óskar landsmönnum gleðilegra jóla og þakkar viðskiptin á árinu sem er að líða







Úlfhildi Valgeirsdóttur, sex ára, langar mest í diskókúlu sem snýst og gefur frá sér fallegt ljós. Sigrúnu systur hennar, 8 ára, langar í hljómborð á standi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verið róleg, við hjálpum

**Þær systur Sigrún Valgeirsdóttir og Úlfhildur segjast aldrei hafa fengið kartöflu í skóinn enda séu þær með eindæmum stilltar. Ef þær fengju kartöflur myndu þær selja ömmu sinni kartöflurnar.**

Sigrún segir að hún hafi gott ráð handa fullorðna fólkinu í dag sem er í óðaönn að leggja lokahönd á jólaundirbúninginn. Það sé engin þörf að stressa sig og börnin á heimilinu geti hjálpað til: „Verið bara róleg, við hjálpum ykkur við að undirbúa. Við getum skreytt jólatréð, skrifað á pakkana og skreytt þá og margt fleira,“ segir Sigrún og systir hennar samsinnir henni – það geti allir á heimilinu hjálpast að.

Systurnar segjast vita að jólin eru haldin til að fagna fæðingu Jesúbarnsins. „Jólin eru líka til að fagna ljósinu, að dagurinn er að lengjast,“ segir Sigrún.

Jólasveinninn er þeim ofarlega í huga enda hafa þeir nokkrir verið að gefa þeim í skóinn og þær taka það fram að þær hafi aldrei nokkurn tímann fengið kartöflu í skóinn en hins vegar viti þær um óþekkan strák í bekknum hennar Sigrúnar sem hafi örugglega fengið kartöflu. Myndu þær fá kartöflu eru þær hins vegar með ráð undir rifi hverju. „Við gætum bara selt ömmu Hugrúnu kartöflurnar. Hún keypti kartöflurnar úr skólagarðinum á þúsund krónur,“ segir Úlfhildur. Þær stöllur eru ekki búnar að mynda sér skoðun um tilvist Grýlu og finnst jafnlíklegt að hún sé til og að hún sé ekki til en þær eru vissar um að hún sé með bólu á nefinu og pokinn hennar sé úr mjög sterku efni ef hún lifir einhvers staðar.

„Það er erfitt að bíða í dag, en það er samt gaman meðan barnatíminn er í sjónvarpinu. Svo fáum við að opna einn pakka fyrir matinn,“ segir Sigrún.

*juliam@frettabladid.is*




# kirkjan

FIMMTUDAGUR 24. DESEMBER 2009

## Jákvæður vettvangur fyrir börn

**Í Fella- og Hólakirkju fá börnin í sókninni að taka þátt í starfi Listasmiðjunnar Litrófs.**

SÍÐA 7





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Messugestir fá að taka virkan þátt

Tómasarmessa hefur verið haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd síðasta sunnudag í mánuði, frá hausti til vors síðastliðin ellefu ár. Dóra Diego og eiginmaður hennar, Kristján Þorgeirsson, hafa verið þátttakendur í messunum um margra ára skeið. „Þessar messur eru talsvert frábrugðnar öðrum og gefst fólki meira tækifæri á að taka þátt en í hefðbundnum messum,“ segir Dóra, sem er í fyrirbænaþjónustu Breiðholtskirkju.

Tómasarmessa dregur nafn sitt af Tómasi hinum vantrúaða sem var einn af lærisveinum Krists. Hann sagðist ekki trúa því að Kristur væri upprisinn nema að fá fyrir því áþreifanlegri sannanir og vildi sjálfur fá að leggja hendur á sárin. „Hann er tákngervingur fyrir marga nútímamenn en við erum öll svolítið vantrúuð og þurfum alltaf á staðfestingu að halda.“

Dóra segir Tómasarmessurnar léttar og skemmtilegar og að lagt sé upp með að messugestir taki virkan þátt. „Þorvaldur Halldórsson er yfir-músíkant og er mikið lagt upp úr léttri tónlist og söng. Stór hópur messuþjóna, presta, djákna og leikmanna taka þátt og þótt messuliðirnir séu þeir sömu og í hefðbundnum messum er ýmislegt frábrugðið. „Til að mynda taka nær allir þátt í altarisgöngunni, auk þess sem bænaþátturinn er talsvert frábrugðinn því sem gengur og gerist en boðið er upp á ýmiss konar bænaform og fyrirbænir. „Það eru þó nokkuð margir sem koma fram til fyrirbæna í hverri messu og auk þess margir sem kveikja ljós í bænakertastjakanum og biðja fyrir sínum. Þá er líka hægt að setjast niður og skrifa bænaefni á blöð og setja í körfu en beðið er samkvæmt þeim í messunni og síðan áfram í kirkjum Reykjavíkurprófastdæmis austur,“ segir Dóra.

Lengi vel var einungis boðið upp á Tómasarmessu í Breiðholtskirkju en hin síðustu ár hefur hún einnig farið fram í Grensáskirkju annan sunnudag í mánuði. Næsta Tómasarmessa fer fram í Breiðholtskirkju sunnudaginn 27. desember og hefst hún klukkan 20. *- ve*



**Tómasarmessa dregur nafn sitt af Tómasi hinum vantrúaða sem var einn af lærisveinum Krists. Messurnar eru léttar og skemmtilegar og eru Dóra og Kristján virkir þátttakendur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Útgefandi:** Biskupsstofa, Kjalarnesprófastsdæmi, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra | **Vefsíða:** www.kirkjan.is, www.kjalarpr.is, www.kirkjan.is/eystra og www.kirkjan.is/vestra Sími: 528 4000 | **Ritstjóri:** Roald Eyvindsson | **Ábyrgðarmaður:** Steinunn A. Björnsdóttir | **Forsíða:** Valgarður Gíslason | **Auglýsingar:** Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson Sími: 512 5471.






**„Jólaguðspjallið er saga sem ekki má gleymast, þá sögu þurfum við að rifja upp og kenna börnunum okkar,“ segir Karl Sigurbjörnsson biskup.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sagan sem ekki má gleymast

**Karl Sigurbjörnsson biskup segir jólaguðspjallið ómissandi þar sem í því birtist kjarni kristinnar trúar og siðar, guðsmynd og mannskilningur.**

Börnin á leikskólanum buðu aðstandendum til friðarstundar sem þau höfðu undirbúið af alúð og áhuga og barnslegri einlægni. Þau höfðu útbúið falleg ljósker og sungu yndislegan söng um ljósið. Svo sungu þau nokkrar jólavísur og fóru með brot úr jólasveinakvæði Jóhannesar úr Kötlum. Hið frábæra starfsfólk leikskólans hafði sannarlega lagt sig fram um að gera allt úr garði sem best mætti verða fyrir börnin og boðsgesti þeirra. Þetta var afar skemmtilegt, fallegt og gott og sannarlega heilnæmt fyrir sálina. En eftir á leitaði á mig að þarna var ekkert minnst á Betlehem, Maríu eða Jesú. Ætli stefni í það að eini staðurinn utan heimilanna sem leyft verði að rifja upp sögu jólaguðspjallsins og nefna höfuðpersónur hennar á nafn sé í kirkjunum? Ef svo er þá gerir það meiri kröfur til heimilanna og til kirkjunnar og kristinna trúarsafnaða en nokkru sinni að sinna því og gæta þess. Það er ekki aðeins trúarleg skylda heldur þjóðleg og menningarleg og mikið í húfi fyrir framtíð menningar, trúar og siðar í landi hér. Jólaguðspjallið er saga sem ekki má gleymast.

Mikilvægustu gildin til farsældar landi og þjóð mótast og nærast í uppeldi í trú og vonar og kærleika. Þeim er ekki síst miðlað með sögum og táknum og hátíðum þar sem við finnum að við erum hluti samhengis sem ber okkur uppi, þrátt fyrir allt. Þess vegna er jólaguðspjallið ómissandi, og að það sé rifjað upp í orðum, söng og leik. Sem betur fer gerist það víða, líka í skólum, að ekki sé talað um í hinum mikla söngvasjóði sem tónlistarfólkið okkar eys af um aðventu og jól okkur öllum til gleði og uppbyggingar. Jólaguðspjallið má ekki gleymast. Þar birtist kjarni kristinnar trúar og siðar, guðsmynd og mannskilningur. Hvort tveggja geymir til dæmis ómetanlegt mótefni gegn ásókn sjálfselsku, græðgi og hroka. Í barninu í Betlehem er Guð að vitja okkar og minna okkur á að sérhvert mannsbarn er elskað af Guði, í hverju barni sjáum við hans mynd, sérhvert barn er tákn vonar og framtíðar, og kallar á viðbrögð umhyggju og kærleika.

Jólaguðspjallið er saga sem ekki má gleymast, þá sögu þurfum við að rifja upp og kenna börnunum okkar. Svo að þau og við öll getum lært að reiða okkur á það sem hún miðlar, lært að treysta því og trúa, að elska lífið og náungann og gleðjast yfir voninni sem frá jötunni varpar mildum og hlýjum bjarma sínum yfir heiminn.

*Gleðileg jól!*
*Karl Sigurbjörnsson*

# Í messu snemma morguns

Góður hópur árrisula kirkjugesta mætir til messu hvern miðvikudagsmorgun í Hallgrímskirkju klukkan átta. Í þau tæpu sjö ár sem boðið hefur verið til morgunmessu hefur varla fallið úr dagur. Í ár var messað á Þorláksmessu og verður einnig messað miðvikudaginn 30. desember. Það verður síðasta messan í bili uppi við altari Hallgrímskirkju en vegna framkvæmda í kirkjuskipinu færast messurnar niður í kórkjallarann á nýju ári.

Séra Kristján Valur Ingólfsson er maðurinn á bak við árdegismessurnar, en átta prestar skiptast að staðaldri á um að þjóna fyrir altari. Þjónusta leikmanna er mikilvæg í árdegismessunum við forsöng, aðstoð við útdeilingu, bæn og hugleiðingu, að ógleymdum morgunmatnum sem fólk skiptist á að undirbúa. Þá eru ávallt tekin samskot sem renna til Hjálparstarfs kirkjunnar og kristniboðsins.



**Sigrún hefur tekið þátt í árdegismessum frá upphafi en fyrsta messan var haldin árið 2003.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að sögn Sigrúnar V. Ásgeirsdóttur, sem hefur verið með í messunum frá byrjun, tók hún því strax fagnandi að vera þátttakandi í helgihaldi svo árla dags. Hún var með í fyrstu messunni á öskudaginn árið 2003 og minnist þess með gleði. „Samfélagið við morgunmatinn er mikilvæg viðbót við þann hálftíma sem messan í kirkjunni tekur með tilheyrandi spjalli um landsins gagn og nauðsynjar,“ segir Sigrún.

Þátttakan í messunum hefur aukist jafnt og þétt. Í upphafi mættu frá átta til tíu manns en núna eru iðulega yfir tuttugu messugestir. Sigrún segir samfélagið hlýtt og gleðina mikla við að allir hjálpast að.

Margir úr miðvikudagssöfnuðinum eru einnig þátttakendur í messuhópum í Hallgrímskirkju og síðastliðið vor var stofnaður hópur um þjónustu við messur á Þingvöllum á sumrin en hann hefur fengið nafnið Vinir Þingvallakirkju. Allir eru velkomnir í miðvikudagssamfélagið í Hallgrímskirkju. *- ve*

Hallgrímskirkja







HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVIK
GAMLÁRSDAGUR KL. 17
DECEMBER 31, NEW YEARS EVE 2009

# HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

## 5 PM- FESTIVE SOUNDS ON NEW YEARS EVE

***Hátíðartónlist fyrir 2 trompeta og orgel,***
***Well- known festive music for organ and 2 trumpets,***
***by Albinoni, Pezel, Molter, Áskell Másson and J.S.Bach ( Toccata and fuge in d- minor)***

***Ásgeir H. Steingrímsson / Eiríkur Örn Pálsson***
***trompet / trumpets.***
***Hörður Áskelsson orgel / organ.***

***Miðaverð / Admission : ISK 2500 / EUR 15***

www.listvinafelag.is
Hallgrímskirkja box office Tel. 510 1000

*LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 28. STARFSÁR // HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY, 28th SEASON*


Kvikmyndin Children of Men segir af samfélagi þar sem börn hafa ekki fæðst um árabil og hefur það leitt til örvæntingar og vonleysis sem birtist í harðræði og ofbeldi.

# Mannanna börn

Sjáum fyrir okkur vígvöll. Fjöldi hermanna berst við uppreisnarmenn. Þungum vopnum er beitt. Byssuskot fljúga. Sprengingar heyrast. Við skiptum um sjónarhorn og förum inn í stóra byggingu þar sem uppreisnarmenn halda til. Sjáum unga konu sem hniprar sig saman með nýfætt barn sitt sem fæddist inn í þessar ótrúlegu aðstæður. Svo byrjar barnið að gráta. Og í einni svipan er sem tíminn stöðvist. Byssurnar þagna. Sprengingarnar líka. Móðir og barn eru leidd óhult niður tröppur, út á vígvöll götunnar og halda sína leið, gegnum hinar stríðandi fylkingar. Grátur barnsins snertir við hjörtum mannanna. Vekur af svefni þrána til lífsins. Miðlar von. Stöðvar stríðið. Þetta er heilög stund.


Kristín Þórunn og Árni Svanur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta atriði er að finna í kvikmyndinni Mannanna börn – Children of Men. Hún segir frá samfélagi í kreppu. Þar hafa engin börn fæðst um árabil og það hefur leitt til örvæntingar og vonleysis sem birtist í harðræði og ofbeldi. Svo gerist það að ung kona verður ófrísk. Hún tilheyrir lægstu stéttum samfélagsins sem hafa enga rödd og fá engin tækifæri. Hana þarf að vernda og barnið ófædda þarf að vernda því margir vilja komast yfir barnið og nota það í eigin þágu. Í barninu sjá þeir það sem þá vantar: von um framtíð.

Bíómyndir geta verið athvarf frá dagsins önn, en þær ögra líka, fá okkur til að hugsa málin upp á nýtt og birta nýja sýn á veruleikann. Stundum varpa þær nýju ljósi á eitthvað sem við töldum okkur þekkja nokkuð vel. Það gerir Mannanna börn. Myndin sem hún dregur upp af fæðingu barnsins, kallast á við jólaguðspjallið um barnið í Betlehem. Við horfum á myndina og upplifum frið jólanna í gegnum átökin, hávaðann og hætturnar. Virðum barnið fyrir okkur, heyrum grátinn og erum minnt á eigin þrá og von eftir friði og öryggi.

Nú er tími vonarinnar. Guð gefi okkur gleðileg jól.

*Árni Svanur Daníelsson og Kristín Þórunn Tómasdóttir*

# Jólin hafa djúp áhrif á tilfinningar manna

**Séra Gunnar Kristjánsson, prestur á Reynivöllum og prófastur í Kjalarnesprófastsdæmi segir að boðskapur jólanna sé sterkur, einfaldur og auðskilinn.**


Sr. Gunnar Kristjánsson segir frumtáknin í jólaguðspjallinu vekja upp sterkar frummannlegar tilfinningar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jólahald hefur teygt sig langt út fyrir raðir kristinna manna og hefur hvarvetna um heiminn svipuð einkenni: mikill undirbúningur, skreytingar, veislumatur, tónlist og svo gjafir. „Hinn sterki þáttur gjafarinnar sýnir að margir hafa enduruppgötvað að manninum er ekki aðeins eiginlegt að þiggja heldur er honum jafn eiginlegt að gefa og gleðja aðra,“ segir Gunnar. „Þessi einkenni eiga þó fyrst og fremst við um aðdraganda jólanna, allt breytir um svip þegar jólin eru hringd inn, staður og stund fá nýtt yfirbragð þegar það hversdagslega er yfirgefið um sinn og gengið er inn í heilagan tíma.“

„Þá rennur stundin upp þegar við leiðum hugann að kjarna málsins og veltum fyrir okkur inntaki þessarar hátíðar, að skilningi okkar kristinna manna. Þar er einn miðpunktur – jólaguðspjallið sjálft. Upphaf jólanna markast af jólamessunni og sérstaklega af lestri jólaguðspjallsins. Það undirstrikar að jólin snúast ekki um hversdagslega hluti heldur eitthvað sem snertir manninn enn dýpra. Frásögnin um fæðingu Jesú hefur sterkt aðdráttarafl vegna þess að hún byggist á svonefndum frumtáknum. Það var djúpsálarfræðin sem gerði fyrst grein fyrir þeim og eðli þeirra og benti á mikilvæga þýðingu þeirra fyrir manninn. Þau höfða til dulvitundarinnar og því skiljum við þau mun fremur með tilfinningunum en skynseminni,“ segir Gunnar. „Frumtákn jólanna eru í fyrsta lagi jatan, í öðru lagi ljósið og myrkrið, sem haldast í hendur og í þriðja lagi barnið sjálft. Jatan, og sú hlýja sem fólk þekkir úr gripahúsum, vekur ákveðna tilfinningu fyrir öryggi. Jatan vísar því til frumlægrar þrár mannsins til að eiga sér öruggt athvarf.“

Gunnar segir frumtákn til staðar í öllum trúarbrögðum auk þess sem þau séu hluti af því að vera manneskja enda tali þau beint til manneskjunnar hver sem hún er. Frumtáknin ljós og myrkur skilja allir svo dæmi sé tekið. „Jesús fæðist í myrkri um nótt og svo skín birtan yfir fjárhirðana þegar engillinn birtist þeim og stjarnan vísar vitringunum veginn. Birtan undirstrikar að maðurinn þráir ljósið, sem er frumtákn fyrir þrá mannsins eftir fegurð, sannleika og góðvild.“

Jesúbarnið sem frumtákn útskýrir Gunnar á þá leið að táknið vísi til þeirrar meðvituðu eða ómeðvituðu löngunar mannsins að geta endurnýjast og byrjað upp á nýtt. „Barnið er tákn fyrir hreinleika og sakleysi, óspilltan veruleika. Margir tala um jólin sem hátíð barnsins enda vekja þau bernskuminningar til lífsins. En þau vekja ekki aðeins ljúfar minningar heldur einnig sárar því ekki eiga allir aðeins góðar minningar úr æsku. Jólin hafa djúp áhrif á tilfinningalíf og trúarvitund mannsins.“

*- jma*

● **TRÚMÁLAVEFUR ÞJÓÐKIRKJUNNAR** www.tru.is, er stærsta predikanasafn landsins og í hverri viku bætast fleiri predikanir í safnið. Yfir jólin munu fjölmargar jólapredikanir birtast þar, þar á meðal útvarps- og sjónvarpspredikanir biskups Íslands. Á tru.is er líka að finna safn pistla um trúna og tilveruna. Á aðventu voru settir inn fjölmargir pistlar sem fjölluðu um aðventu og jól en einnig má benda á pistla er fjalla um stöðu einstaklingsins í þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin gengur í gegnum núna. Þá má finna á trúmálavefnum spurningar og svör um ýmislegt er snertir trú, kirkju og menningu. Þar er einnig hægt að bera fram spurningu. Þar má finna nokkrar spurningar er snerta jólin og jólasiði, meðal annars um uppruna jólasveinsins, aðventukransinn, vitringana, af hverju jólin standa í þrettán daga og fleira. Loks er á www.tru.is almanak sem birtir daglega íhugunarorð, ritningarorð og bæn. Hægt er að gerast áskrifandi að daglegri bæn og ritningarlestri á vefnum.



## HVAÐ ERU JÓLIN FYRIR ÞÉR?

„Fyrir mér eru jólin tákn ljóssins og vonarinnar sem lýsir í svartasta myrkrinu,“ segir Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur þegar hún er spurð um merkingu jólanna. „Hangikjötsilmur og laufabrauð, samvera með ástvinum og bóklestur á jólanótt með tveggja hæða konfektkassa ofan á sænginni, friður og hlýja í hjartanu, þakklæti fyrir allt sem er, vissan um að engu skiptir hvað gerist, á endanum birtir alltaf til að nýju og kærleikurinn, eins og Kristur sagði, er það sem varir og það sem mestu skiptir.“

Annar rithöfundur, Herdís Egilsdóttir, segist leita inn á við að barninu í sjálfu sér um jólin. „Barnið innra með okkur er það besta sem til er. Ég kenndi litlum börnum í 45 ár og þakka forsjóninni fyrir það, því ég hef alltaf elskað allan jólaundirbúninginn. Þessi tími er fullur af von og ég öðlast trú á allt það góða, sama hvað gengur á í heiminum,“ segir Herdís.

Sigurður Pálsson rithöfundur segir jólin vera fagnaðarefni. „Þau merkja gleði, friðsæld og íhugun. Þau eru gjöf og gjafir. Gleði yfir hinni góðu fregn um kærleika, ljós og birtu sem vex. Friðsældin að njóta ilms og bragðs af góðum mat. Án ótta og sektarkenndar. Njóta í friðsæld. Rifja upp og íhuga góðar minningar. Sem sagt, jólin eru fagnaðarefni,“ segir Sigurður.


Vilborg Davíðsdóttir rithöfundur.


Herdís Egilsdóttir rithöfundur.


Sigurður Pálsson skáld.



# Engillinn og hirðarnir

Á hæðunum í kringum Betlehem voru fjárhirðar úti í haga um nótt og gættu hjarðar sinnar. Allt í einu helltist yfir þá ofurbjart ljós eins og það væri kominn dagur. Engill birtist þeim í skæru ljósinu. „Verið ekki hræddir," sagði engillinn. „Ég flyt ykkur góðar fréttir. Í nótt fæddist frelsari heimsins í Betlehem. Þið munuð finna ungbarn liggjandi í jötu."



Síðan birtust á himninum enn fleiri englar og sungu Guði lof og dýrð. Þetta var stórkostleg sýn!

Fjárhirðarnir spruttu á fætur og flýttu sér eins og þeir gátu beint til Betlehem. „Við verðum að sjá þetta einstaka barn," sögðu þeir.

Í Betlehem hittu þeir Maríu og Jósef og sáu barnið í jötunni. „Þetta er alveg eins og englarnir sögðu," hvísluðu þeir sín á milli lágum rómi. Fjárhirðarnar fóru síðan aftur til að líta eftir kindunum sínum. Þeir voru glaðir í bragði og sungu Guði lof hátt og snjallt fyrir þetta stórkostlega undur sem þeir höfðu fengið að sjá.

*Birt með leyfi Skálholtsútgáfunnar. Nánar á barnatru.is*

Dragðu strik milli punktanna, frá 1-32, til að sjá hvað fjárhirðirinn er með í fanginu. Litaðu svo myndina.



Hve mörg lömb getur þú talið á síðunni? ☐



| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| k | j | a | t | a | s |
| ó | h | r | æ | d | d |
| n | b | a | r | n | k |
| g | ó | ð | ú | ó | u |
| u | j | æ | v | l | p |
| r | f | r | é | t | t |



# Leitað að orðum

Dragðu hring um orðin sem englarnir sögðu við fjárhirðana.

*Óhrædd*
*Góð*
*Frétt*
*Barn*
*Kóngur*
*Jata*





# Vitringar á ferðalagi

Langt í burtu frá Betlehem voru nokkrir vitringar sem horfðu rannsakandi augum á stjörnur himinsins. Þeir höfðu skyndilega séð stjörnu nokkra sem skein svo skært og fagurlega.

„Stjarnan þýðir að nýr konungur hefður fæðst," sögðu þeir hver við annan. „Við verðum að fara og sjá hann og heiðra með gjöfum."

Vitringarnir gerðu sig ferðbúna og héldu af stað. Stjarnan vísaði þeim leið. Eftir langt ferðalag komu vitringarnir loks til Betlehem.

„Sjáið! Stjarnan skín yfir húsinu þarna," sögðu þeir og voru spenntir. Þeir gengu hljóðlega inn í húsið og þar fundu þeir Maríu, Jósef og Jesúbarnið. Vitringarnir hneigðu sig fyrir barninu og lofuðu það. „Við höfum fundið nýfædda konunginn!" sögðu þeir fagnandi. Síðan gáfu þeir Jesúbarninu dýrmætar gjafir, gull, reykelsi og myrru. María horfði á gjafirnar og var bæði undrandi og glöð.



*Birt með leyfi Skálholtsútgáfunnar. Nánar á barnatru.is*



# Ratleikur

Vitringarnir földu gjafirnar innan á sér. Dragðu hring í kringum gjafirnar þegar þú hefur fundið þær.

# Týndar gjafir

Hjálpaðu vitringnum að finna rétta leið að fjárhúsinu þar sem Jesús fæddist. Það má ekki fara yfir rauðu línurnar.




# JÓL Á TRÚ.IS

„Þú hefur valið að vera hér, staðnæmast hjá barninu þessa stund. Englar himinsins horfa í augu þín í kvöld og góður Guð sér og þekkir alla þína vegu."

*Jóna Hrönn Bolladóttir og Bjarni Karlsson: Kyrrðin eins og á fjöllunum*

„Missir og sorg verða oft enn sárari á aðventu og jólum, þessum tíma sem oft nýtist til þess að styrkja fjölskylduböndin og rifja upp hefðirnar."

*Sigrún Óskarsdóttir: Jólagleði og jólasorg*

**„Við megum sjá Guð í ástarsögum heimsins. Veröldin er frá upphafi alin í ástareldi. Allt efni, öll tilveran kraumar af ást, Guðsástinni meðal mannanna."**

*Sigurður Árni Þórðarson: Þrjár ástarsögur og appelsínur*

„Bjóddu fólki heim, en ekki til að heilla það upp úr skónum með flottum mat og fínheitum heldur til þess að eiga gott samfélag. Einföld máltíð í góðra vina hópi gefur mikið."

*Petrína Mjöll Jóhannesdóttir: Tíu leiðir til þess að gera jólin innihaldsríkari*

**„Umfram allt eru jólin tími umhyggju um eigin dýpstu þarfir, um náungann og þau sem með einum eða öðrum hætti fara halloka í lífinu."**

*Karl Sigurbjörnsson: Ljós og andi jólanna*

www.trú.is

**Trú.is**

er trúmálavefur Þjóðkirkjunnar. Þar finnur þú pistla um trúmál, prédikanir, spurningar og svör, almanak kirkjunnar og margt fleira.

**Líttu við!**

ARGH 1209

# Mjög annasamt hjá prestum um hátíðarnar

Nóg er um að vera hjá séra Ingólfi Hartvigssyni um hátíðarnar. Hann er búsettur á Kirkjubæjarklaustri þar sem hann starfar við sóknarkirkjuna Prestsbakkakirkju og minningarkapellu séra Jóns Steingrímssonar, en þess utan þjónar hann þremur öðrum sóknum: Grafarkirkju í Skaftártungu, Langholtskirkju í Meðallandi og Þykkvabæjarklausturskirkju í Álftaveri. Ingólfur var vígður að Kirkjubæjarklaustri í ágúst árið 2006, og eru þetta því fjórðu jólin sem hann og fjölskylda hans, eiginkonan Karítas Kristjánsdóttir og börnin Naómí Alda, níu ára, og Sveinn Hartvig, sem verður fjögurra ára í lok mánaðarins, eyða fyrir austan.



Séra Ingólfur og Karítas eiginkona hans ásamt börnunum Naómí Öldu og Sveini Hartvig.

Eins og áður sagði er nóg að gera hjá flestum prestum landsins um jólin og er Ingólfur engin undantekning. Í dag er ein messa á dagskrá á miðnætti, en á morgun, jóladag, eru þær tvær. Annar í jólum er svo annasamasti dagurinn, en þá keyrir Ingólfur ásamt organista og kór um sveitir í þrjár messur, hvorki meira né minna. „Einhvern tíma tók ég nú saman kílómetrafjöldann sem ég keyri á þessum degi og taldist til að hann væri í kringum tvö hundruð. Ég býst nú reyndar við að aðrir prestar ferðist jafnvel lengri vegalengdir en svo um jólin, en þetta er ágætis keyrsla á einum degi,“ segir Ingólfur.

Spurður hvort ekki gæti þreytu eftir slíkan dag svarar Ingólfur því játandi. „En það er mjög góð þreyta. Þetta er alveg stórkostlegur dagur og mikil gleði og hátíð á öllum stöðum. Hátíðleikinn er jafn mikill alls staðar sem ég fer og dagurinn er fljótur að líða.“

Ingólfur segir að álagið á þessum tíma reyni ekki meira á fjölskyldulífið en hjá flestum öðrum. „Þegar ég kom hingað fyrst var dóttir mín sex ára og sonurinn rétt eins árs, þannig að þau þekkja í raun ekkert annað en jól prestafjölskyldunnar. Auðvitað er í nógu að snúast í undirbúningi jólanna og mikill spenningur, bæði hjá börnum og fullorðnum. En þetta hefst allt með góðri skipulagningu.“

Ingólfur segir fjölskylduna leggja mikið upp úr því að nýta vel tímann sem gefst yfir jólin. Liður í því er að öll sækja þau sumarmessurnar saman. „Dóttir mín kann orðið sálmana og hefur gaman af því að syngja með. Sonur minn er hrifnari af því að hlaupa um kirkjuna,“ segir hann og hlær.

*- kg*



Guðshúsið á Hólmavík ber við roðagullinn himin. MYND/PÁLL INGIMUNDARSON

# Yfir 100 prósenta mæting

**Ferðadagar eru fram undan hjá séra Sigríði Óladóttur á Hólmavík sem þjónar átta kirkjum. Hún hlakkar til að hitta sóknarbörnin, ekki síst þau sem koma heim til að halda heilög jól í sínum heimasveitum.**



Séra Sigríður hefur þjónað á Hólmavík í hátt í tuttugu ár.

„Síðustu vetur hafa verið þægilegir til ferðalaga hér á Ströndum. Það hefur aðeins komið fyrir að ég hef þurft að hætta við að fara í Árnes en þar er mjög gaman að þjóna. Stundum er þar meira en 100 prósenta messusókn á jólum þegar börn og ættingjar þeirra sem skráðir eru í sókninni mæta í kirkju og allir syngja með,“ segir Sigríður glaðlega þegar hún er krafin um ævintýralegar ferðasögur í sambandi við sitt messuhald.

Þetta er átjándi vetur séra Sigríðar á Hólmavík en umdæmi hennar hefur stækkað talsvert á þeim tíma því þrjú prestaköll hafa verið lögð niður í kringum hana og hún þá tekið við sóknarbörnum þaðan. „Það hafa ekki bæst við margar sálir í sjálfu sér. Landsvæðið er bara dálítið stórt,“ segir hún og gerir ekki mikið úr samgönguerfiðleikum í tengslum við starfið. „Á þessum átján árum hef ég bara einu sinni þurft að snúa við vegna ófærðar. Það var á leið á Drangsnes á páskum 1995. Hins vegar hefur komið fyrir að jólamessur hafi verið felldar niður ef sóknarbörnin hafa ekki komist. Það er sem betur fer ekki oft. Mér finnst svo gaman að hitta þau á jólunum, ekki síst unga fólkið sem við missum í burtu í framhaldsskóla eða vinnu á haustin. Verst að hafa ekki meiri tíma við kirkjudyrnar til að spjalla við það.“

Kirkjurnar hennar Sigríðar eru á Óspakseyri, Kollafjarðarnesi, Hólmavík, Drangsnesi, Kaldrananesi og í Árnesi á Ströndum og svo á Nauteyri og Melgraseyri við Djúp. Reyndar er ekki kirkja á Drangsnesi heldur haganlega gerð kapella í skólanum. Lengst er fyrir Sigríði að fara í Árnes, rúmir hundrað kílómetrar. Þangað er líka versta leiðin því hún er ekki mokuð nema takmarkað og Veiðileysuhálsinn og fleiri kaflar geta verið erfiðir yfirferðar.

Aftansöngur verður á Hólmavík á aðfangadagskvöld hjá séra Sigríði og þrjár messur á jóladag, á Drangsnesi, Kollafjarðarnesi og Óspakseyri. Svo fer annar jóladagur í ferð í Árnes ef fært verður. „Þar byrja ég á að setjast að hádegisverðarborði hjá Gunnsteini og Margréti í Norðurfirði,“ segir hún og lýkur lofsorði á viðtökur alls staðar í sóknunum.

„Svo er ég ekkert ein í þessum ferðalögum því organistinn fylgir mér um allar trissur. Kórinn hér á Hólmavík er stór og góður og fólkið úr honum duglegt að koma með mér og styðja við sönginn í fámennum söknum. Þeir eru margir sem fórna tíma sínum um jólin.“

*- gun*

# Virkjar kirkjusamfélagið

„Við höfum mjög gaman af þessu starfi og ég get hiklaust mælt með þessu fyrir hvern þann sem telur sig eiga erindi í kirkju,“ segir Davíð Þór Jónsson, guðfræðinemi með meiru. Davíð og kona hans, Þórunn Gréta Sigurðardóttir, hafa um rúmlega tveggja ára skeið verið messuþjónar í Neskirkju.

Davíð segir messuþjóna leika hlutverk í því að virkja kirkjusamfélagið, því kirkja sé ekki bara prestur og áhorfendur. „Messuþjónar taka þátt í nokkurs konar alhliða aðstoð við messuna. Í því felst að þeir sem taka starfið að sér hverju sinni mæta örlítið fyrr til messu og skipta með sér verkum. Svo útbúa þeir altarið, kveikja á kertum, lesa ritningarlestrana og fleira. Í Neskirkju er sá háttur hafður á að kirkjubænin, sem er bæn safnaðarins, er lesin og stundum skrifuð af messuþjónunum. Og svo mætti lengi telja. Alls konar fólk tekur þátt í þessu og ég geri þetta



Davíð Þór og kona hans eru messuþjónar í Neskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ekki sem guðfræðinemi,“ segir Davíð Þór.

Þau skötuhjúin Davíð Þór og Þórunn Gréta munu ekki sækja messu í Neskirkju um jólin þar sem þau eru stödd á Egilsstöðum. Davíð Þór gerir þó ráð fyrir að reyna að komast í messu þar á morgun eða annan í jólum. „Maður er svo íhaldssamur og hefðbundinn um jólin. Ég er ekki alinn upp við að fara í messu á aðfangadag heldur hlusta á hana í útvarpinu. Ég býst ekki við að breyting verði á því í þetta sinn,“ segir hann.

*- sg*

# Úr kjötiðn í kirkjuvörslu

Hann starfar við eitt af þessum lítt sýnilegu en engu að síður mikilvægu störfum. Karl Kristensen er kirkjuvörður í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, sókn sem státar af um 5.500 manns. „Starfið snýst um margt, allt frá því að halda kirkjunni hreinni og til samskipta við fólk sem leitar til prestsins í kirkjunni.“

Lífið getur verið dálítið kúnstugt og vegir Guðs svo sannarlega órannsakanlegir. „Ég hef verið kirkjuvörður í tíu en áður var ég kjötiðnaðarmeistari. Ég byrjaði í afleysingum sem kirkjuvörður í Hallgrímskirkju og fór svo í fullt starf. Var þar í sjö ár en ég hef verið hér í fullu starfi í þrjú ár,“ segir Karl og brosir. „En ég viðurkenni að þetta eru nú ekki lík störf.“

En hvað þarf góður kirkjuvörður að hafa til að bera? „Ja, ætli það sé ekki bara trúin á Jesú Krist. Ég var mikið í KFUM þegar ég var drengur og hélt líka trúnni þegar ég var kjötiðnaðarmeistari.“

Karl segir mikið og blómlegt starf unnið í kirkjunni. „Fyrir utan



Karl segir mikið og blómlegt starf unnið í kirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þetta hefðbundna starf er félagsstarfið mjög fjölbreytt. Hér eru haldnir AA-fundir, hér er unglinga- og barnastarf og fermingarfræðsla. Þá eru mömmumorgnar vinsælir en innan þeirra er það nýjasta krílasálmar. Þar er brjóstmylkingum kennt að hlusta á og njóta sálmalegrar og klassískrar tónlistar.“

Kirkjuvörðurinn gerir lítið úr eigin hæfileikum á sviði skáldskapar og tónlistar en hann ku hafa þá nokkra. „Kunna ekki allir að kveða?“ spyr Karl hógvær, sem á meðal annars texta á jólaplötu Björgvins Halldórssonar, Hvað eru jól? Það er því ljóst að kjötiðnaðarmeistarinn lumar á mörgum hæfileikum sem nýtast vel í starfi hans.

*- uhj*



Kór Listasmiðjunnar Litrófs í Fella- og Hólakirkju samankominn með stjórnanda kórsins og djákna kirkjunnar, Ragnhildi Ásgeirsdóttur. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Mikilvægt að sýna börnunum virðingu

**Í Fella- og Hólakirkju er unnið sérstaklega skemmtilegt þróunarverkefni með innflytjendum þar sem börn í sókninni frá átta ára aldri taka þátt starfi Listasmiðjunnar Litrófs.**

Starf Litrófsins hófst árið 2007 en í Fella- og Hólbrekkusókn er stór hluti íbúa innflytjendur. Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni kirkjunnar, segir að hugmyndin hafi verið að skapa jákvæðan vettvang fyrir börn þar sem þau gætu tekið þátt í uppbyggjandi verkefnum undir stjórn starfsfólks kirkjunnar, með vináttu og virðingu að leiðarljósi.

„Okkur langaði til að byggja upp starf með innflytjendum. Við byrjuðum með því að fá tíu stelpur á fyrstu æfinguna og starfið hefur smám saman eflst og í dag eru sextíu stúlkur skráðar í Litróf og rúmlega fimmtíu sem eru virkar í starfinu. Nafnið Litróf vísar til fjölbreytileika mannlífsins en stúlkurnar eru bæði af íslensku og erlendu bergi brotnar,“ segir Ragnhildur, sem jafnframt er stjórnandi Listasmiðjunnar Litrófs.




Ragnhildur Ásgeirsdóttir semur nær öll lögin á geisladisknum.

Starfið einkennist mikið til af söng og einnig dansi en í fyrra setti Litróf upp söngleikinn Litlu Ljót og fékk yfir 300 manns í kirkjuna. „Æfingar eru vikulega í kirkjunni og auk þess höfum við farið með hópinn í æfingabúðir einu sinni til tvisvar sinnum á ári út fyrir bæinn. Börnin koma einnig reglulega fram og kynna þannig afrakstur starfsins. Fyrir rúmu ári vaknaði svo sú hugmynd að gefa út jólageisladisk og hefur Listasmiðjan unnið að því verkefni síðan,“ segir Ragnhildur. Lögin eru nær öll frumsamin íslensk jólalög sem Ragnhildur hefur sjálf samið en einnig syngur Svavar Knútur trúbador tvö af sínum eigin lögum á disknum með kórnum.“

Auk Ragnhildar taka Guðný Einarsdóttir, organisti kirkjunnar, og Heiðrún Guðvarðardóttir þátt í starfinu en foreldrar hafa líka lagt listasmiðjunni lið og stofnanir og félagasamtök hafa stutt listasmiðjuna með fjárframlögum. Geisladiskurinn Syngur af hjarta englahjörð er seldur fyrir þessi jól á allra helstu sölustöðum.

„Starfið hefur gert mjög mikið fyrir stúlkurnar og með því að sýna þeim og hæfileikum þeirra hvatningu og umhyggju auk þess sem hverjum einstaklingi er mætt með virðingu þá styrkist sjálfsmynd þeirra og þær fá að njóta sín. Í fjölmenningarlegu samfélagi þar sem fjölbreytileikinn ríkir skiptir þessi nálgun að sjálfsögðu miklu máli.“ *- jma*

# Söngurinn ómissandi hluti af lífinu

Kór Akureyrarkirkju var stofnaður árið 1945 og er nokkuð fornfrægur. Óskar Þór Halldórsson hefur verið í kór síðan í menntaskóla og segir ekki tilviljun ráða því að hann er meðlimur í kór Akureyrarkirkju.

„Söngurinn er ómissandi hluti af lífinu. Það er eitthvað svo afslappandi við hann. Þótt maður sé þreyttur eftir langan vinnudag er maður endurnærður eftir kóræfingar,“ segir Óskar og ítrekar að þótt kórstarfið taki mikinn tíma sé honum vel varið. „Það er gott að kúpla sig út úr amstri hversdagsins.“

Í kór Akureyrarkirkju eru um sjötíu til áttatíu félagar og er starfið tvíþætt. Annars vegar skiptast kórmeðlimir á að syngja í vikulegum messum og svo syngur allur kórinn messusöng einu sinni í mánuði. Hins vegar er kórinn líka konsertkór og því önnum kafinn í tónleikahaldi. „Í stærri athöfnum eins og á jólum og páskum syngur allur kórinn í messum. Desember



Óskar við lengstu tröppur á Íslandi sem liggja að kirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

er annatími en óskaplega skemmtilegur. Það er mjög gaman að taka þátt á við þessi hátíðlegu lög; þau gefa lífinu gildi,“ útskýrir Óskar, sem telur að kórinn hafi aldrei verið betri en nú. „Það eru líka frábærir stjórnendur með hann, Eyþór Ingi Jónsson og Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Enda gerist ekkert ef frábærir stjórnendur eru ekki fyrir hendi,“ segir Óskar og tekur fram að kórmeðlimir vilji sífellt bæta sig, sem ýti undir framfarir. „Ekki nenni ég að taka þátt í kórstarfi þar sem metnaður er ekki fyrir hendi. Þess vegna er ég í þessum kór, hann tekur sig alvarlega.“ *- nrg*

# Kirkjukórsmaður í hartnær hálfa öld

Sigurður Rúnar Símonarson fæddist nánast inn í kórstarf Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd. Foreldrar hans voru stofnendur þess kórs, þar fór tenórrödd hans að hljóma þegar hann var átján ára og það gerir hún enn tæpum fimmtíu árum síðar. Á tímabili bjó hann á Egilsstöðum og síðar í Vestmannaeyjum og söng þá með kirkjukórunum þar. „Söngurinn er stærsti hlutinn af mínu tómstundastarfi og hefur verið gegnum árin,“ segir Sigurður Rúnar sem ekki lætur kirkjukórana nægja heldur hafa Fóstbræður notið krafta hans og nú syngur hann bæði með eldri Fóstbræðrum og Reykjalundarkórnum. „Það er alltaf gaman að syngja og gerir manni gott. Því eins og góður maður sagði þá syngur maður ekki með óvinum sínum og það er mikill félagsskapur sem fylgir kórstarfi.“



Það er alltaf gaman að syngja og gerir manni gott, segir Sigurður Rúnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Faðir Sigurðar Rúnars söng tenór með kórnum sínum fram að níræðu en átti þá orðið erfitt með að komast upp á kirkjuloftið þar sem kórinn stendur. Nú syngur hann meðal annarra kirkjugesta. Bræður Sigurðar eru virkir í kórstarfi en hvað um afkomendur hans? „Ein dóttir mín er með mér í Reykjalundarkórnum en hin börnin eru í annarri músík,“ segir hann.

Messur eru í Kálfatjarnarkirkju tvisvar í mánuði að jafnaði að sögn Sigurðar Rúnars. „Það er skyldumæting hjá kórnum í aðra messuna, hin er æskulýðsmessa í léttari tón en alltaf mæta einhverjir úr kórnum samt,“ segir hann. Allt er þetta sjálfboðaliðastarf. Nú er vertíð fram undan, jól og áramót og þá er kórfólk upptekið á helgidögum þegar aðrir eiga frí. Sigurður Rúnar er langt frá því að vorkenna sér það. „Það er bara gaman enda skemmtileg tónlist sem verið er að flytja,“ segir hann jákvæður. *- gun*

# Setti met með átta tónleikum á einni helgi

Jón Stefánsson, kórstjóri og organisti í Langholtskirkju, naut síðustu helgar þótt hann hefði haft nóg að gera. „Ég held að ég hafi sett met þá helgi,“ segir hann og hlær. „Ég var með ferna Jólasöngva í Langholtskirkjunni og Graduale Nobili söng með Sinfóníuhljómsveitinni á fernum jólatónleikum. Alls voru þetta því átta tónleikar sem ég stjórnaði.“

Jón segist njóta starfsins. „Það er líka ánægjulegt þegar aðrir njóta tónlistarinnar en það var uppselt á alla tónleikana. Kirkjan er svo rík af tónlist. Ég held að fólk átti sig oft ekki á því. Í mörg hundruð ár var hún vettvangur tónskálda og langstærstur hluti verka þeirra var saminn fyrir kirkjuna. Bach samdi til dæmis um 200 kantötur fyrir hinar ýmsar messur ársins og er hver 15-30 mínútna löng.“



Jón hefur starfað sem kórstjóri og organisti í Langholtskirkju í 45 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kór Langholtskirkju er rúmlega 57 ára gamall en þar af hefur Jón verið kórstjóri hans og organisti í 45 ár, hvorki meira né minna. Hann segir sér líka vinnan, eins og árafjöldinn sé ágætis vitnisburður um. „Hér er unnið gróskumikið starf. Alls eru við kirkjuna sjö kórar. Sá yngsti er krúttakórinn, sem er skipaður börnum frá 4-7 ára. Samanlagt stjórna ég fjórum kórum.“

Jón segist ekki eiga sér neina sérstaka uppáhaldstónlist heldur sé það sú sem hann vinni að hverju sinni. „Stundum er maður að vinna að eldri tónlist en nú er orðið mjög mikið til af fallegri nýrri tónlist sem gaman er að vinna með kórunum.“

Mikið er að gera hjá kórstjóranum fyrir jólin eins og hjá flestum. Hann gefur sér hins vegar tíma til að gera laufabrauð með stórfjölskyldunni og þá er ávallt boðið upp á taðreykt sauðahangikjöt úr Mývatnssveit. Þá eru það hestarnir sem fá sína daglegu umræðu. „Það er svo streitulosandi að moka flórinn,“ segir Jón og hlær.

En er kórstjórinn trúaður maður? „Já, því er ekki hægt að neita, það væri annars erfitt að vera í starfi sem þessu.“ *- uhj*



**Anne Marie Reinholdtsen, major og yfirherforingi hjá Hjálpræðishernum, segir mikið af einmana fólki í þjóðfélaginu. Hluti þess leiti á náðir Hjálpræðishersins um jól og áramót.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Matur og góður félagsskapur

Hjálpræðisherinn í Kirkjustræti 2 í Reykjavík verður með jólaboð og áramótaveislu fyrir alla sem vilja koma.

„Við erum með jólaboð í kvöld, aðfangadag, sem er nokkuð þekkt en í það koma að jafnaði í kringum 150 manns að borða. Þetta er mjög blandaður hópur fólks sem kemur, ekki bara þeir sem búa á götunni heldur líka þeir sem eru einmana og vilja vera í góðum félagsskap um jólin,“ segir Anne Marie Reinholdtsen, major og yfirforingi Hjálpræðishersins, og tekur fram að jólaboðið hefjist klukkan sex í kvöld.

Á morgun, jóladag, verður líka opið hús á hádegi. „Við verðum með jólaguðsþjónustu klukkan tvö, rétt í framhaldi af matarboðinu. Það má segja að allt sem við höfum fram að færa af gjöfum og mat verði gefið,“ segir Anne Marie.

Hjálpræðisherinn verður einnig með opið hús á Eyjaslóð 7 á gamlárskvöld. Það hefst klukkan átta og stendur fram yfir miðnætti. Aðspurð segir Anne Marie áfengisdrykkju stranglega bannaða innandyra. „En við neitum engum um inngöngu þó hann hafi fengið sér í aðra tána. Við erum von því að fólk sé í misjöfnu ástandi þegar það kemur, en samt reyna flestir að vera í góðu lagi. Sumir fá sér kannski aðeins neðan í því til að þora að mæta,“ segir Anne Marie og bætir við að sjaldan komi upp leiðindi vegna drykkju, þvert á móti sé stemningin ávallt fín og ríkjandi gleði. „Ég man eftir því að í fyrra eða hittifyrra kom einn maður að máli við mig og sagðist bara líða aftur eins og krakka. Og það var satt hjá honum. Þetta var svona stemning sem maður mundi eftir sem barn,“ segir Anne Marie.

Að hennar sögn er fólk úti um allan bæ sem finnur til einmanaleika og þeir sem leiti á náðir Hjálpræðishersins séu aðeins hluti þess. Margir þori þó ekki að kíkja eða geti það einfaldlega ekki sökum veikinda. Hins vegar verði góður félagsskapur og matur í boði fyrir þá sem sjá sér fært að mæta. *- nrg*

# Komdu við í Rauðakrosshúsinu

Rauðakrosshúsið, Borgartúni 25, hefur nú starfað í níu mánuði og er opið öllum til samfélags, afþreyingar og fræðslu af ýmsu tagi. Frá upphafi verkefnisins hefur Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Þjóðkirkjan verið í samstarfi við Rauðakrossinn. Prestar og djáknar eru í húsinu hvern virkan dag frá klukkan 14-16 til samtals og stuðnings, bæði frammi yfir kaffibolla og eins undir fjögur augu ef óskað er eftir. Einnig hefur kirkjan boðið upp á fyrirlestra og kyrrðarstundir. Áhersla er á sjálfboðaliðastarf í Rauðakrosshúsinu, en nánast allir sem þar starfa gefa vinnu sína og eru nýir sjálfboðaliðar ávallt velkomnir til starfa.




**Rauðakrosshúsið er opið öllum til samfélags, afþreyingar og fræðslu af ýmsu tagi.**

Að sögn Ragnheiðar Sverrisdóttur, djákna á Biskupsstofu, hefur samstarfið í Rauðakrosshúsinu verið ánægjulegt og gefandi. Fólki þykir gott að koma til að spjalla um sín mál og finna stuðning í félagsskap og fræðslu. Ragnheiður er ein þeirra sem boðið hafa upp á umræðuhópa í Rauðakrosshúsinu. Miðvikudaginn 30. janúar stendur hún fyrir samtali um þau tímamót sem áramótin eru og verða áramótaheit meðal annars til umræðu. Opið er í Borgartúninu mánudag, þriðjudag og miðvikudag milli jóla og nýárs frá klukkan 12 til 17. Sjá vikulega dagskrá og nánari upplýsingar á www.raudakrosshusid.is.

*María Ágústsdóttir tók saman.*




**Sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar að störfum við matarúthlutanir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aðstoð á landsbyggðinni

**Prestar á landsbyggðinni vinna í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar að því að hjálpa þeim sem þurfa aðstoð með mat og aðrar nauðsynjar fyrir jólin. Prestar þeir sem Fréttablaðið hafði samband við voru allir sammála um að sjaldan hafi jafn margir þurft á hjálp að halda og nú í ár.**



**Sr. Magnús Erlingsson.**

Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, segir hjálparstarf á landsbyggðinni rekið með þeim hætti að fólk geti leitað til presta, sem fylla þá út umsókn fyrir viðkomandi með beiðni um hjálp sem send er áfram til Hjálparstarfs kirkjunnar.

„Fólk fær úthlutað aðstoð, gjarnan í formi korta sem svipa til debetkorta, en fólk getur þá tekið út nauðsynjavöru á kortin. Í einstaka tilfellum berast prestum svo gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum og sjá þá um að koma þeim til skila.“

Magnús segir marga oft veigra sér við að leita hjálpar og í ár hafi ábendingum fjölgað þar sem prestum er bent á fjölskyldur sem vantar hjálp en hafa ekki leitað hennar. „Þar nýtur fólk þess að búa í litlu samfélagi þar sem oft er um mikla samhjálp að ræða og fólk er vakandi yfir nágrannanum.“

**BÁGSTÖDDUM FJÖLGAR**

Sr. Jóhanna Sigmarsdóttir er sóknarprestur í Eiðaprestakalli á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Hjálparstarf þar er unnið í samstarfi við Hjálparstarf kirkjunnar. Auk þess hefur Lions-



**Sr. Jóhanna Sigmarsdóttir.**

klúbburinn Múli og Rauði krossinn veitt aðstoð í samráði við félagsþjónustuna og sóknarpresta fyrir jólin. Í dreifðari byggðum býr fólk yfirleitt að sínu með mat. Þegar að þrengir í þjóðfélaginu og allt hækkar í verði þurfa þeir sem standa höllum fæti, einstæðar mæður og öryrkjar sem hafa litlar tekjur, fremur á hjálp að halda. „Mín tilfinning er sú að í ár séu fleiri en áður sem þurfa að leita aðstoðar, sem er þá veitt til að kaupa í matinn,“ segir Jóhanna.



**Sr. Skúli Ólafsson.**

**EINHUGUR Í ÍSLENDINGUM**

Fyrir um ári var Velferðarsjóður á Suðurnesjum stofnaður en Keflavíkurkirkja hefur haft umsjón með söfnun í sjóðinn og hefur hún úthlutað úr honum í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar. Fénu sem safnast er eingöngu varið til aðstoðar einstaklingum á Suðurnesjum. „Við byrjuðum með Velferðarsjóðinn fljótlega eftir hrunið. Fyrir vikið gefum við einstaklingum og félagasamtökum kost á að gefa peninga á einn stað sem mætir þörfinni á Suðurnesjum en atvinnuleysi hér er eitt það mesta á landinu,“ segir Skúli S. Ólafsson, sóknarprestur í Keflavíkurprestakalli.

Með tilkomu Velferðarsjóðsins geta fjölskyldur á Suðurnesjum fengið meiri styrk heldur en annars væri í boði, og ekki bara í formi matarúttekta heldur líka aðstoð við lyfjakaup, skólamáltíðir barna og fleira. Gengið hefur vel að safna í sjóðinn að sögn sr. Skúla en sama dag og viðtalið var tekið komu nemendur í Myllubakkaskóla í kirkjuna og gáfu sjóðnum 50 þúsund krónur í stað þess að gefa hvert öðru jólagjafir. „Nú á þessu ári hafa um 20 milljónir safnast í sjóðinn sem sýnir hversu mikill einhugur er í fólki. Allir reyna að leggja sitt af mörkum til að hjálpa náunganum. Fólki skynjar um leið að það getur verið gerendur í þessum hildarleik en ekki bara þolendur,“ segir Skúli.

**FULLT ÚT ÚR DYRUM**

Sr. Arnaldur Bárðarson, prestur í Glerárkirkju á Akureyri, segir stöðuna afar erfiða hjá mörgum fjölskyldum þessi jól. „Það er erfitt að sjá hve mikið af ungu fólki með börn er að upplifa neyð. Við erum einnig að fá hjálparbeiðnir frá mikið af fólki sem hefur ekki þurft að leita aðstoðar áður. Í fyrra var mikil aukning í hjálparbeiðnum en þó er aukningin enn meiri í ár.“

Í fyrra, eftir hrunið, varð til sjálfboðaliðakjarni í Glerárkirkju sem aðstoðar einnig við úthlutanir núna í ár. Úthlutanir hófust um viku fyrir jól og var fullt út úr dyrum, að sögn Arnalds, morguninn sem byrjað var að útdeila. *- jma*



**Í Glerárkirkju hefur Sr. Arnaldur Bárðarson, sjálfboðaliðar og starfsfólk kirkjunnar verið önnum kafið.**

# Jólahald eftir ástvinamissi

**Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur við Sjúkrahúsið á Akureyri, starfar á sjúkrahúsinu um jólin en ekki eiga allir sjúklingar kost á að fara heim um hátíðina. Guðrún segir marga upplifa það að ástvinamissir og aðrar sorgir minni sterkt á sig á jólunum.**

„Það getur verið erfitt að halda jól þegar aðstæður eru breyttar á einhvern hátt. Fyrstu jólin eftir ástvinamissi geta aðstandendur til að mynda upplifað mikið tóm því öll erum við svo föst í því um jólin að vilja hafa alla hluti eins og þeir hafa alltaf verið. Þannig tökum við meira eftir því ef einhvern vantar í hópinn og hugsum: Hver á þá að elda sósuna, hengja upp jólaseríuna og gera þessa hluti sem við vorum vön því að tilheyrði ákveðnum fjölskyldumeðlim? Stundum er kvíðinn svo mikill að við þorum ekki að taka á þessum spurningum.“



Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur á Sjúkrahúsinu á Akureyri, segir að jólin eftir ástvinamissi verði auðveldari með tímanum. Henni hafi sjálfri reynst best að fá að ræða komandi jólahald við sína nánustu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Guðrún hefur sjálf reynslu af því að vera syrgjandi á jólum, þar sem sonur hennar lést fyrir sextán árum. Það hjálpaði henni mikið að geta talað við fjölskylduna um hvernig hún vildi haga jólahaldinu.

„Það hjálpar mjög mikið að fá aðstoð, mega ræða þær spurningar sem vakna hjá manni um komandi hátíðarhald og gera sér grein fyrir því að ekki þarf bara að kvíða fyrir, því líka er hægt að hafa stjórn á ýmsu þótt jólin verði aldrei eins og þau voru fyrir missinn. Við getum valið hvernig við viljum minnast þess látna um jólin, fara með kerti á leiðið, baka uppáhaldsköku viðkomandi, elda uppáhaldsmatinn eða hvað annað sem hverjum og einum hentar.“

Það sama gildir þegar aðstæður hafa breyst af öðrum ástæðum en vegna andláts ástvinar, svo sem eftir skilnað.

Guðrún segir að stundum geti verið erfitt fyrir syrgjendur að koma auga á hverju hægt sé að hafa stjórn á um jólin og bendir á að aðstandendur þurfi að þora að vera með syrgjandanum í þessum vangaveltum. „Sumir vilja hafa jólin eins lík því og þau voru og hægt er, á meðan aðrir vilja kannski vera innan um færra fólk eða fara eitthvert burt. Fólk þarf að vera tilbúið að virða þessar óskir.“

Guðrún sjálf eyðir stórum hluta jólanna á sjúkrahúsinu en eyðir aðfangadagskvöldi með frændfólki. „Það er að mörgu leyti yndislegt að vera á sjúkrahúsinu um jólin. Reynt er að hafa aðstæður eins hátíðlegar og hægt er. Á jóladag reyni ég að mæta snemma og heilsa upp á þá sem eru inniliggjandi og minna á messuna sem er síðdegis. Starfsfólk sjúkrahúsanna er mjög yndislegt og reynir að gefa sér tíma til að spjalla og vera með fólkinu eins og kostur er, en jólin eru öðruvísi en aðrir dagar og fólki finnst erfitt að geta ekki verið heima með sínum nánustu.“ *-jma*

**● BÆNATÓNLEIKAR – SORGIN OG LÍFIÐ** Þriðjudagskvöldið 29. desember klukkan 20 verða bænatónleikar í Laugarneskirkju.

Þar koma fram söngkonan Kirstín Erna Blöndal, Gunnar Gunnarsson, píanó- og orgelleikari, Jón Rafnsson bassaleikari og Örn Arnarson gítarleikari.

Í hjarta okkar býr sorgin og við þurfum að hugsa um að hlúa að henni, gefa okkur tíma til að gráta og finna til og um leið gefa okkur tækifæri á að vinna með henni.

Tilgangur bænatónleikanna er að gefa fólki kost á að koma í kirkjuna og hlusta á fallega tónlist þar sem bænir og sálmar koma í staðinn fyrir það sem við getum oft ekki tjáð með eigin orðum.

Falleg stund þar sem við fáum frið til að syrgja, minnast og hugsa á uppbyggilegan hátt um okkar eigið líf sem enn þá lifir.

Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



Erna Blöndal söngkona.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðrún segir Breytendur ætlaða öllum sem áhuga hafa á málefninu. „Eiginlega er þetta ungliðastarf, en samt erum við alveg frá 16 og upp í 29 ára,“ segir hún.

# Vekjum athygli á óréttlæti heimsins

Breytendur eru ungliðahreyfing Hjálparstarfs kirkjunnar. Markmið unga fólksins er að breyta heiminum til hins betra, meðal annars með því að vekja fólk til umhugsunar um það óréttlæti sem viðgengst á milli suðurhvels og norðurhvels jarðar. Guðrún Johnson er ötull liðsmaður í Breytendum.

„Norðrið á allan peninginn og heldur að það geti ráðið yfir suðrinu á meðan suðrið hefur ekkert. Við förum stundum í leiki til að sýna fólki þetta ljóslifandi. Þá leikur einn norðrið og sá fær stóra skeið, en sá sem leikur suðrið fær litla skeið og svo eiga þeir að nota skeiðarnar til að fylla ílát. Norðrið er enga stund að fylla sitt ílát og vinnur keppnina, sem sýnir yfirburðina sem norðrið hefur,“ segir Guðrún.

Hún tekur þó fram að fólkið í norðri sé samt gott. „En við erum samt vond við þróunarlöndin. Það eru bara ekki allir sem gera sér grein fyrir því hvað við erum að gera margt rangt. Finnum til dæmis lítið fyrir menguninni,“ segir Guðrún og bætir við að Íslendingum líki kannski ágætlega hlýnun jarðar þar sem þeir vilji hafa heitt en gróðurhúsaáhrifin séu aftur á móti eyðileggjandi afl í lífsafkomu suðursins.

En hvað gera Breytendur til að breyta heiminum? „Við reynum að ferðast frekar um á hjóli en bíl, sýnum frumkvæði og förum sparlega með pappír, erum bakhjarl Fair Trade á Íslandi, söfnuðum nýlega undirskriftum til að mótmæla hlýnun jarðar og svo ætlum við að vera með Kolaportssölu til styrktar Mæðrastyrksnefnd í Norðlingaholti,“ telur Guðrún upp, með von um betri heim. *-nrg*

**Í markmiða- og stefnuskrá Breytenda** er bent á fimm „fingur“ óréttlætis gagnvart suðrinu. Þau eru: ósanngjörn viðskipti, óréttmætar skuldir, hlýnun jarðar og ábyrgð norðursins á henni, eyðnifaraldurinn sem norðrið á lyf við og loks stríð.



# Helgihald um jól

## Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og vestra

### *Reykjavík*

#### Áskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:*** Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta á hjúkrunarheimilinu Skjóli kl. 13. ***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.

#### Árbæjarkirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar jóladagur 26. des.*** Guðsþjónusta kl. 11.
***Sunnudagur 27. des:*** Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Breiðholtskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar jóladagur 26. des:***
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Tómasarmessa kl. 20,
Miðvikudagur milli jóla og nýárs:
Kyrrðarstund kl. 12.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarmessa kl. 14.

#### Bústaðakirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Tónlist frá kl. 17.15.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:*** Fjölskyldumessa kl. 14 með barna- og unglingakórum.
***Sunnudagur 27. des:*** Stutt fjölskyldumessa kl. 14.
Jólatrésfagnaður barnanna kl. 14.30.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Dómkirkjan
***Aðfangadagur 24. des:*** Dönsk jólamessa kl. 15.
Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Messa kl. 11.
***Annar í jólum 26. des:*** Messa kl. 11.
***Sunnudagur 27. des:*** Messa kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Messa kl. 11.

#### Fella- og Hólakirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Aftansöngur kl. 23:30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Annar jóladagur 26. des.***
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Guðríðarkirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Jólastund barnanna kl. 16.
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Hátíðarmessa kl. 23.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Messa kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Helgistund kl. 18.

#### Grafarvogskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Beðið eftir jólunum, barnastund kl. 15.
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Aftansöngur í Borgarholtsskóla kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Hátíðarguðsþjónusta á Eir kl. 15:30
***Annar jóladagur 26. des:*** Jólastund barnanna – skírnarstund kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Jazz - messa kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Grensáskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Jólastund barnanna kl. 16.
Aftansöngur kl. 18. Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 11.
***Annar í jólum 26. des:*** Kirkja heyrnarlausra kl. 14.
Jólakaffi á eftir.
***Sunnudagur 27. des:*** Helgistund kl. 11.
***Þriðjudagur 29. des:*** Kyrrðarstund kl. 12.10.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Hallgrímskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:*** Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14. Jólaguðsþjónusta á Droplaugarstöðum kl. 14.30.
***Sunnudagur 27. des:*** Messa kl. 11.
Ensk messa kl. 14.
***Miðvikudagur 30. des:*** Árdegismessa kl. 8.
***Gamlársdagur 31. des:*** Hátíðarhljómar kl. 17 (aðgangseyrir). Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarmessa kl. 14.

#### Háteigskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Jólasöngvar barnanna kl. 16.
Samleikur á fiðlu og selló kl. 17.30. Aftansöngur kl. 18. Miðnæturmessa kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:***
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarmessa kl. 14.

#### Langholtskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Barnastund kl. 16.
Aftansöngur kl. 18. Miðnæturmessa kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:***
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Messa kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 17.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarmessa kl. 14.

#### Laugarneskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Hátíðarguðsþjónusta að dvalarheimilinu Sóltúni kl. 14 og í sal Sjálfsbjargar að Hátúni 12 kl. 15. Jólasöngvar barnanna kl. 16.
Aftansöngur kl. 18.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Þriðjudagur 29. des:*** Sorgin og lífið. Tónleikar kl. 20. Aðgangur ókeypis.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 17.

#### Neskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Jólastund barnanna kl. 16.
Aftansöngur kl. 18.
Messa á jólanótt kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar í jólum 26. des:*** Jólaskemmtun barnastarfsins kl. 11.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Messa og barnastarf kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarmessa kl. 14.

#### Seljakirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Annar jóladagur 26. des:*** Guðsþjónusta kl. 11.
***Sunnudagur 27. des:*** Fjölskylduguðsþjónusta í samstarfi við AA deildir í kirkjunni kl. 14.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Guðsþjónusta kl. 14.
Guðsþjónusta í Skógarbæ kl. 16

#### Seltjarnarneskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
***Sunnudagur 27. des:*** Helgistund kl. 11.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.
***Nýársdagur 1. jan:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

#### Landspítalinn
***Aðfangadagur:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 13 á 3. hæð í geðdeildabyggingunni við Hringbraut, kl. 14 á Landakoti, Grensás og Kleppi, kl. 15.30 í Fossvogi og kl. 16 á Líknardeild í Kópavogi.

***Jóladagur:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 10.30 á Landspítalanum við Hringbraut.

***Gamlársdagur:*** Áramótaguðsþjónusta kl. 14 á Landakoti og Grensás, kl. 15.30 í Fossvogi.

### *Kópavogur*

#### Digraneskirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Aftansöngur kl. 23:30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarmessa kl. 14.
***Annar jóladagur 26. des:*** Messa kl. 11.
***Sunnudagur 27. des:***
Jólaball sunnudagaskólans kl. 11.
Jólastund aldraðra kl 14.
***Gamlársdagur 31. des:*** Aftansöngur kl. 18.

#### Hjallakirkja
***Aðfangadagur 24. des:*** Jólastund fjölskyldunnar kl. 16.
***Aðfangadagur 24. des:*** Aftansöngur kl. 18.
Jólasöngvar á jólanótt kl. 23:30.
***Jóladagur 25. des:*** Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

# OG ÁRAMÓT 2009

*Annar jóladagur 26. des:*
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
*Sunnudagur 27. des:* Jólastund aldraðra
í Digraneskirkju kl. 14.
*Gamlársdagur 31. des:* aftansöngur kl. 18.

### Kópavogskirkja
*Aðfangadagur 24. des:* Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.
*Jóladagur 25. des:* Hátíðarmessa kl. 14.
Hátíðarguðsþjónusta í Sunnuhlíð kl. 15:15
*Annar jóladagur 26. des:* Guðsþjónusta kl. 11.
*Sunnudagur 27. des:* Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.
*Gamlársdagur 31. des:* Aftansöngur kl. 18.
*Nýársdagur 1. jan:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

### Lindakirkja
*Aðfangadagur 24. des:*
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 16.
*Aðfangadagur 24. des:* Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
*Jóladagur 25. des:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Annar jóladagur 26. des:* Sveitamessa kl. 11.
*Gamlársdagur 31. des:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 18.

## Kjalarnessprófastsdæmi

### *Hafnarfjörður og Garðabær*

### Ástjarnarkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:*
Fjölskylduguðsþjónusta kl. 16.
Aftansöngur kl. 18.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

### Bessastaðakirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl. 17.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 17.

### Garðakirkja
*Aðfangadagur, 24. desember:* Kvöldguðsþjónusta kyrrðarinnar kl. 23.
*Annar jóladagur, 26. desember:*
Fjölskylduguðsþjónusta með hátíðarbrag kl. 14.
Hátíðarguðsþjónusta í Holtsbúð kl. 15.30.

### Hafnarfjarðarkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl. 18
Miðnæturmessa kl. 23.30
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl.14
Messa í kapellunni á Sólvangi kl. 15:30
*Annar í jólum 26. des.:* Fjölskyldumessa kl. 14
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 18
*Nýársdagur 1. jan. 2010:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14

### Víðistaðakirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 18.

### Vídalínskirkja
*Aðfangadagur, 24. des.*: Aftansöngur kl. 18.
*Jóladagur, 25. desember:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Nýársdagur, 1. janúar 2010:* Hátíðarmessa kl. 14.
Hátíðarguðsþjónusta í Holtsbúð kl. 15.30.

### *Mosfellsbær, Kjalarnes og Kjós*

### Lágafellskirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Barnaguðsþjónusta kl. 13.
Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.
*Jóladagur 25. des.*: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Sunnudarur 27. des.:* Skírnarguðsþjónusta kl. 11.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 18.

### Mosfellskirkja
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 16

### Brautarholtskirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl. 17.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 17.

### Saurbæjarkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Kvöldmessa kl. 22.

### Reynivallakirkja
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

### *Suðurnes*

### Grindavíkurkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl. 18.
Miðnæturmessa kl. 23:30.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Hátíðarguðsþjóusta kl. 12:30 í Víðihlíð
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 17.
Orgeltónleikar kl. 16.

### Hvalsnessókn
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur
í Safnaðarheimilinu í Sandgerði kl. 18.00.
*Jóladagur 25. des.:*
Hátíðarmessa í Hvalsneskirkju kl. 14.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur í Safnaðarheimilinu í Sandgerði kl. 18. Sameiginleg stund fyrir báðar sóknir prestakallsins.

### Innri-Njarðvíkurkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Aftansöngur kl.18.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl.11.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 17.

### Ytri-Njarðvíkurkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Jólavaka kl.23.30.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl.14.
*Nýársdagur 1. jan.:*. Hátíðarguðsþjónusta kl.14.

### Kálfatjarnarkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:*
Miðnæturguðsþjónusta kl. 11.
*Gamlársdagur 31. des.:* Aftansöngur kl. 17.

### Keflavíkurkirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Jólin allstaðar, barna- og fjölskyldustund kl. 16.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 18,
Miðnæturstund í kirkjunni. kl. 23:30
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
*Gamlársdagur 31. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 18.
*Nýársdagur 1. jan.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

### Kirkjuvogskirkja
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl.12.15.

### Útskálasókn
*Aðfangadagur 24. des:* Miðnæturmessa
í Útskálakirkju kl. 23.30.
*Jóladagur 25. des.:*
Hátíðarmessa í Útskálakirkju kl. 11.
Hátíðarmessa á Garðvangi kl. 15.30.

### *Vestmannaeyjar*

### Landakirkja
*Aðfangadagur 24. des.:* Helgistund í Kirkjugarði Vestmannaeyja kl. 14.
Aftansöngur kl. 18.
Hátíðarguðsþjónusta kl. 23.30.
*Jóladagur 25. des.:* Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Lúðrasveit Vestmannaeyja leikur frá 13.30.
*Annar dagur jóla, 26. desember:*
Hátíðarguðsþjónusta á Hraunbúðum kl. 11.
Barna- og fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.
Helgistund á sjúkrahúsinu, dagstofu 2. hæð, kl. 15.15
*Fjórði dagur jóla, 28. desember:* Tónleikar, Litlir lærisveinar, og jólatréssamkoma í Safnaðarheimilinu kl. 16. Veitingar
*Gamlársdagur, 31. des.:* Aftansöngur kl. 18.
*Nýársdagur, 1. jan. 2010:*
Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Nánari upplýsingar um helgihald í kirkjum er víða að finna á heimasíðum kirknanna.
Yfirlit yfir söfnuði sem hafa vefsíður er að finna á www.kirkjan.is/vefir.

Yfirlit yfir kirkjur þriggja stærstu prófastsdæma landsins má finna á vefum prófastsdæmanna.

**Kjalarnesprófastsdæmi**, www.kjalarpr.is, nær frá Kjós að Mosfellsbæ og frá Garðabæ um Suðurnes öll. Því tilheyra einnig Vestmannaeyjar. Kjalarnesprófastsdæmi tilheyra 17 sóknir og tæplega 56 þúsund manns.

**Reykjavíkurprófastsdæmi eystra**, www.kirkjan.is/eystra, nær yfir ellefu sóknir í Reykjavík austan Elliðaáa og Kópavog. Það er stærsta prófastsdæmi Þjóðkirkjunnar og því tilheyra tæplega 67 þúsund manns.

**Reykjavíkurprófastsdæmi vestra**, www.kirkjan.is/vestra, nær yfir tíu sóknir frá Seltjarnarnesi að Elliðaám. Því tilheyra tæplega 50 þúsund manns. Þetta prófastsdæmi hefur einnig umsjón með sérþjónustu kirkjunnar og söfnuðum erlendis.

# Aðventan, jólin og sorgin

Aðventa, jól og áramót eru oft langerfiðasta tímabil ársins fyrir syrgjendur. Í hugum margra eru jólin og áramótin hátíð fjölskyldunnar og gleðilegra samverustunda hennar. Á aðventunni kann að vera að syrgjendur langi helst að hátíðunum ljúki sem fyrst og desember hreinlega hverfi úr almanakinu. Erfitt getur verið að heyra jólalögin hljóma hvert sem farið er og fólk að óska hvert öðru gleðilegra jóla. Ef til vill kemur einhver auga á tilvalda jólagjöf en gerir sér svo grein fyrir að ástvinurinn er ekki lengur á lífi til þess að njóta hennar. Hér eru nokkur ráð til að komast í gegnum hátíðirnar:



**Kertaljós og tónlist** Ef þið hafið ákveðið að skreyta heimili ykkar, fáið þá hjálp frá börnum, öðrum úr fjölskyldunni eða vinum. Það er í lagi að gera eitthvað öðruvísi en vanalega eða bara skreyta ekki neitt. Munið þó að kertaljós og notaleg tónlist auka á vellíðan.

**Samvera** Samverustundir fjölskyldunnar geta tekið á. Verið heiðarleg hvert við annað um tilfinningar ykkar. Ræðið saman um hvað þið viljið gera yfir hátíðirnar. Ekki setja markið of hátt, hvorki fyrir ykkur sjálf né fjölskylduna.

**Kort** Hugleiðið að fækka jólakortum í ár. Það er ekki nauðsynlegt að senda kort, sérstaklega ekki fólkinu sem þið hittið um hátíðirnar.



**Matur** Ef til vill gerir það ykkur gott að þiggja matarboð hjá ættingjum eða vinum á hátíðunum. Ef þið ákveðið að halda matarboð heima hugleiðið þá hvort ástæða sé til að breyta aðeins út af venjunni, t.d. hafa eitthvað annað í matinn en venjulega.



**Hvíld** Mikill ys og þys fylgir oft jólahátíðinni. Þess vegna þurfa syrgjendur að hvíla sig eins vel og kostur er. Þeim veitir ekki af allri sinni orku.

**Ljós og von** Sumir halda að þegar nokkrir mánuðir eru liðnir frá andláti ástvinar séu syrgjendur að „komast yfir missinn“. En söknuðurinn eftir ástvininum verður fylginautur syrgjenda ævilangt. Reynslan hefur hins vegar sýnt að flestir muni geta notið hátíða eins og jóla, hátíðar ljóss og vonar.

*Svandís Íris Hálfdánardóttir, hjúkrunarfræðingur á líknardeild LSH í Kópavogi, staðfærði með hliðsjón af bókinni: Bereavement Care (1993), Victoria Hospice Society, Kanada. Þennan texta er einnig að finna í bæklingi sem Ný dögun hefur gefið út. Hann liggur frammi á líknardeild Landspítalans og á fleiri stöðum.*

**● HVAÐA DAG FÆDDIST JESÚS?** Enginn veit nákvæmlega hvenær Jesús fæddist, því í augum kirkjunnar var lengi framan af talið ástæðulaust að halda upp á byrjun jarðnesks lífs. Hin sanna fæðingarstund þótti vera dánardagurinn, þegar menn öðluðust eilíft líf. Síðar vaknaði áhugi fyrir því að reyna að komast að þessu, og allt frá byrjun 3. aldar sjást merki þeirrar viðleitni í gömlum ritum. Voru ýmsir dagar nefndir, svo sem 6. janúar, 20. apríl, 20. maí, 17. nóvember og 25. desember. Í fyrstu náði 6. janúar mestri útbreiðslu, en á 4. og 5. öld víkur hann fyrir 25. desember sem fæðingardagur Jesú Krists víðast hvar, líklega vegna áhrifa frá ljósahátíð Rómverja tengdri sólhvörfum að vetri, sem árið 46 f.Kr. höfðu verið ákvörðuð einmitt þann dag. Eftir það gerði austurkirkjan 6. janúar að minningardegi skírnar Jesú í ánni Jórdan, eins og verið hafði í Egyptalandi þegar um árið 200, og kallaði Opinberunarhátíð, en vesturkirkjan fór á hinn bóginn að minnast komu austurlandakonunganna eða vitringanna til Betlehem. Og fleiri atburðir tengdust síðar umræddum degi, t.d. brúðkaupið í Kana og mettun fimm þúsundanna. Í nágrannalöndum okkar, t.d. Englandi, Þýskalandi og Noregi er þrettaándinn kallaður Opinberunarhátíðin (epiphania). Á einhverjum tímapunkti undir lok fornaldar eða við upphaf miðalda var ákveðið að hin kristnu jól skyldu ná yfir þessa daga alla – og þá til að sameina hátíðirnar báðar, 25. desember og 6. janúar. Þar eru þá komnir þrettán dagar jóla. Kristnar kirkjur halda þó ekki allar jólin á sama tíma. Austurkirkjan, eða rétttrúnaðarkirkja, fylgir öðru tímatali en Vesturkirkjan, það er rómverskkaþólsk og mótmælendakirkjur. Þess vegna er aðfangadagur í Austurkirkjunni hinn 6. janúar. Heimild: www.tru.is.





## Atvinna

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

### Námsráðgjafi óskast

Menntaskólinn Hraðbraut óskar að ráða námsráðgjafa í hlutastarf. Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið ohj@hradbraut.is. Farið verður með upplýsingar sem trúnaðarmál.

REYKJAVIK GEOTHERMAL

### Sérfræðingar á sviði jarðhita

Reykjavik Geothermal ehf. er fyrirtæki sem fyrst og fremst sinnir verkefnum tengdum jarðhita. Félagið var stofnað árið 2008. Verkefni fyrirtækisins eru flest erlendis, bæði á sviði ráðgjafar og í eigin þróunarverkefnum. Núverandi verkefni RG eru m.a. í Mið Austurlöndum, Afríku og á Indlandi.

**Leitað er að starfsmönnum á eftirtöldum sviðum innan jarðhitageirans:**

**- jarðvísindi**
**- verkfræði**
**- verkefnastjórnun**
**- umhverfis- og gæðamál**

Umsækjendur þurfa að hafa menntun sem hæfir starfinu, reynslu af jarðhitaverkefnum og getu og vilja til að starfa erlendis um lengri eða skemmri tímabil. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu í starfi á erlendri grund.

Vinna í verkefnum RG fer fram á ensku og er nauðsynlegt að umsækjendur hafi góð tök á málinu.

Umsóknarfrestur er til og með 30. janúar 2010 og ber að póstleggja umsóknir eða skila þeim innan þess tíma í lokuðu umslagi á skrifstofu félagsins að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað skriflega.
Frekari upplýsingar veitir Vilhjálmur Skúlason á skrifstofu félagsins eða í síma 892 0018.

# UNGT FÓLK TIL ATHAFNA



## RÁÐGJAFAR

**Vinnumálastofnun leitar eftir sérfræðiráðgjöfum fyrir þjónustuskrifstofur stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til starfa að ráðgjöf við ungt fólk í atvinnuleit. Ráðningin er tímabundin í allt að eitt ár.**

**Starfssvið**

- ráðgjöf við atvinnuleitendur
- skipulag og þróun úrræða fyrir atvinnuleitendur
- önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- háskólanám í náms- og starfsráðgjöf, félagsráðgjöf, sálfræði eða sambærilegt nám
- góð þekking á vinnumarkaði og menntakerfinu
- reynsla af ráðgjafastörfum er kostur
- góð tungumálakunnátta, m.a. í ensku og einu Norðurlandamáli
- góð tölvukunnátta
- mikil samskiptahæfni
- framtakssemi, sjálfstæði og skipulagshæfni

Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins er staðsett í Reykjavík og þjónustuskrifstofa á Suðurnesjum er í Reykjanesbæ. Ráðgjafar stofnunarinnar þjóna atvinnuleitendum í öllu umdæmi skrifstofanna og þeirra bíður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar, **www.vinnumalastofnun.is**

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Hugrúnar B. Hafliðadóttur starfsmannastjóra Vinnumálastofnunar, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið hugrun.haflidadottir@vmst.is fyrir **5. janúar 2010**.

**Nánari upplýsingar veita:**

Hrafnhildur Tómasdóttir í síma 515 4850
og Hugrún B. Hafliðadóttir starfsmannastjóri í síma 515 4800.

VINNUMÁLA STOFNUN

## Fasteignir

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is



# Fasteignasala fólksins

*Starfsfólk Heimilis óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

heimili FASTEIGNASALA

Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is



**Argentína** Fjallið Cerro Fitzroy í Patagóníu.



**Gdansk** Dlugi Targ-kirkjutorgið í Gdansk en Iceland Express hefur beint flug þangað á næsta ári.

hefur eytt miklum fjármunum í að gera heimsmeistaramótið sem eftirminnilegast en það er aldeilis nóg annað að sjá en karlmenn að sparka í svartan og hvítan knött. Höfðaborg er óneitanlega ein fallegasta borg heims en þar eru hvítar strendur með fögrum klettum og fjöllum allt í kring. Það getur verið stórsniðugt að heimsækja Stellenbosch-vínhéruðin, heimsækja smáríkið Lesotho, heimsækja söfn um blóði drifna sögu aðskilnaðarstefnunnar eða bregða sér í safariferð og sjá fíla, gíraffa og ljón í sínu náttúrulega umhverfi.

**Gdansk!**

Pólland er heillandi land, ríkt af fegurð, góðu fólki, hrífandi byggingarlist og gríðarlegri menningu. Í vor hefur Iceland Express flug til borgarinnar Gdansk í norðurhluta Póllands, sem er vel, því þessi hafnarborg frá miðöldum er einstaklega falleg. Skoðaðu kirkjur og stórfenglegar byggingar í gamla miðbænum og þá sérstaklega stærstu gotnesku kirkju úr múrsteini sem byggð hefur verið í heiminum. Þar er líka hægt að skreppa á ströndina og vinsæli strandbærinn Sopot er rétt hjá. .

**Vancouver!**

Ferðamannastraumur mun verða þungur til kanadísku borgarinnar Vancouver nú í febrúar, en þá hefjast vetrarólympíuleikarnir. Þrjár billjónir heimsbúa munu fylgjast með viðburðunum þar í sautján daga og er því óhætt að segja að Vancouver verði miðdepill heimsins um stund. Borgin er einstaklega fallega staðsett við strendur Kanada og umkringd stórfenglegum skógi vöxnum fjallgörðum. Óhætt er að segja að Vancouver sé eins konar San Francisco Kanadamanna, allir eru afskaplega afslappaðir og svalir og stemningin ber með sér nett hippalegan blæ.

## FJARLÆGAR SLÓÐIR

Heitustu áfangastaðirnir á fjarlægum slóðum að mati Lonely Planet og The Ethical Traveller eru frá vinstri til hægri:

**Suður-Afríka** en heimsmeistaramótið í fótbolta á sér stað þar árið 2010. Það er svo um að gera að skella sér á safarí í leiðinni!

**Gana** en þar er ferðamennskan talin mæta siðrænum gildum. Hér sést stúlka með kol og ávexti á höfðinu sem hún er að selja.

**Nepal.** Kjörið land til gönguferða um Himalajafjöll. Hér er hin lifandi gyðja, Kumari, á hátíðarhöldum í Katmandú.












**Þingblót ásatrúarmanna** Colin hefur ætíð verið heillaður af norrænni goðafræði.

# BLÓT Á JÓLAFÖSTU

Bandaríski skiptineminn **Colin Scott McKinstry** hefur lengi haft áhuga á norrænni goðafræði. Sá áhugi leiddi hann á jólablót Ásatrúarfélagsins, sem hann segir með eftirminnilegustu stundum hans hér.

Ef fólk hefur gaman af því að skoða maísakra ætti það endilega að skella sér til Vestur-Ohio!“ segir Colin Scott McKinstry, nítján ára bandarískur skiptinemi, spurður að því hvað sé helst að sjá í hans heimahögum og hvort hann myndi mæla með því að ferðast þangað. Við nánari umhugsun mælir hann reyndar með Októberfest í Cincinnati, sem er ekki fjarri hans heimabæ. Það mun vera önnur stærsta Októberfest heims, sem margir leggja á sig langt ferðalag til að komast að.




**Colin Scott McKinstry** Mælir ekki sérstaklega með því að fólk ferðist til heimahaga hans í vesturhluta Ohio í Bandaríkjunum, nema það hafi sérstakan áhuga á maísökrum.

Colin hefur dvalið á Íslandi í fjóra mánuði sem skiptinemi í Menntaskólanum í Kópavogi. Hann lætur vel af dvöl sinni á landinu og hefur dýft sér á bólakaf í íslenska menningu. Hann bragðaði meðal annars skötu á Þorláksmessu, þrátt fyrir viðvaranir fólks í kringum hann, og hlakkar mikið til þess að smakka heimalagað rauðkál hinnar íslensku móður sinnar í kvöld. Aðdragandi íslenskra jóla er ekki ósvipaður þeirra bandarísku, segir Colin. Helsta breytingin felist í því að Íslendingar fagni jólunum 24. desember en ekki á jóladag eins og Bandaríkjamenn. Eitt hefur hann þó upplifað í aðdraganda jólanna sem hann myndi seint gera heima. Hann er mikill áhugamaður um sögu Norðurlandanna og norræn goðafræði hefur alltaf heillað hann. Þessi áhugi hans leiddi hann á jólablót Ásatrúarfélagsins, sem hann segir með eftirminnilegri stundum hans hér. Colin er ekki þjakaður af heimþrá og segir sitt fólk á Íslandi hafa lagt sitt af mörkum til þess að hann sakni ekki foreldra sinna, systkina og allra gæludýranna allt of mikið yfir hátíðirnar. „Ég hef varla fundið fyrir heimþrá frá því ég kom hingað, enda var mér strax látið líða eins og ég væri einn af fjölskyldunni og hef verið svo heppinn að eignast mikið af vinum hérna.“







## HEIMAMAÐURINN

▸ París

*FLORENCE HELGA THIBAULT* MYNDSKREYTTI NÝVERIÐ ÞJÓÐSÖGUR JÓNS ÁRNASONAR Í NÝRRI ÚTGÁFU.



**UPPÁHALDSVEITINGASTAÐURINN?** Ég held mikið upp á veitingastaðinn Jules Verne sem er á efstu hæð Eiffel-turnsins. Þar er ljúffengur franskur matur og útsýni yfir alla borgina.

**BESTA BÚÐIN TIL AÐ KAUPA SÉR TÍSKUFÖT?** Verslunin H&M stendur alltaf fyrir sínu, sérstaklega eftir að þeir fóru að selja hönnun Soniu Rykiel á góðu verði!

**SKEMMTILEGASTI STAÐURINN TIL AÐ FARA MEÐ BÖRN?** Disneyland er óneitanlega ómissandi fyrir smáfólkið en ég er sjálf mjög hrifin af skóginum rétt utan Parísar þar sem ég bý sem nefnist La forêt de Compiègne. Þar er skemmtilegur garður fyrir börn þar sem þau geta klifrað og leikið sér í trjánum.

**ÁTTU ÞÉR LEYNISTAÐ Í PARÍS?** Já, lítið torg efst á Montmartrehæðinni sem er afar rómantískt og sjarmerandi.

**HVERJU MÁ MAÐUR ALLS EKKI MISSA AF Í DESEMBER?** Jólaskrautinu í miðborginni sem er ótrúlega fallegt.

**HVAR ER SKEMMTILEGAST AÐ FÁ SÉR DRYKK?** Á L‘hotel Kube sem er í 18. hverfi.

**HVER ER UPPÁHALDS FRANSKI RÉTTURINN ÞINN Á VEITINGAHÚSUM?** Hörpudiskur, flamberaður í koníaki.

**OG HVERJU MÁ ALLS EKKI GLEYMA EF MAÐUR SKREPPUR TIL PARÍSAR?** Soulages-sýningunni sem er í Centre Pompidou.






EXPO · www.expo.is



**Á fullu tungli** Taílensk kona dansar frá sér gamla árið í „full moon"-partíi á Haad Rin. MYND/GETTY

# SÓLARSAMBA
## UM ÁRAMÓTIN

Nokkrir dagar eru eftir af árinu 2009 og ennþá tími til að rífa sig úr dúnúlpunni, kasta af sér eyrnaskjólunum og panta sér flugmiða (aðra leið?) út í heim til að taka á móti nýju ári í stuttbuxum og sandölum á hvítri strönd. Á eftirfarandi fjórum stöðum má búast við sólríkum degi hinn 31. desember og áramótagleði sem lifir langt fram á fyrsta dag ársins 2010.

### HAAD RIN, KOH PHANGAN, TAÍLAND

Hvítar sandstrendur Koh Phangan eru svo draumkenndar og fagrar að þær renna þeim seint úr minni sem þangað hætta sér. Í hverjum mánuði eru partí haldin til að fagna fullu tungli, þangað sem um tíu þúsund manns alls staðar að úr heiminum koma í hvert sinn. Á gamlárskvöld má gera ráð fyrir enn fleira fólki og enn villtara partíi. En staðurinn er líka þekktur fyrir rólega og þægilega stemningu á daginn, svo hann hentar vel fyrir þá sem vilja skemmta sér ærlega en safna kröftum fyrir nýja árið líka.

### WAIKIKI-STRÖND, HONOLULU

Það er örugglega ekki dapurlegt að horfa á flugeldana springa út yfir hinni ægifögru Waikiki-strönd á Honolulu á gamlárskvöld. Íslendingar sem þar dvelja munu líklega hugsa heim, því á Waikiki er mikið um að einstaklingar skjóti sjálfir upp flugeldum á ströndinni, sem flestum þjóðum þykir mesta brjálæði, en Íslendingum hið sjálfsagðasta mál. Á gamlárskvöld er strandlengjunni lokað fyrir allri umferð og hún breytist í stærðarinnar gleðskap með mat, drykk og skemmtiatriðum.

### COPACABANA, RIO DE JANEIRO, BRASILÍA

Fimm milljónir manna safnast saman í Rio de Janeiro um áramótin og þar af kemur um helmingurinn á Copacabana-ströndina. Götunum í kring er lokað fyrir umferð og í staðinn fyrir bílljósin koma milljónir kertaljósa, sem fólkið kveikir á til að bera fram óskir og loforð um árið sem er að renna upp. Ljósadýrðin og fegurðin brýst svo út í stjórnlausum gleðskap sem stendur langt fram á næsta dag.



**Mannmergð** Milljónir manna alls staðar að úr heiminum fagna áramótunum á Copacabana-ströndinni í Ríó. MYND/GETTY

### GOA, INDLAND

Á sjöunda áratug síðustu aldar varð Goa athvarf hippa sem komu þangað til að njóta hins ljúfa lífs. Þar er lífið ennþá ljúft og margir hippanna eru þar enn. En á Goa er orðið töluvert meira af annars konar ferðalöngum, sem vilja ekki bara slaka á heldur líka dansa frá sér allt vit um nætur. Einn af kostum Goa er að strendurnar eru margar og stemningin misjöfn þeirra á milli. Þeir sem heldur kjósa róleg áramót og að njóta fegurðar og kyrrðar á ströndinni eiga ekki síður erindi þangað.



Filon / SIA

Hátíðarsund
Lykill að góðri heilsu

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA **ÍTR**
UM JÓL OG ÁRAMÓT
2009–2010

| | Þorláksmessa | Aðfangadagur | jóladagur | Annar í jólum | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 23. des | 24. des | 25. des | 26. des | 31. des | 1. jan * |
| Árbæjarlaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | 12:00–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað |
| Breiðholtslaug | 06:30-18:00 | 08:00-12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |
| Grafarvogslaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |
| Klébergslaug | 11:00-15:00 | 10:00-12:30 | Lokað | Lokað | 10:00-12:30 | Lokað |
| Laugardalslaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | 12:00–18:00 | 08:00–12:30 | 12:00–18:00 |
| Sundhöllin | 06:30-18:00 | 08:00-12:30 | Lokað | Lokað | 08:00-12:30 | Lokað |
| Vesturbæjarlaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma*

Laugarnar í Reykjavík
www.itr.is | sími 411 5000




Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla við lestur góðra bóka

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING / IÐUNN / VAKA-HELGAFELL



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, dóttur og systur,*

**Elvu Daggar Pedersen**

Mosarima 12, Reykjavík.

Við þökkum sérstaklega góðum vinum okkar fyrir einstakan stuðning og vináttu á erfiðum tímum. Einnig þökkum við sérstaklega því heilbrigðisstarfsfólki sem annaðist Elvu Dögg í veikindum hennar.

**Haukur Sigurðsson**
**Alexander Hauksson**
**Palle Skals Pedersen**
**Sæunn Elfa Pedersen**
**Daníel Thor Skals Pedersen**
**Arnór Ingi Ingvarsson**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,*

**Haraldar Torfasonar**

fyrrum bónda í Haga í Nesjum,

sem lést fimmtudaginn 10. desember. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands fyrir hlýja og góða umönnun.

**Elín Dögg Haraldsdóttir**
**Gunnar Björn Haraldsson** **Guðrún Kristjánsdóttir**
**Halldór Sölvi Haraldsson** **Anna Halldórsdóttir**
**Sigrún Brynja Haraldsdóttir** **Þorvaldur Helgason**
**Þorleifur Haraldsson**
**Harpa Cilia Ingólfsdóttir** **Ivon Stefán Cilia**
**börn, barnabörn, barnabarnabarn og systkini.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, sonar, tengdasonar, bróður og mágs,*

**Hans Alberts Knudsen**

flugumsjónarmanns,
Lúxemborg.

Þökkum af alhug öllum vinum okkar hér á Íslandi og í Lúxemborg fyrir ómetanlega hjálp og stuðning í veikindum hans. Guð gefi ykkur gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

**Laufey Ármannsdóttir**
**Henrik Knudsen**
**Helen Sif Knudsen**
**Guðmunda Elíasdóttir**
**Guðbjörg Eyvindsdóttir**
**Sif Knudsen** **Stefán Ásgrímsson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,*

**Guðmundur Cesar Magnússon**

Blikaási 21, Hafnarfirði,

lést af slysförum miðvikudaginn 16. desember sl. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði miðvikudaginn 30. desember kl. 13.00. Við afþökkum blóm og kransa, en biðjum þá sem vilja minnast hans að styrkja björgunarsveitirnar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Oddrún Kristófersdóttir**
**Elísabet Sigríður Guðmundsdóttir** **Jóhanna Þórisdóttir**
**Atli Már Guðmundsson** **Hrafn Leó Guðjónsson**
**Arna Rún Cesarsdóttir** **Ívar Smári Guðmundsson**
**Guðbjörg Krista Cesarsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



*Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingeborg Grimm Jónsson**

Þorsteinsgötu 11, Borgarnesi,

verður jarðsungin frá Borgarneskirkju þriðjudaginn 29. desember kl. 14.00.

**Guðmundur Jónsson**
**Úlfar Guðmundsson** **Joan Andersen**
**Sverrir og Guðmundur Úlfarssynir**
**Kristófer Þór, Michael Van Eric,**
**Timothy Manfred, Melinda og Christie.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Anna Sigrún Snorradóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 22. desember.

**Birgir Þórhallsson**
**Snorri Sigfús Birgisson**
**Guðrún Sigríður Birgisdóttir** **Martial Nardeau**
**Þórhallur Birgisson** **Kathleen Bearden**
**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,*

**Vigfúsar Sigurðssonar**

húsasmíðameistara, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólvangs fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Inga Sigrún Vigfúsdóttir** **Óli Rafn Sumarliðason**
**Guðfinna Vigfúsdóttir** **Aðalsteinn Valdimarsson**
**og afabörnin.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og bróður,*

**Einars Magnússonar**

Suðurhólum 14, Reykjavík,

sem lést þriðjudaginn 1. desember sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks V3, hjúkrunarheimilinu Grund. Við óskum ykkur öllum gleðilegrar hátíðar.

**Petrína Einarsdóttir** **Hörður Kolbeinsson**
**Elísabet Einarsdóttir**
**Skarphéðinn Scheving Einarsson**
**Pálína Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartanlegar þakkir sendum við öllum þeim sem með hlýhug og vináttu vottuðu minningu*

**Péturs H. Ólafssonar**

virðingu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar L-5 á Landakoti fyrir elsku þess við umönnun hans. Sendum ykkur öllum óskir um gleðilega jólahátíð og farsæld á komandi ári.

**Hrefna Pétursdóttir**
**Hugrún Pétursdóttir** **Marteinn Geirsson**
**Pétur Pétursson** **Anna S. Einarsdóttir**
**Ólína Björk Pétursdóttir**
**afabörnin öll og systkini hin látna.**

**HAROLD PINTER (1930-2008) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Stundum óskaði ég mér að ég gæti skrifað eins og einhver annar, verið einhver annar. Enginn sérstakur. Bara að ég byrjaði að skrifa og skyndilega kæmi allt öðruvísi texti.“*

***Harold Pinter var breskt leikritaskáld, leikstjóri og Nóbelsverðlaunahafi. Pinter vakti athygli þegar hann gagnrýndi utanríkisstefnu Bandaríkjanna þegar honum voru veitt Nóbelsverðlaunin.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



Hér er Sigmundur á toppi Kerlingarinnar, sem er hæsta fjall Eyjafjarðarsýslu, en hann hefur ferðast töluvert með Toppförum og átti tuttugu metra í að komast á Hvannadalshnúk í vor. Þá gerði aftakaveður en hann er staðráðinn í að fara aftur. MYND/ÚR EINKASAFNI

SIGMUNDUR G. SIGURÐSSON: ÚR ÚTGERÐ Í HÚSASMÍÐI

# Fylgdi hjartanu

Sigmundur G. Sigurðsson, fyrrverandi útgerðarmaður á Akranesi, söðlaði um fyrir nokkrum árum og skráði sig í húsasmíði. Hann er nú nýútskrifaður frá Fjölbrautaskóla Vesturlands og þrátt fyrir breytt landslag á vinnumarkaði sér hann ekki eftir ákvörðuninni og er bjartsýnn á að húsnæðismarkaðurinn glæðist.

Sigmundur rak útgerðarfélagið Keili ehf. á Akranesi um 23 ára skeið ásamt eiginkonu sinni, Guðríði Guðmundsdóttur, Friðriki Þ. Magnússyni og eiginkonu hans, Aðalheiði Skarphéðinsdóttur. Hann og Friðrik höfðu áður unnið saman í járnblendinu á Grundartanga og áttu því um aldarfjórðungs sameiginlegan starfsferil að baki. En hvað varð til þess að Sigmundur skipti um gír? „Það var bara kominn tími til að breyta til. Húsasmíðin, og sú sköpun sem henni fylgir, hefur alltaf blundað í mér og ég hef tvisvar áður reynt að skrá mig til náms. Þegar Friðrik keypti mig út fyrir tæpum þremur árum gafst loks tækifæri og ég lét slag standa,“ segir Sigmundur sem hefur að eigin sögn verið í helgarnámi síðan þá.

Á þeim tíma sem Sigmundur rak útgerðina var uppgangurinn mikill en það sama á ekki við um húsasmíðina í dag. „Mig grunaði auðvitað ekki hvernig staðan yrði í dag þegar ég ákvað að rífa mig upp á gamals aldri en menn verða líka að fylgja hjartanu. Ég trúi ekki öðru en að kreppan taki enda og að fólk fari að byggja á ný.“

Talsvert er um nýbyggingar á Akranesi og festi Sigmundur nýverið kaup á hálfkláruðu parhúsi sem hann stefnir á að vinna að á komandi ári. „Vonandi verður eitthvað farið að glæðast þegar því verkefni lýkur.“

**vera@frettabladid.is**

# Demantsbrúðkaup



Hjónin Ingibjörg Jónasdóttir og Guðmundur A. Elíasson frá Suðureyri við Súgandafjörð eiga 60 ára brúðkaupsafmæli þann 26. desember nk.

Þau fá innilegar hamingjuóskir frá börnum, tengdasyni og barnabörnum í tilefni dagsins.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS®

Starfsfólk og stofnendur
Bónus óska
landsmönnum öllum
gleðilegra jóla

Afgreiðslutími aðfangadag: 09:00 til 13:00

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: Aðfangadag 09.00-13.00 - Sunnudaginn 27 des. frá 12.00-18.00





# Samstillta stressátakinu lokið

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**



María sagði við Jósef: Ég held ég sé ólétt. Ha, hváði Jósef, sem var smiður og sakleysingi. Við erum ekki einu sinni búin að kyssast! bætti hann við, eitt spurningarmerki í framan. Já, ég veit, sagði María og horfði á tær sér, en sko, þú veist. Það kom engill í heimsókn.

**RÚMLEGA TVÖ ÞÚSUND ÁRUM** síðar er ég í Toys „R“ Us að redda því síðasta. Ég er alls ekki í neinu jólastressi. Þegar ég hugsa um það fór ég aldrei í jólastress fyrir þessi jól. Var aldrei á síðustu stundu með neitt. Reddaði öllu löngu fyrir tímann. Það er samt eins og það sé búið að vera samstillt átak í þjóðfélaginu að búa til stress. Í desember er bog-inn spenntur til fulls með auglýsingaholskeflu, umferðaröngþveiti og troðfullum bílastæðum, gólandi og uppáþrengjandi jólasveinum, glysi hér og glingri þar. Yfir öllu hljóma jólalögin eins og bumbusláttur í þrælaskipi. Þau ganga flest út á að æsa upp í hlustendum þrá eftir JÓL. UN.UM. Jólin koma og ég hlakka svo til. Endurtekið út í hið óendanlega.

**VIÐ HÖFUM** því öll markvisst verið æst upp í að hlakka óskaplega til dagsins í dag. Og það stórmerkilega er að þegar aðfangadagur rennur loksins upp reynist tilhlökkunin vera þess virði. Kannski það sé aðallega vegna þess að nú er samstillta stressátakinu lokið og allt fellur í ljúfa löð. Gott ef það er ekki bara byrjað að snjóa úti og lögin um kærleika og frið loksins byrjuð að meika sens.

**MÉR FINNST AÐ JÓLIN** eigi að vera gamaldags og hallærisleg. Svört jólatré með snarhönnuðu jólaskrauti í stíl eru mér ekki að skapi. Jólaskrautið á að vera gamalt og úr öllum áttum. Það á að hafa safnast saman á löngum tíma og búa til tímalínu fjölskyldunnar. Amma og afi koma og segja frá gömlu jólunum. Frá eplalyktinni sem bjó til jólin. Það er alltaf jafn gaman að heyra það. Gott er að hafa krakka nálægt til að koma sér í ærlegt jólaskap. Ég man hvað mér fannst jólin rosalega spennandi og get endurnýjað þessa tilfinningu í gegnum börnin. Í ár ætla ég auðvitað að passa mig á að éta ekki á mig algjört gat. Miðað við það sem er búið að kaupa inn er þetta auðvitað að vita vonlaust markmið. Æ, það eru nú einu sinni jólin og maður þarf að fagna því að daginn er farið að lengja. Gleðileg jól!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








FASTEIGNA MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, FAX 570 4505.
Netfang: fastmark@fastmark.is - Heimasíða: http://www.fastmark.is/
Jón Guðmundsson, sölustjóri og lögg. fasteignasali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali



STOCKHOLMS STAD

KULTUR-FÖRVALTNINGEN

## Villa Bergshyddan

Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan, sem staðsettur er í miðborg Stokkhólms.

Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld. Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni, án endurgjalds, í eina eða tvær vikur á tímabilinu 1. apríl til 30. september 2010.

Umsóknareyðublöð fást á www.reykjavik.is, www.kultur.stockholm.se og í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Umsóknir sendist í síðasta lagi 1. febrúar 2010 til:
**Stockholms Kulturförvaltning,**
**Nordiskt kultursamarbete,**
**Yvonne Boulogner,**
**Box 16113**
**SE 103 22 Stockholm**

Nánari upplýsingar veitir Kristjana Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590-1520, netf. nanna@reykjavik.is og yvonne.boulogner@kultur.stockholm.se



## Yfirvélstjóri

Erlent útgerðarfyrirtæki leitar að yfirvélstjóra á frystitogara sem stundar veiðar í Barentshafi. Viðkomandi þarf að hafa full réttindi (4. stig) og reynslu af frystitogara vélstjórn. Enskukunnátta nauðsynleg. Um er að ræða langtímastarf. Yfirvélstjóri er á aflahlut og er kauptrygging 10.000 evrur per mánuð. **Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: barentstrawl@live.com.**



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

# Ólafur á topp tíu í 11. sinn

Fjórir íþróttamenn eru í fyrsta sinn á topp tíu listanum í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins en kjörið verður gert opinbert 5. janúar.


BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON


EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN


GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON


HELENA SVERRISDÓTTIR


HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR

**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS** Íþróttamaður ársins fyrir árið 2009 verður útnefndur þriðjudaginn 5. janúar næstkomandi en atkvæði í kjöri Samtaka íþróttafréttamanna hafa nú verið talin og fyrir liggur hvaða tíu íþróttamenn urðu efstir.

Atkvæðagreiðsla félagsmanna í Samtökum íþróttafréttamanna er leynileg og setur hver félagsmaður SÍ saman lista með nöfnum tíu íþróttamanna sem honum þykja hafa skarað fram úr á árinu.

Íþróttamaður ársins 2008, Ólafur Stefánsson (handbolti), kemst nú á listann í ellefta sinn og setur með því met því enginn hópíþróttamaður hefur komist oftar á listann. Ólafur hefur þrisvar sinnum verið kosinn íþróttamaður ársins því hann var einnig valinn 2002 og 2003. Eiður Smári Guðjohnsen (knattspyrna, 2004 og 2005) og Guðjón Valur Sigurðsson (handbolti, 2007) eru þeir einu á listanum auk Ólafs sem hafa verið kosnir Íþróttamenn ársins.

Eiður Smári er á topp tíu listanum túunda árið í röð og kemst þar með í hóp þriggja kunnra kappa en þeir Guðmundur Gíslason (sund, fimmtán ár í röð frá 1957-1971), Bjarni Friðriksson (júdó, ellefu ár í röð frá 1982-1992) og Valbjörn Þorláksson (frjálsar, tíu ár í röð frá 1956-1965) náðu allir að vera á topp tíu listanum í heilan áratug.


**ÍÞRÓTTAMAÐUR ÁRSINS 2008** Ólafur Stefánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/XXXXXXX

Jón Arnór Stefánsson (körfubolti) getur einnig talist vera reynslubolti á listanum en hann er nú að komast á topp tíu listann í sjöunda skiptið, þar af í þriðja árið í röð. Guðjón Valur er á listanum fimmta árið í röð, eða síðan hann komst þangað fyrst árið 2005.

Fjórir nýliðar eru nú á topp tíu listanum, þar af þrjár konur. Þetta eru þau Björgvin Páll Gústavsson (handbolti), Helena Sverrisdóttir (körfubolti), Helga Margrét Þorsteinsdóttir (frjálsar) og Hólmfríður Magnúsdóttir (knattspyrna). Helena kemst nú á listann eftir að hafa verið í ellefta sæti undanfarin þrjú ár og Helga Margrét er fyrsti frjálsíþróttamaðurinn í fimm ár til þess að komast í hóp tíu bestu.

Þau Jakob Jóhann Sveinsson (sund) og Þóra Björg Helgadóttir (knattspyrna) komast nú bæði á topp tíu listann eftir fjögurra ára fjarveru en þau voru bæði síðast á listanum fyrir árið 2005.

Þetta verður í 54. skiptið sem Samtök íþróttafréttamanna velja Íþróttamann ársins en jafnframt í fjórða sinn sem sigurvegarinn fær að lyfta styttunni frægu sem var gefin til kjörsins árið 2006.

ooj@frettabladid.is


HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR


JAKOB JÓHANN SVEINSSON


JÓN ARNÓR STEFÁNSSON


ÓLAFUR STEFÁNSSON


ÞÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR

Heil umferð á Englandi um jólahelgina:

# Verðum að vinna

**ENGLAND** Rafa Benitez, stjóri Liverpool, viðurkenndi í gær að liðið yrði einfaldlega að vinna sigur þegar það mætir Wolves á öðrum degi jóla. Þá fara átta leikir fram í ensku úrvalsdeildinni og svo tveir á sunnudaginn.

Reyndar er veislunni ekki lokið þar með. Strax á mánudaginn fara svo fram sex leikir og haldið verður svo áfram á þriðju- og miðvikudaginn. Það verður því leikið í ensku úrvalsdeildinni fimm daga í röð.

Liverpool tapaði fyrir Portsmouth um síðustu helgi og er nú í áttunda sæti deildarinnar. Wolves er í tólfta sæti en Benitez sagði ekkert annað en sigur koma til greina hjá sínum mönnum. Hann sagðist einnig vongóður fyrir átökin fram undan í deildinni, þrátt fyrir allt sem á undan hefur gengið.


**RAFA BENITEZ** Stjóri Liverpool hefur mátt þola mikla gagnrýni á leiktíðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY

„Síðustu 2-3 ár hefur okkur gengið vel á síðari hluta tímabilsins og því erum við fullir sjálfstrausts," sagði Benitez á blaðamannafundi í gær. „Við höfum unnið marga leiki í röð og höfum trú á að við getum endurtekið þann leik nú ef leikmenn sleppa við meiðsli."

Chelsea tekur á móti Birmingham á laugardaginn en þeir Michael Essien, Nicolas Anelka og Deco verða allir frá vegna meiðsla. Daniel Sturridge verður því í byrjunarliði Chelsea í fyrsta sinn í deildarleik.

„Við höfum ekki spilað vel í síðustu leikjum en ef við leggjum okkur 100 prósent fram getum við unnið," sagði Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea. - esá

### LEIKIR HELGARINNAR

| | |
|---|---|
| **Laugardagur, annar í jólum** | |
| Birmingham - Chelsea | 12.45 |
| Fulham - Tottenham | 13.00 |
| West Ham - Portsmouth | 13.00 |
| Burnley - Bolton | 14.00 |
| Manchester City - Stoke | 15.00 |
| Sunderland - Everton | 15.00 |
| Wigan - Blackburn | 15.00 |
| Liverpool - Wolves | 17.30 |
| **Sunnudagur 27. desember** | |
| Arsenal - Aston Villa | 13.30 |
| Hull - Manchester United | 16.00 |


Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

**Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2010**

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2010.

Verðlaun að upphæð 600 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit.

Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Kolbrún Bergþórsdóttir formaður og Jón Óttar Ragnarsson tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Ingibjörg Haraldsdóttir tilnefnd af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.

**Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2010**

Utanáskrift:
Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2.hæð, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs s. 590 1520 og 590 1521.






Gleðilega hátíð og farsælt nýtt ár

Um leið og við þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða óskum við landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.

Ármúla 30 | 108 Reykjavík
Sími 560 1600 | www.borgun.is

BORGUN




vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# Myndin af mömmu

Kvikmyndir ★★★★

**Bjarnfreðarson**

**Leikstjóri:** Ragnar Bragason

**Aðalhlutverk:** Jón Gnarr, Pétur Jóhann Vigfússon, Jörundur Ragnarsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir og Margrét Helga Jóhannsdóttir.

Eftir þrjár vel lukkaðar þáttaraðir er smiðshöggið rekið á vaktabálkinn með kvikmynd í fullri lengd, Bjarnfreðarsyni. Hér er það sem allir þræðir eiga að koma saman, þar sem örlög lánleysingjanna þriggja verða ráðin. Þetta er þó fyrst og fremst mynd um Georg, og hvernig það atvikaðist að hann varð samviskufangi móður sinnar, Bjarnfreðar. Sagan hefst þegar Georg er sleppt úr steininum. Bjarnfreður móðir hans hefur snúið við honum bakinu og hann á í engin önnur hús að venda en hjá Daníel, sem hefur líka skotið skjólshúsi yfir Ólaf Ragnar, sem gerir það gott sem sendill þar til hann verður fyrir óvæntum missi. Út á við reynir Daníel enn að lifa í samræmi við væntingar annarra en er að safna í sig kjarki til að taka örlögin í eigin hendur. Það er gaman að sjá þremenningana í nýjum aðstæðum. Æskusakleysi Ólafs Ragnars blómstrar í umgengni við tvíburastrákana hans Daníels, og eftir mikla þrautagöngu virðist gullna hliðið að veröld hnakkanna loksins ætla að ljúkast upp fyrir honum.

Georg gengur aftur á móti illa að fóta sig utan veggja fangelsisins og leggst í heilmikla naflaskoðun. Hann virðist kominn af röð harðstjóra, afa sem beitir dóttur sína andlegu ofbeldi, sem brýst út í uppreisn gegn feðraveldinu þar sem Georg er gerður að tilraunadýri, sem enn reynir að þóknast móður sinni í einu og öllu.

Bjarnfreðarson er meinfyndin mynd en melódramatískari verk en vaktaþættirnir voru: í þeim var vissulega ávallt undirliggjandi dimmur tónn en hér er slegið á fleiri strengi og kafað dýpra. Sálarskoðun Georgs er til dæmis afskaplega sannfærandi og leiðir til umbreytinga, sem Jón Gnarr leysir afar vel af hendi og ljáir persónunni þá auknu vídd sem hana hefur vantað fram að þessu. Þetta er saga sem ekki er hægt að ljúka án þess að Georg verði heill. Hann er í rauninni sá eini af þremenningunum sem gengur í gegnum slíka umbreytingu; ytri aðstæður hinna tveggja breytast vissulega, en þeir yfirstíga ekki þær innri hindranir sem Georg gerir til að ná sálarþroska.

Ég er meira hugsi yfir persónu Bjarnfreðar Geirsdóttur. Í frábærum meðförum Margrétar Helgu hefur hún birst sem ískaldur harðstjóri sem hefur komist til metorða hjá femínistum. Sjálfum fannst mér það gefa til kynna að Bjarnfreður sýndi á sér aðra hlið út á við (eins og harðstjórar gera) og kæmist til áhrifa í krafti þess. Þessi tvöfeldni gerði Bjarnfreði alltaf dálítið forvitnilegan karakter í mínum huga. Tvíræðninni sleppir hins vegar í Bjarnfreðarsyni; í endurlitsköflum birtist Bjarnfreður einfaldlega sem kona vanheil á geði, ónýt eftir andlega misnotkun föður síns, og fyrir það líður Georg. Engu að síður er hún í fararbroddi kvenfrelsishreyfingarinnar á áttunda áratugnum. Þetta er tónninn sem er sleginn; kvenfrelsishreyfingin samanstóð af geggjuðum, bitrum konum sem komu saman til að bera á sér sköpin í viðurvist barna. Það var normið í þessum hópi. Persóna Georgs Bjarnfreðarsonar er vel lukkuð ádeila á pólitískan rétttrúnað en í honum birtast slíkar öfgar að hann er dæmdur til að vera hornreka í mannlegu samfélagi. Þessa ókosti hefur hann frá móður sinni, en sá munur er á hlutskipti þeirra að hennar öfgahegðun ryður henni til rúms hjá tilteknum hópi, það er að segja femínistum. Þarna snýst ádeilan á pólitískan rétttrúnað í höndunum á höfundum myndarinnar og verður að klisju.


**BJARNFREÐARSON** Samskipti mæðginanna Georgs og Bjarnfreðar eru undir smásjánni og ljósi brugðið á fortíð leiðinlegasta manns Íslands.

Þetta er í rauninni sá ljóður sem kemur í veg fyrir að Bjarnfreðarson verði ein allsherjar flugeldasýning frá upphafi til enda; það er aldrei dauður punktur og sumar uppákomurnar eru með því alfyndnasta sem bálkurinn hefur boðið upp á. Útlit myndarinnar er afskaplega vel úr garði gert. Tónlist Péturs Ben er falleg en á köflum væmin fyrir minn smekk, en það er bæði smekksatriði og sparðatíningur. Heilt á litið er Bjarnfreðarson afar fullnægjandi málalok á bestu sjónvarpsþáttum sem gerðir hafa verið hér á landi.

**Bergsteinn Sigurðsson+**

**Niðurstaða:** Fullnægjandi lyktir á frábærum bálki.

## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

16.12.09 – 22.12.09


1 Svörtuloft – Arnaldur Indriðason


2 Meiri hamingja – Tal Ben-Shahar


3 Mannasiðir – Egill "Gillz" Einarsson


4 Vigdís – Páll Valsson


5 Heitar laugar á Íslandi – Jón G. Snæland


6 Harmur Englanna – Jón Kalman Stefánsson


7 Karlsvagninn – Kristín Marja Baldursdóttir


8 Horfðu á mig – Yrsa Sigurðardóttir


9 Snorri - Ævisaga 1179-1241 – Óskar Guðmundsson


10 Enn er morgunn – Böðvar Guðmundsson

Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872





# Gleðileg jól

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.*
*Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.*

*Ingvar Ísfeld Kristinsson, starfsmaður Fjarðaáls, tók myndina inn Reyðarfjörð.*

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 48442 12/09

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# JÓLAMYNDIRNAR 2009






# Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári

SAMBÍÓIN SAMFILM sagafilm







## FYRSTA STÓRMYNDIN 2010



# Jólamaturinn hjá sjónvarpskokkunum

**Fólk hefur eflaust sínar hugmyndir um hvernig jólamaturinn er hjá sjónvarpskokkunum. Fréttablaðið ákvað að slá á þráðinn til þeirra og forvitnast um hvað væri borið á borð hjá þeim í kvöld**

## TENGDAFORELDRARNIR ELDA



„Ég fer til tengdaforeldra minna á aðfangadagskvöld. Þar verður rjúpusúpa í forrétt, hreindýr í aðalrétt og svo sérrí-ís í eftirmat," segir Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran, sjónvarpskokkur á Skjá einum og eigandi Fiskmarkaðarins. Sjálf segist hún ekki koma nálægt eldamennskunni að þessu sinni. „Tengdaforeldrar mínir vilja eiginlega bara að ég sé í fríi. Þetta er í fyrsta sinn sem ég borða hreindýr á jólunum svo ég er mjög spennt fyrir því," bætir hún við og brosir.

Spurð hvað sé hennar hefðbundni jólamatur segir hún það breytilegt frá ári til árs. „Það hefur alltaf verið sitt á hvað hjá okkur og við höfum alltaf verið mjög dugleg að prófa eitthvað nýtt á aðfangadagskvöld," segir hún. „Mér finnst samt tartalettur með hangikjöti ómissandi og ég hef þær alltaf allavega einu sinni yfir jólin," segir hún.

## KONAN KEMUR EKKI INN Í ELDHÚSIÐ



„Á aðfangadagskvöld fer ég fjörutíu ár aftur í tímann og er með hamborgarhrygg upp á gamla mátann," sagir Jóhannes Felixson bakari, betur þekktur sem Jói Fel. „Í meðlæti er ég með heimalagað rauðkál sem ég geri jólalegt með því að setja hindberjaedik út í, brúna svo kartöflur og geri alvöru svína-sveppasósu," útskýrir Jói og segir hrygginn vera vinsælan meðal heimilisfólksins. „Það eru fjórir krakkar hjá okkur og þau vilja þetta, en konan er ekkert rosalega ánægð þar sem hún ólst upp við rjúpur. Jólin eru samt svo langur tími að við erum með rjúpur, gæs og önd hina dagana, allt sem ég er búinn að skjóta," segir Jói. Aðspurður segist hann sjálfur sjá um eldamennskuna á aðfangadagskvöld. „Ég hleypi konunni ekki inn í eldhúsið, ekki þá frekar en aðra daga. Það eina sem hún fær að gera er að búa til eplaköku í eftirmat sem hún ólst upp við og mér er farin að finnast nokkuð góð," bætir hann við og segir að uppskriftina að kökunni megi finna í Hagkaupsbókinni sem kom út fyrir jólin.

## EYÐIR AÐFANGADEGI Í ELDHÚSINU



„Á aðfangadagskvöld er kalkúnn með fyllingu. Það er alveg ófrávíkjanleg regla," segir Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, fréttakona og sjónvarpskokkur, „Sem meðlæti er heimagert rauðkál og kartöflur sem eru soðnar í kraftinum af kalkúninum, bæði sætar og venjulegar. Svo erum við með salat og yfirleitt tvær tegundir af sósu því þetta er svona kvöld þegar allir eiga að fá það sem þeim þykir best," útskýrir Jóhanna, sem sér um að elda jólamatinn. „Ég er allan aðfangadag í eldhúsinu og finnst það mjög gaman. Á meðan fjölskyldan keyrir út pakkana elda ég matinn," segir hún. „Í eftirmat erum við með heimatilbúinn ís. Ég set möndlu út í ísinn þegar ég bý hann til og svo bræði ég rjómasúkkulaði í vatnsbaði og helli yfir," segir Jóhanna Vigdís.

## SJÁVARRÉTTIR Í FORRÉTT



„Ég er rosalega íhaldssöm á aðfangadagskvöld og er alltaf með hamborgarhrygg, brúnaðar kartöflur, grænar baunir, rauðkál og sveppasósu. Það er búið að vera í fjölskyldunni minni í þrjátíu ár," segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir, sjónvarpskynnir og kokkur. „Ég er alveg til í eitthvert stuð og fjölbreytni aðra daga, en ekki þennan dag. Ég er mjög ánægð með þetta og er ekkert að fara að breyta," útskýrir hún og segist elda sjálf á aðfangadagskvöld. „Ég er búin að taka við af mömmu og nú kemur hún í mat til mín. Hún skottast í kringum mig og hjálpar mér. Þetta er akkúrat búið að snúast við því áður var það ég sem var að skottast í kringum hana í eldhúsinu," bætir hún við og brosir. „Við erum með sjávarrétti í forrétt og síðan er eftirrétturinn breytilegur. Ég er ekki búin að ákveða hvað ég ætla að hafa núna, en er að hugsa um að gera einhvers konar útfærslu af pekan-böku," segir Friðrika.

**- ag**















Kristbjörg Kjeld
Hilmir Snær Guðnason
Gunnar Eyjólfsson
Margrét Vilhjálmsdóttir
Mamma GÓGÓ
KVIKMYND EFTIR Friðrik Þór Friðriksson
FRUMSÝND 1. JANÚAR
LEIKSTJÓRN & HANDRIT FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON AÐALHLUTVERK KRISTBJÖRG KJELD • HILMIR SNÆR GUÐNASON • GUNNAR EYJÓLFSSON • MARGRÉT VILHJÁLMSDÓTTIR • INGA MARÍA VALDIMARSDÓTTIR ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR KVIKMYNDATAKA ARI KRISTINSSON TÓNLIST HILMAR ÖRN HILMARSSON LEIKMYND ÁRNI PÁLL JÓHANNSSON BÚNINGAR HELGA I. STEFÁNSDÓTTIR KLIPPING ANDERS REFN SIGVALDI J. KÁRASON • TOMÁŠ POTOCNÝ HLJÓÐ MERETE MONGSTAD • SIGURÐUR SIGURÐSSON FRAMLEIÐSLU- & FRAMKVÆMDASTJÓRN KATRÍN LOVÍSA INGVADÓTTIR • DAVÍÐ KRISTJÁN CHATHAM PITT FRAMLEIÐENDUR FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON • GUÐRÚN EDDA ÞÓRHANNESDÓTTIR MEÐFRAMLEIÐENDUR EGIL ØDEGÅRD • REINHARD BRUNDIG • ELFAR AÐALSTEINS & GUNNAR CARLSSON STYRKT AF KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS • EURIMAGES • NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM & NORSK FILMINSTITUTT
ICELANDIC Film Centre
Spellbound Productions
NORWEGIANFILMINSTITUTE
svt
sena
EURIMAGES
berserk
PANDORA FILM
Iðnaðarráðuneytið
DOLBY DIGITAL In Selected Theatres
HÁSKÓLABÍÓ
REGNBOGINN
BORGARBÍÓ
SMÁRABÍÓ



> **Susan Boyle**

„Ég vissi vel hvað fólk hugsaði þegar ég gekk inn á sviðið en ég sagði við sjálfa mig að það skipti ekki máli. Þetta væri ekki fegurðarsamkeppni.“

***Boyle vann annað sætið í hæfileikakeppninni Britain"s Got Talent. Í kvöld sýnir Stöð 2 heimildamynd um söngkonuna kl. 19.10.***

# dagskrá

## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2. KL. 20.00**

### Sjálfstætt fólk

Viðmælandi Jóns Ársæls í þessari sérstöku hátíðarútgáfu af Sjálfstæðu fólki er Ólafur Elíasson, einn kunnasti listamaður þjóðarinnar, en hann gefur afar sjaldan færi á viðtali. Meðal mikilvægra og þekktra verkefna sem Ólafur fæst við um þessar mundir er sérstakur glerhjúpur sem hann hannaði og mun umlykja Tónlistar- og ráðstefnuhúsið í miðborg Reykjavíkur.



**VIÐ MÆLUM MEÐ**

**Fréttaaukinn - Jólin í svart hvítu**

**Sjónvarpið kl. 19.35**

Í Fréttaaukanum í kvöld verða rifjaðar upp fréttir af jólahaldi árin 1966-1973 og fjallað m.a. um rafmagnsleysi og prestaskort. Rýnt verður í tískuna frá þessum tíma og vöruúrval verslana skoðað ásamt öðru. Umsjón með þættinum hefur Elín Hirst.




## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Barnatími Stöðvar 2** Friðþjófur forvitni, Lítil prinsessa, Þakbúarnir, Með afa í vasanum, Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
**09.55 Frostrósir 2007** (e)
**11.05 Stórviðburðir í náttúrunni** (4:6)
**11.55 Norrænir jólatónleikar** (Nordisk Juleshow 2009) (e)
**14.00 Íslandsmótið í atskák** Bein útsending frá úrslitaeinvíginu þar sem Arnar Gunnarsson og Sigurbjörn Björnsson eigast við.
**16.00 Jólaþáttur Catherine Tate** (e)
**16.35 Í ríki fálkans** (e)
**17.30 Táknmálsfréttir**
**17.40 Piparkökuhúsið** (e)
**17.55 Elli eldfluga** (3:12)
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Marteinn** (8:8) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Fréttaaukinn - Jólin í svart hvítu**
**20.10 Himinblámi** (Himmelblå) (9:16)
**21.00 Börn náttúrunnar** Kvikmynd eftir Friðrik Þór Friðriksson frá 1992. Aðalhlutverk: Gísli Halldórsson og Sigríður Hagalín. (e)
**22.25 Við elskum Ellu** (We Love Ella - A Tribute to the First Lady of Song) Tónlistarmenn flytja lög sem djasssöngkonan Ella Fitzgerald gerði fræg á ferli sínum.
**23.50 Stóri dagurinn** (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**10.55** Strictly Come Dancing **12.45** Strictly Come Dancing **14.05** Torchwood **14.55** Torchwood **15.45** Torchwood **16.35** Torchwood **17.25** Hotel Babylon **18.20** Hustle **19.10** Hustle **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** Waking the Dead **21.40** Waking the Dead **22.30** Torchwood **23.20** Torchwood **00.10** Torchwood

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2 Lalli**
**08.00 Algjör Sveppi**
**09.25 Scooby-Doo og félagar**
**09.50 Nonni nifteind**
**10.15 Ratatouille** Teiknimynd frá Disney um litla bláa rottu sem er meistarakokkur.
**12.00 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.05 Home Alone 3**
**14.45 So You Think You Can Dance**
**16.05 So You Think You Can Dance**
**16.55 Chuck** (16:22)
**17.45 Oprah**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Íþróttir**
**19.02 Veður**
**19.10 I Dreamed A Dream: The Susan Boyle Story** í þessum þætti er fylgst með einstöku ferðalagi Susan Boyle frá því að vera bókstaflega óþekkt og að verða heimsfræg á einni nóttu.
**20.00 Sjálfstætt fólk** Viðmælandi Jóns Ársæls í þessari sérstöku hátíðarútgáfu er Ólafur Elíasson.
**20.40 The Mentalist** (5:22) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál.
**21.30 Miss Marple - At Bertram's Hotel** Hörkuspennandi morðgáta frá Agöthu Christie. Þegar fröken Marple heimsækir Bertram hótelið er ein þjónustustúlkan myrt á hrottafengin hátt.
**23.05 Return to Paradise** Vinirnir John, Tony og Lewis dvelja um tíma í Malasíu og njóta lífsins. Leiðir skilja og Lewis verður eftir en er handtekinn eftir að í fórum hans finnast eiturlyf sem voru eign þeirra allra. Lewis bíður dauðarefsing og hans eina von um mildari dóm er að John og Tony snúi aftur en geri þeir það þurfa þeir sjálfir að sitja þrjú ár í varðhaldi í Malasíu.
**00.55 The Water Is Wide**
**02.30 Fauteuils d'orchestre**
**04.10 The Mentalist** (5:22)
**04.55 Miss Marple - At Bertram's Hotel**

## SPORT *besta sætið*

**08.50 PGA Tour 2009: Barclays** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**09.45 Man. Utd - Chelsea** Útsending frá úrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
**12.30 President's Cup 2009** Útsending frá Forsetabikarnum þar sem lokadagur mótsins fór fram en kylfingar sýndu allar sínar bestu hliðar.
**18.10 President's Cup 2009** Fjallað er um Forsetabikarinn í golfi. Mótið skoðað frá hinum ýmsu hliðum og hápunktarnir skoðaðir.
**19.05 Bardaginn mikli: Joe Louis - Max Schmeling**
**20.00 Skills Challenge**
**21.30 Skills Challenge**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.40 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll bestu tilþrifin og mörkin á einum stað.
**09.20 Fulham - Tottenham** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**11.00 Burnley - Bolton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**12.40 Mörk dagsins**
**13.20 Arsenal - Aston Villa** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**15.45 Hull - Man. Utd.** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Birmingham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Liverpool - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.20 Man. City - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Hull - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## EXTRA

**15.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**16.10 The Doctors**
**16.55 The Doctors**
**17.40 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**18.30 Seinfeld** (6:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.
**18.55 Seinfeld** (7:22)
**19.20 Seinfeld** (2:22)
**19.45 Seinfeld** (3:22)
**20.10 So You Think You Can Dance** (18:25) Þáttaröð þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.
**21.35 So You Think You Can Dance**
**22.20 Blade** (13:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra sem berst við nýja tegund vampíra sem ætlar sér alger yfirráð yfir mannkyninu.
**23.05 Seinfeld** (6:22)
**23.30 Seinfeld** (7:22)
**23.55 Seinfeld** (2:22)
**00.20 Seinfeld** (3:22)
**00.45 Logi í beinni**
**01.30 Modern Toss** (6:6)
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**17.00 Græðlingur**
**17.30 Tryggvi Þór á alþingi**
**18.00 Maturinn og lífið**
**18.30 Heim og saman**
**19.00 Frumkvöðlar**
**19.30 Björn Bjarna Björn**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Ertu í mat?**
**21.30 Ertu í mat?**
**22.00 Hrafnaþing**
**23.00 Ertu í mat?**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.10 Dr. Phil** (e)
**11.55 Dr. Phil** (e)
**12.40 Dr. Phil** (e)
**13.25 America's Funniest Home Videos** (47:48) (e)
**13.50 The Truth About Beauty** (e)
**14.40 Top Design** (2:10) (e)
**15.30 Innlit/ Útlit** (9:10) (e)
**16.00 Honey** Kvikmynd frá árinu 2003. Honey Daniels, hiphop-dansari, vinnur fyrir sér á bar og í hljómplötubúð þar til hún fær stóra tækifærið. Þegar það kemur uppgötvar hún að frægðin getur verið dýru verði keypt. Aðalhlutverk: Jessica Alba, Mekhi Phifer, Lil' Romeo, Joy Bryant og Missy Elliott
**17.40 Daniel's Daughter** (e)
**19.10 Survivor** (8:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari.
**20.00 Top Gear** (5:12) Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hárbeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun.
**21.00 Law & Order: Special Victims Unit** (16:19) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Samkynhneigður bankamaður er myrtur og grunur beinist að kærasta hans sem er atvinnumaður í íþróttum og gæti tapað öllu ef sannleikurinn um kynhneigð hans kæmi í ljós.
**21.50 Nurse Jackie** (10:12) (e)
**22.20 United States of Tara** (10:12) (e)
**22.50 Dexter** (9:12) (e)
**23.40 Dexter** (10:12) (e)
**00.30 Dexter** (11:12) (e)
**01.20 Dexter** (12:12) (e)
**02.10 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Leatherheads**
**10.00 Monster In Law**
**12.00 Broken Bridges**
**14.00 Leatherheads**
**16.00 Monster In Law**
**18.00 Broken Bridges**
**20.00 Tomorrow Never Dies** Pierce Brosnan er í hlutverki James Bond.
**22.00 Semi-Pro** Gamanmynd með Will Ferrell og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.
**00.00 Zodiac**
**02.35 Antwone Fisher**
**04.35 Semi-Pro**
**06.05 The World Is Not Enough**

## DR 1

**10.10** Julehilsen til Gronland 2009 **11.10** Boxen **11.25** Miss Marple **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Stuart Little 2 **14.55** Fætrene på Torndal **16.30** Hulter til bulter - med Louise og Sebastian **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Tivolivarieté 2006 **19.00** Året der gik **21.00** French Kiss **22.45** National Security

## NRK 1

**10.00** Nordkapp **10.55** Tore på sporet **11.45** Tootsie **13.40** Shrek 2 **15.10** Dynamittgubben - Lornts Morkved **15.40** Norsk attraksjons julekavalkade **16.30** Åpen himmel **17.00** H.C. Andersens eventyr **17.30** Energikampen 2009 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** Året med kongefamilien 2009 **19.45** Harry og Charles **20.35** Alene på Everest **21.35** I kulissene på Harry og Charles **22.05** Losning julenotter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Zorro - den maskerte hevneren

## SVT 1

**10.30** Småskalighetens hjältar **11.30** Vem tror du att du är? **12.30** Nordisk julkonsert **13.30** Dererk Jarman **14.50** Julstämning **15.50** Ruths gubbar **16.45** Inför Idrottsgalan 2010 **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Från Lark Rise till Candleford **18.15** Julkaramell från Minnenas television **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Solens mat **19.30** Sportspegeln **20.00** Damernas detektivbyrå **21.45** John Adams **23.05** Andra Avenyn **23.50** Fotografen Mapplethorpe och hans mecenat


Ein gjöf eftir ? – Opið 10-12

Dúnsokkar
Einstaklega þægilegir.
Tvær stærðir - konur og karlar.
Jólatilboð
6.900,-



TEMPUR
heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir.
Jólatilboð
15.120,-
Original 61cm



TEMPUR
inniskór
Sérlega þægilegir.
Jólatilboð
7.700,-



Joop!
Nýtt á rúmið
Hágæða sængurverasett í miklu úrvali.



Outlast
Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

> **Keira Knightley**

„Það tók mig tíma að venjast því þegar fólk horfði á mig úti á götu. Stundum horfði ég stíft á móti af því ég hélt að ég hefði hitt það áður."

***Knightley fer með aðalhlutverkið í myndinni Love Actually sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 20.25.***



# dagskrá
## annar í jólum

## AÐ KVÖLDI ANNARS Í JÓLUM

### STÖÐ 2 KL. 20.40
### Bedtime Stories

Gamanmynd frá Disney fyrir alla fjölskylduna. Adam Sandler leikur hótelstarfsmann sem finnst fátt skemmtilegra en að segja frændsystkinum sínum ævintýrasögur. Honum bregður heldur betur í brún er hann uppgötvar að sögurnar sem hann hefur sagt hafa á óútskýranlegan hátt vaknað til lífsins.



### ▶ STÖÐ 2 KL. 22.20
### Köld slóð

Íslensk spennumynd. Þegar blaðamaðurinn Baldur kemst að því að faðir hans hafi látið lífið í virkjun úti á landi ákveður hann að ráða sig þar í starf öryggisvarðar í von um að geta komist að því hvað í raun og veru gerðist. Með aðalhlutverk fara Elva Ósk Ólafsdóttir, Helgi Björnsson og Þröstur Leó Gunnarsson.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pálína, Skellibær, Sögustund með Mömmu Marsibil, Tóta trúður, Paddi og Steinn, Tóti og Patti, Ólívía, Úganda, Elías Knár, Paddi og Steinn, Kobbi gegn kisa, Skúli skelfir, Einmitt þannig sögur og Sindbað sæfari.

**11.50 Strákur eins og Hodder** (e)

**13.15 Lubbi** (The Shaggy Dog) (e)

**14.50 Brúðuheimilið** (e)

**16.55 Vermalandsvísan** (e)

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Himinblámi** (Himmelblå) (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.20 Veðurfréttir**

**19.25 Marteinn** (8:8)

**19.55 Í ríki fálkans** Ný íslensk heimildarmynd um lífnaðarhætti fálkans.

**20.50 Norrænir jólatónleikar** (Nordisk Juleshow 2009) Meðal þeirra sem fram koma eru Carola, Dalton, Søs Fenger, Outlandish, Malena Ernman, Michael Bolton, Melody Gardot, Jamie Cullum og Katherine Jenkins ásamt stúlknakór og hljómsveit danska útvarpsins.

**22.55 Friðþæging** (Atonement) Bresk bíómynd frá 2007 byggð á sögu eftir Ian McEwan. Aðalhlutverk: James McAvoy, Keira Knightley, Brenda Blethyn, Julia West, Harriet Walter og Vanessa Redgrave.

**00.55 Fréttaþulurinn Ron Burgundy** (Anchorman: The Legend of Ron Burgundy) Bandarísk gamanmynd frá 2004. Aðalhlutverk: Will Ferrell, Christina Applegate, Paul Rudd og Steve Carell. (e)

**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BBC entertainment

**11.15** Strictly Come Dancing **13.00** Strictly Come Dancing **14.40** Torchwood **15.30** Torchwood **16.20** Torchwood **17.10** Hotel Babylon **18.05** Dalziel and Pascoe **19.00** Little Britain **19.30** Little Britain **20.00** Little Britain **20.30** Little Britain **21.00** Marc Wootton Exposed **21.30** Marc Wootton Exposed **22.00** This Is Dom Joly **22.30** This Is Dom Joly **23.00** The Mighty Boosh **23.30** The Mighty Boosh

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.00 Algjör Sveppi**

**09.45 Scooby Doo**

**10.10 The Santa Clause 2** Jólamynd fyrir alla fjölskylduna. Undanfarin átta ár hefur Scott Calvin staðið vaktina sem einn besti jólasveinn allra tíma. Þegar staðgengill tekur að sér hans hlutverk verður mikið uppnám og jólunum stefnt í stórhættu.

**11.55 Home alone 2** Foreldrar Kevins og systkini hans eru farnir í jólafrí til Hawaii en hann er staddur í New York þessi jól.

**13.55 Snow 2: Brain Freeze** Sjálfstætt framhald myndarinnar Snow sem sýnd var á Stöð 2 um síðustu jól. Það eru þrír dagar til jóla og Nick Snowden - sem er í raun jólasveinn, lendir óhappi og missir minnið.

**15.25 Jingle All the Way** Howard fer rétt fyrir lokun búða á aðfangadagskvöld til að kaupa túrbókarl handa syni sínum en lendir í heljarinnar útistöðum við annan pabba um síðasta eintakið.

**17.00 I'll Be Home for Christmas** Stórskemmtileg gamanmynd um ungan háskólanema í Kaliforníu sem á í stökustu vandræðum með að komast heim til New York fyrir jólin.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.58 Veður**

**19.05 Shrek the Third** Þriðja myndin um vinsælasta græna tröll kvikmyndasögunnar, Skrekk, og vini hans. Skrekkur þarf að hafa uppi á arftaka konungsins í Langtíburtu og herða hann upp fyrir hlutverkið, því hinn sjálfumglaði og vondi Prince Charming bíður átekta og hyggst hrifsa til sín krúnuna.

**20.40 Bedtime Stories** Stórskemmtileg gamanmynd frá Disney með Adam Sandler í aðalhlutverki.

**22.20 Köld slóð** Íslensk spennumynd. Aðalhlutverk: Elva Ósk Ólafsdóttir, Helgi Björnsson og Þröstur Leó Gunnarsson.

**00.00 Gladiator** Fimmföld Óskarsverðlaunamynd.

**02.30 The Kite Runner**

**04.35 Touch of Frost - Endangered Species**

**06.10 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.00 Lemgo - Flensburg** Útsending frá þýska handboltanum.

**10.20 Atvinnumennirnir okkar: Guðjón Valur Sigurðsson**

**10.50 Meistaradeildin - Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 2.11. 1994.

**12.30 President's Cup 2009** Útsending frá þriðja keppnisdegi Forsetabikarsins í golfi en mörg frábær tilþrif litu dagsins ljós.

**18.30 Kobe - Doin' Work** Í þessari mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant. Myndin er eftir Spike Lee.

**20.00 LA Lakers - Cleveland** Útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

**21.50 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto.

**22.20 24/7 Pacquiao - Cotto**

**22.50 24/7 Pacquiao - Cotto**

**23.20 24/7 Pacquiao - Cotto**

**23.50 Box: Manny Pacquiao - Miguel Cotto**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.25 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**09.20 1001 Goals**

**10.15 1001 Goals**

**11.10 1001 Goals**

**12.05 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**12.35 Birmingham - Chelsea** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.50 Man. City - Stoke** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.15 Liverpool - Wolves** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.30 Mörk dagsins** Allir leikir dagsins í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll bestu tilþrifin og mörkin á einum stað.

**20.10 Leikur dagsins**

**21.55 Mörk dagsins**

**22.35 Mörk dagsins**

**23.15 Mörk dagsins**

**23.55 Mörk dagsins**

## EXTRA

**15.00 Jólaréttir Rikku** Í þessum sérstaka jólaþætti býður Rikka þjóðþekktum gestum til jólahlaðborðs þar sem boðið verður upp á áhugaverða blöndu af sígildum og nýstárlegum réttum.

**15.50 Oprah**.

**16.35 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory.

**17.20 Nágrannar**

**17.50 Nágrannar**

**18.15 Nágrannar**

**18.40 Stelpurnar** Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi.

**19.05 Jólagestir Björgvins** Upptaka frá glæsilegum jólatónleikum Björgvins Halldórssonar í Laugardalshöll. Meðal meðsöngvara Björgvins á tónleikunum eru Stefán Hilmarsson, Ragnar Bjarnason, Kristján Jóhannsson, Páll Óskar og Svala og Krummi Björgvinsbörn.

**21.00 10.5. Apocalypse** (1:2) Fyrri hluti stórslysamyndar. Gríðarlega harður jarðskjálfti skekur vesturströnd Bandaríkjanna og veldur miklu tjóni. En ástandið verður fyrst grafalvarlegt þegar tvö kjarnorkuver stórskemmast í skjálftanum.

**22.25 10.5. Apocalypse** (2:2)

**23.50 ER** (21:22)

**00.35 Gilmore Girls**

**01.20 Ally McBeal** (11:23)

**02.05 Oprah**

**02.55 Fréttir Stöðvar 2**

**03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**17.00 Græðlingur**

**17.30 Tryggvi Þór á alþingi**

**18.00 Maturinn og lífið**

**18.30 Heim og saman**

**19.00 Frumkvöðlar**

**19.30 Björn Bjarna**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Ertu í mat?**

**21.30 Ertu í mat?**

**22.00 Hrafnaþing**

**23.00 Ertu í mat?**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**11.00 Dr. Phil** (e)

**11.45 Dr. Phil** (e)

**12.30 Kitchen Nightmares** (8:13) (e)

**13.20 Top Gear** (4:12) (e)

**14.20 America's Funniest Home Videos** (46:48) (e)

**14.50 Ronja Ræningjadóttir** Mynd byggð á ævintýri eftir Astrid Lindgren.

**16.20 Lassie** Fjölskyldumynd fyrir alla fjölskylduna um hundinn Lassie sem býr með 9 ára gömlum vini sínum, Joe Carralough, og fjölskyldu hans.

**18.00 America's Funniest Home Videos** (42:48) (e)

**18.30 Skítamórall 20 ára afmælistónleikar** Upptaka frá tónleikum hljómsveitarinnar Skítamórals í tilefni af 20 ára afmæli sveitarinnar.

**20.00 According to Jim** (17:18) (e)

**20.25 Love Actually** Rómantísk jóla-gamanmynd þar sem sagðar eru sögur ólíkra einstaklinga sem kljást við ástina. Aðalhlutverkin leika Hugh Grant, Coling Firth, Emma Thompson, Keira Knightley, Bill Nighy, Liam Neeson, Laura Linney, Alan Rickman, Martine McCutcheon og Rowan Atkinson.

**22.35 Lost in Translation** Kvikmynd frá árinu 2003 með Bill Murray og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum. Bob Harris, kvikmyndaleikari er staddur í Tókýó að leika í áfengisauglýsingu. Á hótelinu kynnist hann ungri bandarískri konu sem hefur ekkert fyrir stafni á meðan eiginmaður hennar er að vinna í Japan.

**00.20 Lost Treasure of the Grand Canyon** Þriðja myndin af fjórum glænýjum sjónvarpsmyndum í myndaflokknum „Fantasy Adventure Collection".

**01.50 The Jay Leno Show** (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.05 Deck the Halls**

**10.00 The Jane Austen Book Club**

**12.00 Mermaids**

**14.00 Deck the Halls**

**16.00 The Jane Austen Book Club**

**18.00 Mermaids**

**20.00 Goldeneye** Pierce Brosnan er í hlutverki James Bond.

**22.05 What Happens in Vegas...**

**00.00 Legend of Zorro**

**02.10 Flags of Our Fathers**

**04.20 What Happens in Vegas...**

**06.00 Tomorrow Never Dies**

## DR 1

**10.00** Elizabeth I **11.50** Miss Marple **13.25** Café Hack **14.25** Drommen om det hvide slot **16.10** For sondagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea - juler igen! **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Karlas kabale **19.30** Dyrlægens plejeborn **21.10** Kriminalkommissær Barnaby **22.50** Who Am I?

## NRK1

**10.00** Jul i Dovekirken i Bergen **10.45** Tore på sporet **11.35** Norge rundt **12.15** Finding Neverland **13.50** Dankerts jul **14.00** Bergensbanen opnar igjen og igjen og igjen **14.30** Mannen som ikke kunne le **15.50** Jul, jul, strålende jul **17.00** Pippi Langstrompe **17.30** ORPS **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenotter **18.45** Lotto-trekning **18.55** Dizzie Tunes - femti år med gla'låter **19.55** Norsk attraksjons julekavalkade **20.45** Huset Buddenbrook **22.15** Losning julenotter **22.20** Kveldsnytt **22.35** Juleoratoriet

## SVT 1

**10.00** Livet i Fagervik **11.00** På spåret **12.00** Bandy **14.15** Plex **14.45** Inför Idrottsgalan 2010 **14.55** Den ryska modellen **15.50** Nordisk julkonsert **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Fem minuter jul **17.15** Prick och Fläck snöar in **17.25** Småkryp **17.30** Den fjärde kungen **18.00** Guds tre flickor **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stjärnorna på slottet **20.00** Stenhuggaren **21.00** Da Vinci-koden **23.25** Madonna i Malawi


